



Greining á áhrifum ferðapjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum

Höfn, Mývatnssveit og Siglufjörður

Eyrún Jenný Bjarnadóttir
Arnar Þór Jóhannesson
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2016

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurlóð, IS-600 Akureyri
Sími: (+354) 460-8930
Fax: (+354) 460-8919
Rafpóstur: rmf@unak.is
Veffang: www.rmfi.is

Titill: Greining á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum: Höfn, Mývatnssveit og Siglufjörður

Höfundar: Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Kápa: Ásprent-Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála
Prentun: Stell (www.stell.is)

Númer: RMF S-04-2016
ISBN: 978-9935-437-49-5
ISSN: 1670-8857

Forsíðumynd: Hestgerðislón í Suðursveit, A-Skaftafellssýslu. © Þorvarður Árnason.

Öll réttindi áskilin. Skýrsla þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Greining á áhrifum ferðapjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum

Höfn, Mývatnssveit og Siglufjörður

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA
DESEMBER 2016

Efnisyfirlit

Formáli	5
Inngangur	7
<i>Áhrif ferðamennsku og ferðaþjónustu á heimamenn á Íslandi</i>	8
<i>Uppbygging skýrslu</i>	8
Aðferð	11
<i>Viðtöl</i>	11
<i>Spurningakönnun</i>	13
Rannsóknasvæðin: Fjöldi íbúa og gesta	15
<i>Siglufjörður</i>	15
<i>Mývatnssveit</i>	20
<i>Höfn í Hornafirði</i>	22
Siglufjörður – viðtöl	27
<i>Samskipti</i>	27
<i>Upplifun af ferðafólki</i>	28
<i>Áhrif ferðaþjónustu á samfélag</i>	30
<i>Framtíðarsýn</i>	35
<i>Stefna sveitarfélags í ferðamálum</i>	36
<i>Samantekt</i>	37
Mývatnssveit – viðtöl	39
<i>Samskipti</i>	39
<i>Upplifun af ferðafólki</i>	41
<i>Áhrif ferðaþjónustu á samfélag</i>	44
<i>Framtíðarsýn</i>	48
<i>Stefna sveitarfélags í ferðamálum</i>	50
<i>Samantekt</i>	52
Höfn í Hornafirði – viðtöl	55
<i>Samskipti</i>	55
<i>Upplifun af ferðafólki</i>	56
<i>Áhrif ferðaþjónustu á samfélag</i>	57
<i>Framtíðarsýn</i>	63
<i>Stefna sveitarfélags í ferðamálum</i>	65
<i>Samantekt</i>	65
Niðurstöður spurningakönnunar	67
<i>Viðhorf til fjölda ferðamanna</i>	67

<i>Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu.....</i>	<i>72</i>
<i>Áhrif ferðamanna á náttúru.....</i>	<i>78</i>
<i>Áhrif ferðaþjónustu og ferðamennsku á samfélagið</i>	<i>82</i>
<i>Áhrif ferðamanna á lífsgæði heimamanna</i>	<i>89</i>
<i>Áhrif á skipulag og innviði.....</i>	<i>91</i>
<i>Mat á ástandi innviða ferðaþjónustu.....</i>	<i>95</i>
<i>Framtíð ferðaþjónustunnar.....</i>	<i>103</i>
Niðurstöður rannsóknar	107
<i>Það sem samfélögin eiga sammerkt</i>	<i>107</i>
<i>Siglufjörður – samfélagsleg sátt.....</i>	<i>108</i>
<i>Mývatnssveit – viðvörunarljósinn loga!</i>	<i>110</i>
<i>Höfn í Hornafirði – Heimamönnum úthýst!.....</i>	<i>112</i>
Umræður og lokaorð	115
Heimildir.....	117
Viðauki 1: Viðtalsrammi	121
Viðauki 2: Spurningalisti.....	123

Tölur og myndir

Mynd 1 Þróun íbúafjölda á Siglufirði og landinu öllu árin 1998-2016	16
Mynd 2 Áætlaður fjöldi erl. ferðamanna á Siglufirði eftir mánuðum 2004, 2010 og 2013	17
Mynd 3 Ferðalög Íslendinga 2010-2015: Hvaða staði heimsóttir þú innanlands?.....	18
Mynd 4 Áætlaður fjöldi innlendra gesta á Siglufirði 2010-2015	19
Mynd 5 Fjöldi skemmtiferðaskipa á Siglufirði 1999-2015.....	19
Mynd 6 Þróun íbúafjölda í Mývatnssveit og landinu öllu árin 1998-2016	20
Mynd 7 Áætlaður fj. erl. ferðamanna í Mývatnssveit eftir mánuðum 2009, 2013 og 2014 ...	21
Mynd 8 Áætlaður fjöldi innlendra gesta í Mývatnssveit 2010-2015.....	22
Mynd 9 Þróun íbúafjölda á Höfn í Hornafirði og landinu öllu árin 1998-2016	23
Mynd 10 Áætlaður fj. erl. ferðamanna að Höfn eftir mánuðum 2010, 2013, 2014 og 2015..	24
Mynd 11 Ferðalög Íslendinga á Suðurlandi 2010-2015: Hvaða staði heimsóttir þú á ferðalögum innanlands?	25
Mynd 12 Áætlaður fjöldi innlendra ferðamanna á Hornafirði 2010-2015.....	26

Tafla 1 Úrtak og svarhlutfall á hverju svæði	13
Tafla 2 Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímann?	68
Tafla 3 Viðhorf svarenda á Siglufirði til fjölda ferðamanna eftir mánuðum	69
Tafla 4 Viðhorf svarenda í Mývatnssveit til fjölda ferðamanna eftir mánuðum	70
Tafla 5 Viðhorf svarenda á Höfn til fjölda ferðamanna eftir mánuðum.....	71
Tafla 6 Viðhorf svarenda til fjölda ferðamanna á Íslandi á sumrin	72
Tafla 7 Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustu í þínu sveitarfélagi?	73
Tafla 8 Ferðamenn efla hagkerfið í minni heimabyggð.....	74
Tafla 9 Ferðamenn efla verslun í minni heimabyggð	75
Tafla 10 Þjónusta á svæðinu er frekar miðuð að ferðamönnum heldur en heimamönnum ..	76
Tafla 11 Ferðapjónusta eykur fjölbreytni í atvinnulífinu hér á svæðinu	77
Tafla 12 Ferðapjónustan skapar heilsárs störf hér í samfélaginu.....	78
Tafla 13 Ferðamenn kenna okkur að meta eigið land.....	79
Tafla 14 Ferðamenn spilla náttúrunni	80
Tafla 15 Ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúrunni	81
Tafla 16 Ferðamenn spilla upplifun af náttúrunni.....	82
Tafla 17 Ferðamenn valda meira ónæði í mínu daglega lífi en áður.....	83

Tafla 18	Ég er stolt(ur) af því að ferðamenn vilji koma og heimsækja mína heimabyggð	84
Tafla 19	Það myndi engu breyta fyrir samfélagið þó ferðam. myndu hætta að koma hingað	85
Tafla 20	Ferðapjónustan hefur jákvæð áhrif á búsetuskilyrði hér á svæðinu	86
Tafla 21	Vegna aukinna umsvifa í ferðapjónustu er skortur á íbúðarhúsnæði á svæðinu.....	87
Tafla 22	Það er neikvætt að starfsfólk í ferðapjónustu er hér bara tímabundið	88
Tafla 23	Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í minni heimabyggð	89
Tafla 24	Telur þú að ferðamenn í þínu sveitarfélagi hafi áhrif á lífsgæði þín?.....	90
Tafla 25	Hvort telur þú að lífsgæði þín batni eða versni?	91
Tafla 26	Nýjar byggingar sem byggðar hafa verið í ferðapjónustu á svæðinu falla vel að umhverfinu	92
Tafla 27	Almannapjónusta í sveitarfélaginu ræður vel við núverandi fjölda ferðamanna.....	93
Tafla 28	Ferðapjónustu fylgir umferð sem truflar aðra atvinnustarfsemi á svæðinu	94
Tafla 29	Mín heimabyggð getur ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður	95
Tafla 30	Ástand innviða: Vegakerfi.....	96
Tafla 31	Ástand innviða: Almennings­samgöngur	97
Tafla 32	Ástand innviða: Bílastæði	98
Tafla 33	Ástand innviða: Skilti og merkingar	99
Tafla 34	Ástand innviða: Göngustígar og gönguleiðir	100
Tafla 35	Ástand innviða: Fjarskipti	101
Tafla 36	Ástand innviða: Almennings­salerni	102
Tafla 37	Hvað finnst þér um uppbyggingu ferðapjónustu í þinni heimabyggð miðað við fjölgun ferðamanna?	104
Tafla 38	Telur þú að sveitarfélagið hafi skýra framtíðarsýn fyrir ferðapjónustu á svæðinu?	105

FORMÁLI

Snemma árs 2015 úthlutaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið Háskólanum á Akureyri fjármagni til rannsókna í ferðamálum. Háskólinn fól Rannsóknamiðstöð ferðamála umsjón og framkvæmd þessara rannsókna. Ein þeirra var rannsókn á samfélagslegum áhrifum ferðapjónustu og ferðamennsku á einstök samfélög hér á landi. Rannsóknir á samfélagslegum áhrifum eru í hópi þeirra verkefna sem hagsmunaaðilar hafa skilgreint í skýrslunni *Þörfin fyrir rannsóknir í íslenskri ferðapjónustu – greining hagsmunaaðila*, sem Ferðamálastofa gaf út árið 2013. Valin voru þrjú samfélög sem eru áfangastaðir ferðamanna. Þau eru: Siglufjörður, Höfn í Hornafirði og Mývatnssveit. Niðurstöður þessarar rannsóknar eru kynntar í þessari skýrslu.

Rannsóknin var samstarfsverkefni Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri. Skýrsluhöfundar vilja færa ferðamáladeild Háskólans á Hólum bestu þakkir fyrir veitta ráðgjöf í tengslum við rannsóknina. Auk þess er öllum þeim sem veittu upplýsingar og aðstoðuðu við gerð þessarar rannsóknar þakkað gott samstarf. Viðmælendur fá sérstakar þakkir fyrir góðar undirtektir og að gefa sér tíma til þess að taka þátt í þessari rannsókn.

INNGANGUR

Niðurstöður rannsóknarinnar, sem kynntar eru í þessari skýrslu, byggja á greiningu á því hvaða áhrif hinn hraði vöxtur ferðaþjónustunnar samhliða lengra ferðamannatímabili hefur á minni samfélög, íbúa þeirra, menningu og daglegt líf í samfélagslegu tilliti. Þau samfélög sem eru til skoðunar í þessari rannsókn eru: Höfn í Hornafirði, Mývatnssveit og Siglufjörður. Öll eiga þau það sammerkt að mikil uppbygging hefur átt sér stað í ferðaþjónustu á síðustu árum. Rannsóknin hefur beina tengingu við verkefni nr. 10 í greiningu hagsmunaaðila á þörfinni fyrir rannsóknir í íslenskri ferðaþjónustu (Kristján Ólafsson og Oddný Þóra Óladóttir, 2013). Þessi greining, sem Ferðamálastofa stóð fyrir í samvinnu við KPMG, er tilkomin vegna aðgerða sem kveðið er á um í ferðamálaáætlun 2011-2020. Í greiningunni kemur fram að ferðaþjónusta geti „leitt til breytinga á samfélögum og samsetningu þeirra. Breytingarnar geta verið af félagslegum og menningarlegum toga, sem og hagrænum og umhverfislegum“ (Kristján Ólafsson og Oddný Þóra Óladóttir, 2013, bls. 13). Í greiningunni er lagt til að:

- Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu verði könnuð með reglubundnum hætti svo sem með viðhorfskönnun meðal landsmanna.
- Áhrif ferðamennsku á einstök samfélög verði rannsökuð, þar sem lagt er til að þrjár til fjórar samfélagsúttektir verði gerðar á ári.

Í Vegvísi, nýrri ferðamálastefnu stjórnvalda (2015) er ennfremur lögð áhersla á að sátt verði milli atvinnugreinarinnar og heimamanna. „Sérstaklega verði hugað að því að tryggja áfram jákvæð viðhorf heimamanna til atvinnugreinarinnar, meðal annars með virku samráði“ (Atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneytið, 2015, bls. 14).

Rannsóknin sem hér um ræðir tekur til þeirra mögulegu áhrifa sem stafa af ferðamennsku á tilteknu svæði, þar sem skoðað er hvernig íbúar upplifa áhrif aukinnar ferðaþjónustu og ferðamennsku á samfélag og daglegt líf. Rannsóknin skiptist í tvo hluta og stuðst var við blandaðar rannsóknaraðferðir. Í fyrri hlutanum voru tekin hálfopin viðtöl við heimamenn, þ.e. íbúa á stöðunum þremur. Í síðari hlutanum var hannaður spurningalisti m.a. á grunni niðurstaðna viðtalanna sem lagður var fyrir íbúa í símakönnun.

Samhliða þessari rannsókn á samfélagslegum áhrifum ferðamennsku var unnin rannsókn á svæðisbundnum efnahagslegum áhrifum ferðamennsku á sömu svæðum, sem unnin var af Lilju Rögnvaldsdóttur (2016a; 2016b; 2016c). Þessar tvær rannsóknir tengjast nánum böndum og voru hlutar þessarar skýrslu unnir í nánu samstarfi við Lilju.

Áhrif ferðamennsku og ferðaþjónustu á heimamenn á Íslandi

Árið 2014 var staðið fyrir meginlegri spurningakönnun á viðhorfum Íslendinga til ferðafólks og ferðaþjónustu (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2014). Könnunin var unnin fyrir Ferðamálastofu en undirbúningur hennar var unninn í samvinnu við ferðamáladeild Háskólans á Hólum og Rannsóknamiðstöð ferðamála. Um niðurstöðurnar vann Rannsóknamiðstöð ferðamála skýrslu þar sem farið var yfir fræðilegar forsendur rannsókna á samfélagslegum áhrifum ferðaþjónustu og ferðamennsku ásamt því að greina niðurstöður könnunarinnar (Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2015). Á grundvelli þeirra niðurstaðna vann Háskólinn á Hólum framhaldsrannsókn sem unnin var með eigindlegum rannsóknaraðferðum. Þar var farið ofan í saumana á því hvernig heimamenn upplifa ferðamennsku og ferðaþjónustu, hvaða skilning þeir leggja í þessi fyrirbæri og hvaða áhrif þau hafa á daglegt líf þeirra (Guðrún Helgadóttir o.fl., 2016). Rannsókn Háskólans á Hólum náði til fjögurra þéttbýlisstaða: Ísafjarðar, Húsavíkur, Hellu og 101 Reykjavíkur. Gagna var annars vegar aflað með vettvangsrannsóknum og hins vegar með viðtölum við íbúa. Í ljósi þess að í báðum þessum skýrslum er að finna yfirgripsmiklar fræðilegar úttektir á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamennsku á samfélög er fræðileg umfjöllun ekki tíunduð frekar í þessari skýrslu og er þess í stað vísað til ofangreindra verka.

Uppbygging skýrslu

Að loknum inngangi er fjallað um aðferðafræðilegan ramma rannsóknarinnar og framkvæmd hennar. Því næst er kafli um þróun íbúafjölda og gestakoma á svæðunum þremur. Niðurstöður viðtala frá hverjum stað fyrir sig eru settar fram í þremur köflum, fyrst viðtöl sem tekin voru á Siglufirði, síðan viðtölin úr Mývatnssveit og að lokum viðtölin frá Höfn í Hornafirði. Því næst er greint frá niðurstöðum spurningakönnunarinnar. Fjallað er um alla staðina þrjá samtímis og um leið er eftir atvikum vísað í samanburð niðurstaðna úr landskönnun Félagsvísindastofnunnar frá

2014. Loks eru dregnir saman helstu þræðir úr viðtölum og spurningakönnun fyrir hvert svæði, til að skerpa þá mynd sem hefur mótast í gegnum rannsóknina af hinum samfélagslegu áhrifum ferðamennsku og ferðaþjónustu á hverju svæði fyrir sig. Að síðustu eru stutt lokaorð.

AÐFERÐ

Gerð var tilviksrannsókn (e. *case study*) á þremur stöðum, þ.e. Höfn í Hornafirði, Mývatnssveit og Siglufirði. Allir þessir staðir eru þekktir sem áfangastaðir ferðamanna en óhætt er að segja að þeir séu hver á sínum stað m.t.t. þróunar áfangastaðar. Mývatnssveit hefur þannig lengi verið í hópi vinsælustu áfangastaða landsins. Höfn á sér ekki eins langa sögu sem skipulagður áfangastaður en það hefur breyst hratt á undanförunum árum og nýtur hann þar nálægðar við Vatnajökulspjóðgarð. Einnig hefur ferðamennska utan háannar aukist þar töluvert á síðustu misserum. Siglufjörður opnaðist sem áfangastaður með komu Héðinsfjarðarganga 2010 og í kjölfarið hefur átt sér stað mikil uppbygging ferðaþjónustu.

Í gagnaöflun var notast við blandaðar rannsóknaraðferðir, annars vegar með hálfopnum viðtölum við íbúa í bæjarfélögunum og hins vegar með spurningakönnun meðal íbúa. Einnig var byggt á fyrri rannsóknum sem greint var frá hér að framan (Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2014; Guðrún Helgadóttir, ofl. 2016). Mikil og góð vinna var lögð í undirbúning þessara rannsókna og var ákveðið að byggja áfram á þeirri vinnu og eftir fremsta megni samnýta þá spurningaramma sem þróaðir höfðu verið. Þar með myndast grundvöllur fyrir samanburði á ákveðnum þáttum sem verður til þess að myndin af hinum samfélagslegu áhrifum ferðaþjónustu á Íslandi verður skýrari.

Viðtöl

Viðtalsramminn frá rannsókn Háskólans á Hólum lá til grundvallar þess viðtalsramma sem notaður var í þessari rannsókn. Í samráði við sérfræðinga ferðamáladeildar Háskólans á Hólum voru gerðar nokkrar breytingar á viðtalsrammanum auk þess sem hann var stytur¹. Þar sem viðtalsramminn er í grunninn sá sami gefur hann tilefni til samanburðar niðurstaðna við rannsókn Háskólans á Hólum (Guðrún Helgadóttir o.fl., 2016). Viðtalsramminn (sjá viðauka 1) var notaður í öllum bæjarfélögunum þremur en

¹ Í viðtalsrannsókn Háskólans á Hólum var spurt um viðhorf til kynningar og markaðssetningar á heimaslóðum viðmælenda. Þeim hluta var sleppt í þessari rannsókn.

Þar sem viðtölin voru hálfopin gafst einnig möguleiki á að fara út fyrir rammann eftir tilefni.

Fimm meginþemu voru tekin fyrir í viðtölunum:

- Samskipti við ferðamenn
- Upplifun af ferðafólki
- Áhrif ferðaþjónustu á samfélagið
- Framtíðarsýn – tvær mismunandi sviðsmyndir er varða breytingar á komum ferðamanna á svæðið voru settar fram. Önnur snérist um tvöföldun í fjölda ferðamanna og hin snérist um algjört brotthvarf ferðamanna af svæðinu.
- Stefna sveitarfélags í ferðamálum – viðhorf til og vitund um stefnu viðkomandi sveitarfélags í ferðamálum.

Tekin voru fimmtán einstaklingsviðtöl, fimm á hverjum stað. Í ljósi þess að markmið viðtalsrannsóknarinnar var að ná fram vísbendingum um svæðisbundin áhrif ferðaþjónustu og ferðamennsku til að rannsaka nánar í spurningakönnun var lögð áhersla á að ná til einstaklinga sem höfðu fasta búsetu á viðkomandi svæði og höfðu ferðaþjónustu ekki að aðalstarfi. Til að nálgast viðmælendur sem uppfylltu þessi skilyrði var haft samband við samstarfsaðila á öllum svæðunum og þeir voru beðnir um að gefa upp nokkur nöfn einstaklinga sem uppfylltu ofangreind skilyrði. Við það safnaðist dagóður listi nafna sem valið var úr af handahófi. Haft var samband við viðmælendur ýmist með tölvupósti eða símtali þar sem óskað var eftir þátttöku þeirra. Þegar spylar settu sig í samband við þátttakendur voru viðtökur almennt góðar og þátttöku þáðu 15 af þeim 16 einstaklingum sem spylar náðu sambandi við. Þátttakendur höfðu undantekningalítið töluverðan áhuga á rannsókninni og voru tilbúnir til að miðla sinni reynslu.

Viðtölin voru tekin í febrúar og mars 2016. Í Mývatnssveit og á Siglufirði voru viðtölin tekin á staðnum, ýmist á heimilum eða vinnustöðum viðmælenda. Ætlunin var að taka viðtöl með sama hætti á Höfn í Hornafirði en veður setti strik í reikninginn og varð spyrill að aflýsa ferð sinni þangað þar sem vegum var lokað og flugi aflýst. Ekki reyndist mögulegt að finna nýjan tíma fyrir viðtöl og þess í stað voru tekin símaviðtöl. Viðtölin voru frá 30 mínútum og upp í klukkustund að lengd. Öll viðtölin voru hljóðrituð að fyrirframfengnu samþykki viðmælenda. Að viðtölum loknum var unnin samantekt úr

hverju þeirra í samræmi við þemu viðtalsrammans. Fullum trúnaði var heitið við viðmælendur og við úrvinnslu gagnanna hefur þess verið gætt að einstök ummæli verði ekki hægt að rekja til einstaklinga. Í úrvinnslunni var viðmælendum gefinn bókstafur sem táknar það samfélag sem hann býr í og númer frá 1-5 (t.d. H1 = viðmælandi nr. 1 á Höfn).

Í anda fyrirbærafræðinnar var í viðtölunum leitað að skilningi á reynsluheimi viðmælenda. Lögð var áhersla á upplifun, sýn og reynslu viðmælenda. Viðtölin gáfu mynd af því hvernig viðmælendur færðu í orð upplifanir sínar á ferðaþjónustu og ferðamennsku og hvaða skilning þeir lögðu í þessi atriði á þeim tíma sem viðtölin fóru fram.

Spurningakönnun

Spurningakönnunin var lögð fyrir íbúa á svæðunum gegnum síma á tímabilinu 2. – 22. maí 2016. Notað var úrtak úr þjóðskrá úr póstnúmerunum 580², 660 og 780 meðal íbúa á aldrinum 18-70 ára (sjá töflu 1). Á Siglufirði og Höfn var notast við slembiúrtak úr þjóðskrá en í Mývatnssveit var um þýðisúrtak að ræða. Svarhlutfallið var 55-57% að teknu tilliti til þeirra sem ekkert símanúmer höfðu skráð, þeirra sem staddir voru erlendis, eða bjuggu ekki í sveitarfélaginu þrátt fyrir lögheimilisskráningu. Jafnframt voru nokkrir sem gátu ekki svarað vegna tungumálaörðugleika.

Tafla 1 Úrtak og svarhlutfall á hverju svæði

	580 Siglufjörður	660 Mývatnssveit	780 Höfn í Hornafirði
Íbúar 18-70 ára	809	308	1114
Úrtak	456	231	435
Svör	262	127	245
Svarhlutfall	57%	55%	56%

Spurningalistinn (sjá viðauka 2) byggðist upp á bæði lokuðum og opnum spurningum. Listinn var unninn af skýrsluhöfundum vorið 2016 upp úr niðurstöðum viðtalanna. Auk

² Siglufjörður og Ólafsfjörður eru byggðakjarnarnir sem mynda sveitarfélagið Fjallabyggð. Aðeins Siglufjörður var viðfangsefni þessarar rannsóknar.

Þess var hluti spurninganna sambærilegur við spurningarnar í könnun Félagsvísindastofnunar 2014. Með því skapaðist möguleiki á samanburði á niðurstöðum þessara tveggja rannsókna³. Spurningalistinn skiptist í 6 meginþemu fyrir utan grunnbreytur. Þau eru:

- Viðhorf til fjölda ferðamanna
- Efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu
- Áhrif ferðamanna á náttúru
- Áhrif ferðaþjónustu og ferðamennsku á samfélagið
- Áhrif á skipulag og innviði
- Framtíð ferðaþjónustunnar

Við greiningu niðurstaðna var aðallega horft til tveggja þátta. Annars vegar greiningu sem leiddi til samanburðar milli svæðanna þriggja. Þessi hluti greiningarinnar er settur fram í þessari skýrslu. Hins vegar voru niðurstöður spurninga greindar með hliðsjón af nokkrum bakgrunnsbreytum sem greindar voru fyrir hvert svæði og gefnar út í skýrslunni *Áhrif ferðaþjónustu og ferðamennsku á einstök samfélög – niðurstöður símakönnunar á Höfn, Mývatnssveit og Siglufirði 2016* (Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Arnar Þór Jóhannesson, 2016).

Við greiningu voru spurningar á fullyrðingaformi kóðaðar frá einum upp í fimm á eftirfarandi hátt: Mjög ósammála (1), frekar ósammála (2), hvorki né (3), frekar sammála (4) og mjög sammála (5). Stöku sinnum voru notaðir aðrir kvarðar og eru gildin þá tilgreind í viðkomandi töflu. Þessi gildi voru notuð til þess að reikna út meðaltal sem svo er notað til þess að glöggva sig á mun milli svæða. Þar sem um marga hópa var að ræða var gerð Anova dreifigreining í tölfræðiforritinu SPSS. Í umfjöllun um niðurstöður spurningakönnunarinnar er einungis greint frá mun þegar hann er marktækur.

³ Hægt er að bera saman spurningar nr. 8- 9, 11-18, 32-33 og 38-39 við niðurstöður könnunarinnar frá 2014.

RANNSÓKNASVÆÐIN: FJÖLDI ÍBÚA OG GESTA

Siglufjörður


Siglufjörður, sem stendur við samnefndan fjörð sem gengur inn í Tröllaskaga, er annar tveggja þéttbýliskjarna í sveitarfélaginu Fjallabyggð. Sveitarfélagið varð til árið 2006 við sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar. Siglufjörður er girtur háum fjöllum sem lengst af gerðu samgöngur landleiðina mjög erfiðar. Í byrjun 20. aldar óx bærinn hratt í kringum útgerð sem varð undirstaða atvinnulífsins. Á síldarárunum var Siglufjörður miðstöð síldveiða á Íslandi og fimmti stærsti bær landsins með yfir 3.000 í búa (Síldarminjasafn Íslands, án árs). Eftir að síldin hvarf tók við árabíl hnignunar í frumframleiðslugreinum með tilheyrandi fækkun íbúa á staðnum. Síðustu ár hefur dregið úr vægi sjávarútvegs sem undirstöðu atvinnuvegs og þess í stað hefur þjónustustarfsemi og fjarvinnsla fyrir stofnanir fengið aukið vægi ásamt ferðaþjónustu (Siglo.is, án árs). Síldarminjasafn Íslands er á Siglufirði og heldur arfleifð síldarævintýrisins á lofti. Þúsundir gesta hafa heimsótt safnið á hverju ári frá opnun þess árið 1994 en mesta fjölgunin hefur þó átt sér stað undanfarinn hálfan áratuginn. Árið 2010 heimsóttu 11.000 gestir safnið en árið 2016 heimsóttu 25.000 manns safnið (Síldarminjasafn Íslands, 2017).

Árið 2010 urðu kaflaskil í sögu Siglufjarðar þegar Héðinsfjarðargöng voru tekin í gagnið og opnuðu leiðina milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Göngunum var ætlað að efla atvinnulíf, verslun og þjónustu auk þess að snúa við neikvæðri byggðapróun á norðurhluta Tröllaskaga⁴. Með tilkomu gangnanna hafa skapast skapast nýir möguleikar í atvinnumálum á svæðinu, meðal annars í ferðaþjónustu (Þóroddur Bjarnason og Edward. H. Huijbens, 2014; Sigríður K. Þógrímsdóttir og Halldór V. Kristjánsson, 2008). Á Siglufirði er, auk Síldarminjasafns Íslands, meðal annars að finna

⁴ Á árunum 2008-2015 var unnin viðamikil rannsókn sem bar yfirskriftina *Samgöngubætur og byggðapróun: Félagsleg, efnahagsleg og menningarleg áhrif Héðinsfjarðarganga*. Markmið rannsóknarinnar var að leggja heildstætt mat á stöðu Fjallabyggðar og þær breytingar sem vænta mátti í kjölfar opunar gangnanna. Rannsóknin var unnin af háskólakennurum, sérfræðingum og nemendum Háskólans á Akureyri undir stjórn Þórodds Bjarnasonar með tilstyrk Rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar. Nánari upplýsingar um rannsóknina, helstu niðurstöður og útgefið efni má finna á www.byggdathroun.is.

bakarí, sundlaug, tjaldstæði, skíðasvæði, veitinga- og gististaðir og Þjóðlagasetur svo fátt eitt sé nefnt.


Mynd 1 sýnir þróun íbúafjölda á Siglufirði annars vegar og þróun íbúafjölda landsins hins vegar. Frá árinu 1998 hefur íbúum á Siglufirði fækkað úr 1633 í 1203. Á myndinni má glögg sjá að tilkoma Héðinsfjarðargangna árið 2010 hægir á fólksfækkun.



Mynd 1 Þróun íbúafjölda á Siglufirði og landinu öllu árin 1998-2016
Heimild: Hagstofa Íslands, 2016


Á mynd 2 má sjá þróun í áætluðum fjölda erlendra ferðamanna á Siglufirði árin 2004, 2010 og 2013⁵. Árið 2013 var fjöldi erlendra ferðamanna á Siglufirði áætlaður 32.000. Það er tvöfalt meiri fjöldi en árið 2010 þegar hann var 16.000 og þreföldun frá árinu 2004 þegar fjöldinn var 10.500. Árið 2004 komu um 86% erlendra ferðamanna til Siglufjarðar yfir sumartímann en 14% yfir vetrartímann. Hlutfall erlendra gesta yfir sumartímann var 79% árið 2013 og 21% yfir vetrartímann (Rögnvaldur Guðmundsson, 2014). Fjöldi farþega skemmtiferðaskipa er ekki meðtalinn.

⁵ Ekki var unnt að nálgast nýrri gögn um áætlaðan fjölda ferðamanna á Siglufirði en frá 2013.




Mynd 2 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna á Siglufirði eftir mánuðum 2004, 2010 og 2013
 Heimild: Rögnvaldur Guðmundsson, 2014

Mynd 3 lýsir ferðalögum Íslendinga árin 2010-2015 og heimsóknum þeirra á valda staði á Norðurlandi. Á öllum stöðum má greina hlutfallslega fækkun gesta á milli árana 2014 og 2015. Tíðarfar sumarsins 2015 var með eindæmum slakt (Veðurstofa Íslands, 2015) sem óhjákvæmilega hefur sett strik í reikninginn hvað varðar heimsóknir íslenskra gesta þó það hafi minni áhrif meðal erlendra gesta.




Mynd 3 Ferðalög Íslendinga 2010-2015: Hvaða staði heimsóttir þú á ferðalögum innanlands?
 Heimildir: Ferðamálastofa (2011, 2012, 2013, 2014, 2015 og 2016)

Á mynd 4 má sjá áætlaðan fjölda Íslendinga sem heimsótti Mývatnssveit. Áætlaður fjöldi byggir á hlutfallstölum úr rannsóknum Ferðamálastofu sem birtast á mynd 3 hér að ofan. Samkvæmt þeim útreikningum má áætla að sumarið 2015 hafi innlendir gestir Siglufjarðar verið tæp 46 þúsund sem er lækkun um 16,9% frá árinu áður.



Mynd 4 Áætlaður fjöldi innlendra gesta á Siglufirði 2010-2015
 Heimildir: Ferðamálastofa (2011, 2012, 2013, 2014, 2015 og 2016)

Fjöldi farþega skemmtiferðaskipa er almennt ekki talinn með í tölum um fjölda ferðamanna. Af og til hafa skemmtiferðaskip lagt leið sína til Siglufjarðar en á síðustu árum hefur þeim fjölgað umtalsvert, sjá mynd 5.




Mynd 5 Fjöldi skemmtiferðaskipa á Siglufirði 1999-2015
 Heimild: Aníta Elefsen, 2016

Mývatnssveit


Sveitarfélagið Skútustaðahreppur, sem Mývatnssveit tilheyrir, er hálandasti hreppur landsins og jafnframt sá víðlendasti, rúmlega 4900 km² (Skútustaðahreppur, án árs-a). Reykjahlíð er aðalpéttbýliskjarni sveitarfélagsins. Mývatnssveit er í hópi elstu og þekktustu áfangastaða ferðamanna á Íslandi og hefur staðurinn löngum haft mikið aðdráttarafl vegna náttúrufegurðar. Á árum áður voru aðalatvinnuvegirirnir landbúnaður og silungsveiði úr Mývatni. Á sjöunda áratugnum varð Kísiliðjan stærsti vinnuveitandinn á svæðinu allt þar til henni var lokað árið 2004. Í ljósi langrar sögu Mývatnssveitar sem áfangastaðar ferðamanna er þar löng hefð fyrir ferðapjónustu. Í dag eru þar rekin nokkur hótél, veitingastaðir, tjaldsvæði og fleiri fyrirtæki sem tengjast ferðamennsku (Skútustaðahreppur, án árs-b). Mývatnsstofa opnaði árið 2006 (Umhverfisráðuneytið, 2006). Þar er rekin upplýsingamiðstöð og bókunarþjónusta en auk þess stendur Mývatnsstofa fyrir ýmsum viðburðum á svæðinu svo sem Mývatnsmaraboni, Píslargöngu og Jólasveinunum í Dimmuborgum (Mývatnsstofa, án árs).

Mynd 6 sýnir þróun íbúafjölda í Mývatnssveit annars vegar og þróun í fjölda landsmanna hins vegar. Sjá má að frá árinu 1998 hefur íbúum í Mývatnssveit smám saman fækkað en upp úr 2004 (árið sem Kísiliðjan lokaði) fór íbúum að fækka hraðar. Frá árinu 1998 hefur íbúum í Mývatnssveit smám saman fækkað úr 474 í 418 árið 2016.



Mynd 6 Þróun íbúafjölda í Mývatnssveit og landinu öllu árin 1998-2016
Heimild: Hagstofa Íslands, 2016

Mynd 7 sýnir áætlaðan fjölda erlendra ferðamanna í Mývatnssveit eftir mánuðum árin 2009, 2013 og 2014. Samkvæmt þessu er áætlað að erlendum ferðamönnum hafi fjölgað um 104% frá árinu 2009 (119.000 manns) til 2014 (243.000 manns). Greina má skarpar sveiflur milli sumars og vetur en áætlað er að um 75-85% erlendra ferðamanna komi til Mývatnssveitar yfir sumarmánuðina. Töluverða fjölgun má sjá milli ára í apríl og maí. Erlendum ferðamönnum fækkaði hratt í september og október 2014. Líklega hafði gosið í Holuhrauni, sem hófst í ágúst 2014, og gasmengun þaðan áhrif á þá fækkun.




Mynd 7 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna með flugi og ferju í Mývatnssveit eftir mánuðum 2009, 2013 og 2014
Heimild: Rögnvaldur Guðmundsson, 2015

Í ofangreindum tölum eru ótaldir þeir skemmtiferðaskipafarþegar sem hafa viðdvöl í Mývatnssveit. Tölur um fjölda þessara ferðamanna eru á reiki en ljóst er að margir hópar slíkra ferðamanna koma í Mývatnssveit yfir sumartímann. Edward H. Huijbens og Kristinn Berg Gunnarsson (2014) áætluðu fjölda skemmtiferðaskipafarþega í Mývatnssveit út frá gögnum frá fólksflutningafyrirtækinu SBA-Norðurleið sem flytur þangað flesta þá farþega sem koma með skipunum til Akureyri. Þeir áætluðu að sumarið 2013 hafi rúmlega 22.000 farþegar farið til Mývatnssveitar með fyrirtækinu. Rögnvaldur Guðmundsson (2015) áttar að árið 2014 hafi 25.000 farþegar komið til Mývatnssveitar. Yngvi Ragnar Kristjánsson (2016), framkvæmdastjóri Sel-Hótel Mývatns, greindi frá því á Samgönguþingi Markaðsstofu Norðurlands að á

„skipadögum“ komi gjarnan 3-600 farþegar til Mývatnssveitar en á stærstu dögnum komi þangað um 2-3000 farþegar.


Á mynd 8 má sjá áætlaðan fjölda Íslendinga sem heimsótti Mývatnssveit. Áætlaður fjöldi byggir á hlutfallstölum úr rannsóknum Ferðamálastofu sem birtast á mynd 3. Áætlaður fjöldi Íslendinga sem heimsóttu Mývatnssveit hefur verið á bilinu 52-68.000 fram til ársins 2014. Töluverð fækkun virðist hafa átt sér stað milli áronna 2014 og 2015 sem mögulega skýrist af áðurnefndu tíðafari.



Mynd 8 Áætlaður fjöldi innlendra gesta í Mývatnssveit 2010-2015
Heimildir: Ferðamálastofa (2011, 2012, 2013, 2014, 2015 og 2016)

Höfn í Hornafirði

Rétt fyrir aldamótin 1900 tók þéttbýli að myndast á Höfn, fyrst í kringum verslun og þjónustu og síðan kringum útgerð. Sjávarútvegurinn hefur um langt skeið verið undirstaða atvinnulífsins á Höfn og byggir hann á fjölbreyttum veiðum svo sem bolfiskveiðum, síld- og loðnuveiðum að ógleymdum humarveiðum (Sveitarfélagið Hornafjörður, án árs). Á 8. áratugnum gekk bærinn í gegnum mikið uppgangstímabil sem einkenndist af miklum fjölda aðkomufólks sem vann við fiskvinnslu og í byggingargeiranum og íbúum fjölgaði áður en þeim tók að fækka aftur. Mynd 9 sýnir þróun íbúafjölda á Höfn annars vegar og þróun í fjölda landsmanna hins vegar. Frá árinu 1998 hefur íbúum á Höfn smám saman fækkað úr 1830 í 1662 árið 2016.




Mynd 9 Þróun íbúafjölda á Höfn í Hornafirði og landinu öllu árin 1998-2016
Heimild: Hagstofa Íslands, 2016

Höfn er aðalþéttbýliskjarni Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Sveitarfélagið varð til árið 1998 við sameiningu Hornafjarðarbæjar, Hofshrepps, Bæjarhrepps og Borgarhafnarhrepps. Í sveitarfélaginu er að finna margar náttúruperlur svo sem Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, Ingólfshöfða, Skeiðarársand, Skaftafell og Vatnajökul. Allt eru þetta þekktir viðkomustaðir ferðamanna. Ferðaþjónusta hefur vaxið undanfarna áratugi innan sveitarfélagsins (Sveitarfélagið Hornafjörður, án árs). Á Höfn er að finna ýmiss konar þjónustu fyrir ferðamenn svo sem hótél, veitingastaði, söfn og ýmsa afþreyingu (Markaðsstofa Suðurlands, án árs). Þar er á hverju ári haldin Húmarhátíð sem er ein af elstu bæjarhátíðum landsins. Á Höfn er ein af landvörslustöðvum Vatnajökulspjóðgarðs en þar er jafnframt gestastofa sem er upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn (Vatnajökulspjóðgarður, 2013).


Frá árinu 2004 er áætlað að erlendum ferðamönnum á Höfn hafi fjölgað úr 73.000 í 273.000 árið 2015 sem jafngildir 3,7 faldri fjölgun. Áætlað er að erlendum ferðamönnum sem koma til Hafnar að sumri til (júní-ágúst) hafi fjölgað úr 65.000 í 176.000 á tímabilinu og að erlendum ferðamönnum hafi fjölgað úr 8000 í 97.000 á tímabilinu september til maí (Rögnvaldur Guðmundsson, 2016). Mikil fjölgun erlendra ferðamanna utan sumartímans síðustu tvö til þrjú ár er athyglisverð. Mynd 10 gefur til kynna þróun í áætluðum fjölda erlendra ferðamanna á Höfn árin 2010, 2013-2015 en á því tímabili hefur hin mikla aukning í komum ferðamanna til landsins átt sér stað. Áætlað er að fjöldi erlendra ferðamanna á Höfn að sumri til hafi tvöfaldast á tímabilinu;

fjölgað úr 89.000 árið 2010 í 176.000 árið 2015. Utan sumarmánaðanna er áætlað að erlendum ferðamönnum hafi fjölgað úr 15.000 árið 2010 í 97.000 árið 2015 sem er 6,5 föld fjölgun (Rögnvaldur Guðmundsson, 2016).



Mynd 10 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna að Höfn eftir mánuðum 2010, 2013, 2014 og 2015
Heimild: Rögnvaldur Guðmundsson, 2016


Á mynd 11 hafa verið teknar saman heimsóknir Íslendinga á valda staði á Suðurlandi á árunum 2010-2015. Á flestum þessum stöðum má greina fjölgun innlendra gesta á tímabilinu fram til ársins 2013, einkum á stöðunum sem eru fjærst höfuðborgarsvæðinu; Vík, Kirkjubæjarklaustri, Skaftafelli, Jökulsárlóni og Hornafirði. Frá árinu 2013 virðast Íslendingar hafa dregið úr heimsóknum á þessa staði.



	Þingvellir	Geysir/Gullfoss	Þingv./Geysir/Gullfoss	Vestm.eyjar	Vík	Kirkjub.klaustur	Skógar	Eyrarb.	Hornafjörður	Jökulsárlón	Skaftafell	Þórsmörk
■ 2010			28,1%	10,9%	13,4%	9,8%	11,9%	11,6%	9,9%		8,5%	5,6%
■ 2011			27,8%	12,1%	12,1%	9,7%	9,7%	11,8%	7,9%		5,3%	5,0%
■ 2012			26,7%	14,3%	15,1%	13,7%	11,6%	13,3%	10,2%	11,3%	7,8%	6,5%
■ 2013			30,1%	12,2%	19,1%	17,3%	15,1%	13,8%	14,3%	16,3%	11,4%	7,5%
■ 2014			25,1%	14,2%	13,4%	13,1%	12,6%	11,7%	11,7%	10,9%	8,0%	5,5%
■ 2015	20,4%	19,5%		12,0%	10,9%	12,2%	10,6%	9,7%	9,3%	7,5%	7,0%	4,0%

Mynd 11 Ferðalög Íslendinga á Suðurlandi 2010-2015: Hvaða staði heimsóttir þú á ferðalögum innanlands?
 Heimildir: Ferðamálastofa (2011, 2012, 2013, 2014, 2015 og 2016)

Á mynd 12 má sjá áætlaðan fjölda innlendra ferðamanna á Hornafirði. Áætlaður fjöldi byggir á hlutfallstölum úr rannsóknum Ferðamálastofu sem birtast á mynd 11. Áætlað er að rúmlega 30.000 Íslendingar hafi heimsótt Hornafjörð árið 2015. Innlendum gestum hefur fækkað frá árinu 2013 og nemur hlutfallsleg fækkun 33% milli árána 2013 og 2015.



Mynd 12 Áætlaður fjöldi innlendra ferðamanna á Hornafirði 2010-2015
Heimildir: Ferðamálastofa (2011, 2012, 2013, 2014, 2015 og 2016)

SIGLUFJÖRÐUR – VIÐTÖL

Rætt var við fimm einstaklinga búsetta á Siglufirði, þrjá karla og tvær konur. Enginn þeirra hafði ferðapjónustu að aðalstarfi en tveir fengu öðru hverju íhlaupavinnu í greininni. Þrír einstaklingar voru innfæddir Siglufirðingar, tveir voru aðfluttir en höfðu búið í bænum um nokkurt skeið.

Samskipti

Flestir viðmælendur á Siglufirði sögðust hafa smávægileg samskipti við ferðamenn, svo sem að segja til vegar eða veita upplýsingar um ákveðin atriði varðandi staðinn eða nærumhverfið. Í sumum tilfellum lögðu ferðamenn leið sína inn á vinnustaði viðmælenda, þó það séu ekki hefðbundnir ferðapjónustustaðir. Þeir viðmælendur sem sögðu frá þessu tóku samt fram að slíkar heimsóknir séu fátíðar og lítil viðskipti fylgi þeim. Að öðru leyti kváðust viðmælendur hitta ferðamenn helst á fönnum vegi, í matvöruverslun, bakaríi, skíðasvæðinu eða hvar sem er.

Ferðamenn eru duglegir að skoða bæinn í heild sinni þannig að þú hittir þá alls staðar (S4).

Viðmælendurnir voru jákvæðir í garð ferðamanna og töluðu talsvert um það hvernig þeir vilji koma fyrir og hvaða upplifun ferðafólkið muni hafa af staðnum og íbúunum. Öllum viðmælendum þótti það sjálfsagt mál að vísa til vegar eða veita upplýsingar. Voru viðmælendur almennt á því að flestir íbúar – ef ekki allir – væru samtaka í því að bjóða góða þjónustu og gott viðmót. Það væri mikilvægt að ferðafólk upplifði sig velkomið og að heimamenn sýndu því áhuga.

Bara að vera að liði, þetta snýst bara um að gefa sér tíma og láta þau finna að manni sé ekki alveg sama (S2).

Auðvitað reynir maður að hjálpa til ef maður mögulega getur sko og ef maður sér að fólk er eitthvað villt þá hjálpar maður til eða spyr hvort maður getur leiðbeint því eitthvað (S3).

Einn viðmælandi nefndi að hann tæki ferðamenn gjarnan tali og spjallaði oft stuttlega við þá, hvaðan þeir væru o.þ.h. Hann taldi að fólk kynni vel að meta það. Annar einstaklingur hafði unnið lítillega við ferðapjónustu og var þá í tengslum við ferðafólk

á þeim vettvangi en að hans sögn þá hvorki forðast heimamenn samskipti við ferðamennina né loki sig af, heldur lokki ferðamenn heimamenn út.

Upplifun af ferðafólki

Viðmælendur gátu gert nokkuð góða grein fyrir þeim ferðamönnum sem heimsóttu bæinn. Þeir töldu þannig að ferðamannatímabilið væri að lengjast með auknum fjölda ferðamanna yfir vetrartímann. Viðmælendur töldu að meira væri af útlendingum á sumrin en Íslendingar væru fleiri yfir vetrartímann. Nokkrir sögðu þó að ekki væri nóg að gert varðandi vetrarferðamennsku.

Af máli viðmælenda mátti greina að mikið væri um ferðamenn á eigin vegum t.d. 2-4 að ferðast saman, oftast erlenda, en einnig væri mikið um Íslendinga.

Ég hef það á tilfinningunni að það sé mest þannig hér. Fólk á eigin vegum. Fólk sem vill fara út úr venjunni sko. Ekki taka þessa skipulögðu túra heldur gera eitthvað öðruvísi (S5).

Héðinsfjarðagöngin hafa átt mikinn þátt í breytingu á flæði ferðamanna til Siglufjarðar og var mörgum tíðrætt um mikilvægi ganganna.

Auðvitað varð mikil breyting eftir göngin. Ég sagði að þegar göngin komu þá ætti þetta eftir að margfalda túrismann (S2).

Göngin voru náttúrulega algjört breakthrough í þessu [...] það er mikið meira fólk sem er að rúlla hérna í gegn og það er bara miklu meira líf í bænum [...] og ég held að rennslið sé miklu meira hér út af göngunum. Svæðið er miklu opnara (S1).

Skömmu áður en viðtölin fóru fram höfðu talsvert margir Íslendingar verið á svæðinu, aðallega til þess að fara á skíði. Mikið var um barnafjölskyldur og tengdu viðmælendur það við vetrarfrí grunnskólanna á höfuðborgarsvæðinu. Það var þó mál manna að Íslendingar væru líka duglegir að koma í stuttar ferðir, t.d. bíltúr um helgar eða á jólahlaðborð – það væri auðveldara að skreppa á Siglufjörð en áður. Þá kæmu líka margir innlendir ferðamenn á Síldarævintýri um verslunarmannahelgina eða á íþróttamótin sem eru haldin í bænum, t.d. Þæjumótið í ágúst.

Viðmælendur sögðu að einnig kæmu hópar í rútum á svæðið og tengdu það meðal annars við komur skemmtiferðaskipa til Akureyrar. Þeir hópar færu oftast á Síldarminjasafnið.

Það er þínu sérstakt [...] að maður er að sjá aukningu á rútum. Þetta er kannski eitthvað nýtt fyrir manni af því að maður á heima hérna en maður er vanur að sjá þetta á svona túristastöðum sko. Og kannski er það af því að maður á heima hérna að manni finnst þetta ekki vera svo mikill túristastaður en þetta er kannski að verða það (S3).

Hóparnir eru kannski bara miklu stærri að ég tek frekar eftir þeim (S1).

Nokkrir töluðu um að það kæmu sífellt fleiri skemmtiferðaskip inn í höfnina á Siglufirði en stoppuðu stutt, á að giska fimm til sex klukkustundir. Koma þessara skipa inn í fjörðinn og vera farþeganna á svæðinu hefur vakið nokkra eftirtekt hjá íbúunum:

Þetta sem þau hafa gert á Síldarminjasafninu [...] að koma skemmtiferðaskipunum hingað inn. Það hefur gert dálítið mikið. Allavega fyrir augað sko en ég veit ekki hvað þetta fólk skilur eftir sig, þetta er auðvitað ekki langt stopp. En bara sko fyrir augað, að sjá þau koma inn og fara (S5).

Viðmælendur merktu fjölgun í komum þessara skipa og bjuggust við að þeim myndi halda áfram að fjölga. Flestir töldu að fólkið af skemmtiferðaskipunum væri oftast heldur eldra en þeir sem væru að ferðast á eigin vegum.

Einn viðmælandi benti á að það skipti ekki miklu máli hvort ferðamennirnir væru íslenskir eða erlendir en þó væri það þannig að íslenskir ferðamenn væru frekar mögulegir framtíðarviðskiptavinir.

Flestir voru þeirrar skoðunar að fjölgun ferðamanna hefði jákvæð áhrif á bæjarbraginn. Maður væri manns gaman og aukið líf í bænum væri ánægjulegt. Fólk loki sig ekki af vegna ferðamanna heldur drífi sig frekar út og taki þátt. Fyrir vikið verði bæjarbragurinn allur líflegri.

Ég tek þessu frekar fagnandi og fer þá frekar í bæinn. Þú veist, að fara út í bakarí eða á kaffihús, maður er bara miklu meira á ferðinni. Þú ert ekkert að hanga eitthvað meira heima hjá þér eða eitthvað þannig, finnst mér. Líka með tilkomu aukinna ferðamanna þá er kaffihúsið og bakaríið náttúrulega orðið stærra og það er kannski komin meiri kaffihúsamening heldur en var (S1).

Sko Siglufirðingar [...] við förum ekkert rosalega oft út að borða [...]. Samfélagið er aðeins meira heimakært. Þess vegna finnst mér líka æðislegt að fá ferðamenn af því að þá er líka lífið og þá förum við frekar út (S3).

Fólk verður vart við ferðamenn í nágrenni við heimili sín að mynda hitt og þetta eða að spóka sig en það ergir heimamenn ekki. Einnig var bent á að atvinnustarfssemi við höfnina vekji líka forvitni, t.d. þegar löndun er í gangi eða eitthvað verið að brasa á

höfninni. Viðmælendur lýstu því að ferðamenn tækju af þessu myndir, spyrdðu spurninga og vildu jafnvel fá að sigla út á fjörðinn.

Það er ekkert ónæði af þessu fólki eða þannig (S1).

Yfir sumarið er alveg fullt en það hefur aldrei verið fyrir mig neitt svona truflandi (S3).

Áhrif ferðaþjónustu á samfélag

Aðspurðir sögðust viðmælendur að hluta til nýta sér þjónustu ferðaþjónustufyrirtækjanna í bænum. Sögðu þeir að heimamenn nýti sér veitingahúsin, sérstaklega á sumrin og þar myndist oft skemmtileg stemning þegar þau fyllast af fólki.

Það er alltaf skemmtilegt þegar líf er. Það er alltaf gaman. [...] Mér finnst skemmtilegra, gott andrúmsloft hérna og vel tekið á móti fólki. Það er hérna þú veist, veitingastaðirnir fyllast og... þetta skiptir svo ótrúlega miklu máli fyrir bæinn [...] Ég held að öllum finnst gaman að sjá einhver komi. Nema einhver fúll á móti en þeir eru í minnihluta. Ég held að það sé alltaf gaman að sjá að það gangi vel hjá okkur. Mér finnst alltaf gaman að sjá að það er fullt á torginu eða Allanum eða á hótelinu [...] Þetta skiptir máli félagslega, mér finnst bara gaman að fá fólk hingað og veltan í samfélaginu eykst (S2).

Ég er mjög ánægður að sjá líf í bænum, ég væri til í að sjá líf allt árið (S3).

Já... mér finnst allavega, sko í kringum mig þá finnst mér fólk vera almennt, þú veist, það er gaman að fá þetta fólk í bæinn af því að þetta var ekki svona. [...] Það er rosa margt á uppleið og margt í gangi. Miklu meira líf í bænum (S1).

Það er mikil breyting á bæjarbragnum miðað við það hvernig hann var (S4).

Það er svona meira áberandi í sambandi við Rauðku og Hannes Boy sko. Af því að það svo mikið úti á sumrin, þess vegna verður maður meira var við það fólk. [...] Miðdepillinn hefur færst að smábátahöfninni. Og fólk situr þarna úti í sólinni sko. Gul, græn og rauð hús, blá. Og þess vegna vekur það forvitni og fólk fer þangað. Og líka út af því að þar er svo gott skjól þarna fyrir norðanáttinni [...] Þetta er nýi miðbærinn (S5).

Það mátti þó skilja af máli viðmælenda að nokkur munur væri á þessu eftir árstíðum, þar sem á sumrin er mikið líf og margt fólk. Hins vegar dragist starfsemi á vissum stöðum saman eða leggist í dvala yfir vetrartímam þegar færri fólk er í bænum. Þetta var þó ekki algilt. Sumir viðmælendur nefndu að nokkur fyrirtæki hafi lengt opnunartíma og aukið þjónustu allt árið. Dæmi um fyrirtæki sem hafi þannig bætt í var

bakaríð á staðnum sem áður hafi alltaf verið lokað um helgar. Það hefur hins vegar breyst og samfélag heimamanna nýtur góðs af því.

[Bakaríð var] með lokað á laugardögum og sunnudögum en nú hafa þeir opið alltaf og við fórum til dæmis síðasta sunnudag í bakaríð og það var algjörlega smekkkfullt. Það voru reyndar bara Siglfirðingar sko og einhverjir svona gestkomandi Íslendingar (S4).

Eitt ætla ég að koma inn á og það er bakaríð. Það breytti öllu að það opnaði á laugardögum og sunnudögum. Þarna fer ég oft um helgar. Þetta er svona miðstöð þar sem maður hittir fólk sem maður hefði annars ekki hitt. Þarna varð kaffihúsamenning. Þetta rúmast allt þarna einhvern veginn (S3).

Það var samdóma álit viðmælenda að ferðaþjónustan væri mikilvæg atvinnugrein á Siglufirði sem skapaði bæði einstaklingum og bæjarsjóði tekjur. Fyrir utan það að vera atvinnuskapandi hefði ferðaþjónustan einnig atvinnuskapandi áhrif á öðrum sviðum samfélagsins:

Ég held að þetta hafi bara mjög mikil áhrif bara út á við líka. Ef að spurningin er, er þetta mikilvæg atvinnugrein, þá jú það eru fleiri og fleiri farnir að vinna við þetta, skilurðu. En ég held að þetta hafi þá þróun að þú veist, ég bara held að þetta hafi áhrif út frá... til dæmis eins og bakaríð, sundlaugin, þú veist ef maður fer að spá í það líka. Ég held að þetta sé meira [en bara í ferðaþjónustunni] (S3).

Það er alveg klárt mál að þessi geiri skiptir alveg gríðarlega miklu máli fyrir samfélagið (S2).

Mjög mikilvæg [atvinnugrein]. Ég meina, við erum náttúrulega bara smáþorp. Hún er bara alveg mjög mikilvæg. Við höfum svo margt að sýna (S4).

Þar að auki töldu viðmælendur að ferðaþjónustan hefði líka mikil samfélagsleg áhrif á Siglufirði og hefði átt sinn þátt í því þeim miklu breytingum sem orðið hafa á bænum á síðustu árum. Viðmælendur töldu þó erfitt að benda á eitt atriði umfram annað en flestir nefndu þó Héðinsfjarðargöng sem ákveðinn vendipunktur. Fyrst hafi uppbygging hafist við Rauðku og aðrir hafi fylgt í kjölfarið. Sumir viðmælendur horfðu þannig til uppbyggingar hótelsins og Rauðku sem hafi rutt brautina og fyrir vikið gert öðrum aðilum í ferðaþjónustu á Siglufirði auðveldara að komast af stað. Margir vildu meina að uppbygging Rauðku hafi haft góð og hvetjandi áhrif á einstaklinga með góðar hugmyndir, aðra veitingastaði sem og ferðaþjónustuaðila á svæðinu. Einn viðmælendi sagðist vita um unga einstaklinga sem hefðu draum um að koma ákveðinni

viðskiptahugmynd í ferðapjónustu í framkvæmd sem að hans mati hefði aldrei gengið upp fyrir nokkrum árum:

Það hefði ekki verið ofsalega mikil framtíð í því sko hefði þetta hefði ekki gerst allt. Rauðka og hótelið og þetta hefur held ég haft alveg svakalega mikil áhrif fyrir til dæmis aðra staði, bara önnur gistiheimili og matsölustaði. Ég held að þetta hjálpist allt að. Ég held að það sé ekki að vinna á móti neinum (S3).

Viðmælendum var tíðrætt um að bjartsýni og uppgangur hafi almennt aukist í samfélaginu. Þess til marks töluðu þeir um að bæjarbúar hafi sjálfir tekið við sér varðandi viðhald eigna sinna. Að mati viðmælenda er bærinn mun fallegri og skemmtilegri en hann var fyrir áratug og að það ríki þegjandi samkomulag meðal íbúa um að leggja metnað í snyrtimennsku við íbúðarhús sín.

Fólk fer að mála húsin sín og snurfusa, taka þau í gegn (S5).

Um leið og uppbyggingin fór af stað þá fór fólk að hreinsa í kringum sig. Fólk, sem að átti bara hús í niðurníðslu og þessi sumarhús eða fjölskylduhús sem fólk var að koma sjaldan í... það er nú mikið til Rauðku að þakka þegar þeir fóru að taka til svolítið í kringum húsin þannig að það yrði sómi að þessu. Þá smitaðist það ótrúlega mikið til bæjarbúa og fólk fór að gera upp gömul hús þannig að það er sómi af mörgum húsum hérna sem bara voru ógeðsleg. Og þá held ég að bærinn hafi aðeins tekið sig á og fór að sekta fólk sem átti hús í niðurníðslu (S1).

Það hefur orðið rosaleg endurbygging á húsum á Siglufirði og fólk er einhvern veginn að vakna til vitundar. [...]Þetta er bara orðinn allt annar bær en þetta var og mikið, mikið fallegri. Fólk er farið að hugsa betur um [húsin sín] og endurgera mikið af húsnæði (S4).

Ferðapjónustan hefur þannig gegnt lykilhlutverki í breyttum og bættum bæjarbrag. Opnun Héðinsfjarðarganga var, að mati viðmælenda, forsenda fyrir uppbyggingu ferðapjónustu og þeim breytingum sem hafa átt sér stað í bænum. Göngin hafi opnað á tengingu Siglufjarðar við umheiminn og öfugt, bætt búsetuskilyrðin fyrir íbúana og um leið hafi fólk tekið að flytja í bæinn að nýju. Göngin höfðu því stuðlað að auknu lífi og bjartsýni í bænum bæði almennt og í ferðapjónustunni. Margir viðmælendur höfðu sjálfir fundið slíkar breytingar á eigin skinni og það skein í gegn í frásögnum þeirra:

Áður var þetta bara gamalmennabær. Það var engin endurnýjun. [...] ofboðslega lítið af ungu fólki. Aftur á móti núna [hefur ungt fólk] tækifæri til að koma aftur af því að það eru svo miklu meiri atvinnuöguleikar núna heldur en voru áður. Og bara skapa sér í raun og veru atvinnu þarna [...] Við keyrðum í gegnum bæinn [áður fyrr] og það var ekki hræða á götunni og mér fannst þetta svo sérstakt, þú veist þetta var bara einhvern veginn þannig að það var ekki hræðu að sjá, enga bíla, ekki neitt. Núna er þetta einhvern veginn þannig að bærinn er alveg troðfullur, alltaf (S4).

Áður var allt búið eftir versló, bara svartnætti framundan. Það var bara svoleiðis. Það er ekkert langt síðan við vorum að tala um þetta að ég skil ekki hvernig við sko meikuðum þetta. En svo náttúrulega með tilkomu Rauðku og öllu sem því fylgdi og gangnanna náttúrulega sérstaklega að þá jukust náttúrulega búsetuskilyrði hérna bara um þúsund prósent. Í dag finnur maður ekkert fyrir þessu, maður upplifir sig aldrei innilokaðan hérna eins og maður gerði. [...] Það er ekkert að því að búa hérna núna, bara mjög fínt (S1).

Líka bara í sambandi við bjartsýni ef maður spáir bara í það hvað það er miklu skemmtilegra að búa hérna núna heldur en þegar þetta var bara allt á niðurléið. Hvað fólk er miklu bjartsýnna og ánægðara. Maður sér líka kannski yngra fólk, ég veit um tvo svona í yngri kantinum sem eru að reyna að kaupa veitingastað, ég ekkert viss um að það hefði gerst fyrir sjö eða átta árum síðan. [...] Mér finnst jákvæðnin og gleðin um að það sé eitthvað líf hérna, mér finnst hún vera best (S3).

Staðurinn fer ekkert niður úr þessu, held ég (S5).

Ferðamenn eru áberandi á Siglufirði og það var greinilegt að viðmælendur voru forvitnir og fylgdust vel með. Sumir sögðust jafnvel stundum spá í það t.d. hve margir bílar séu fyrir utan hótelið og hvort þeir séu í eigu Siglufirðinga eða utanaðkomandi.

Viðmælendur fullyrtu að það væru aðallega heimamenn sem ættu og rækju ferðaþjónustufyrirtækin, s.s. veitingastaði, kaffihús og gistiheimili. Þeir töldu þó að ekki væru mörg heilsársstörf á svæðinu í tengslum við ferðaþjónustu en þó eitthvað s.s. í tengslum við hótelið. Viðmælendur vissu ekki mörg dæmi um utanaðkomandi einstaklinga, sem ekki hefðu neinar rætur á Siglufirði, sem kæmu þangað til að vinna í ferðaþjónustu. Þó væri eitthvað um að ungir námsmenn annars staðar frá fengju sumarvinnu í ferðaþjónustufyrirtækjum. Þá var það nefnt að fólk væri frekar ófeimið við að taka þátt og reyna að skapa sér atvinnu sjálfst tengda ferðamönnum. Einn orðaði það sem svo að allir vildu fá sneið af kökunni.

Þegar spurt var um aðlögun að breyttum aðstæðum vegna aukins fjölda ferðafólks þá vildu viðmælendur ekki kannast við að hafa þurft að gera miklar breytingar á sínu daglega lífi eða að þeir verði fyrir truflun af völdum ferðamanna.

Það er ekkert ónæði af þessu fólki eða þannig...Mér finnst voða vinalegt að sjá allt þetta fólk (S1).

Ég sé ekki að fjöldi ferðamanna sé neitt vandamál hérna (S2).

Þeir viðurkenndu að stundum væri mikið að gera í versluninni á staðnum vegna ferðafólks en það trúfli yfirleitt ekki íbúana. Nokkrir viðmælendur sögðust kannast við

Það að mjólkinn hefði stöku sinnum klárast í búðinni þegar margt fólk hafi verið í bænum en þeir töldu þetta ekki vera stórt vandamál. Fram kom í nokkrum viðtölum að það hefði þó komið fyrir að ferðamönnum gremjist það þegar það verður vöruskortur en það kæmi sjaldan fyrir.

Allir höfðu skoðanir á ferðaþjónustunni á Siglufirði og sáu í henni fjölmarga vannýtta möguleika bæði í afþreyingu og skipulagi.

Hagsmunir allra er að fá sem flesta ferðamenn hingað [...] ekki bara fá einhverja sem keyra hérna í gegn heldur að reyna að fá svæðið á kortið hjá ferðamönnunum. Og svo er að búa til svona stoppara, hvað ferðamaðurinn á að gera hérna. Það þarf að vera alveg ljóst (S2).

Meira að segja viðurkenndu tveir að þeir hefðu sjálfir hugmyndir í ferðaþjónustu sem þeir gátu jafnvel hugsað sér að hrinda í framkvæmd eða sjá aðra gera það. Einnig töldu viðmælendur að ferðamenn hefðu mikinn áhuga á til dæmis að sigla út á fjörðinn, jafnvel dorga eða skoða áhugaverða staði. Einn viðmælandi sá til dæmis tækifæri í hvalaskoðun frá Siglufirði:

Svo eru engin hvalaskoðunarfyrirtæki hérna fyrir vestan þannig að þetta er ókannað svæði. Þeir aðeins hafa verið [með hvalaskoðun] í Ólafsfirði [...] þá fóru þeir eitthvað aðeins út fyrir. En þetta er alveg ókannað svæði. [...] Þetta er kannski spurning um markaðssetningu. Það má gera miklu, miklu fleira (S5).

Þá voru skipulagðar gönguferðir, skíðamennska og norðurljósaferðir líka nefndar til sögunnar. Einn nefndi vannýtta möguleika í vetrarferðamennsku og í því samhengi var Ólafsfjörður ekki undanskilinn. Reyndar var það ríkt hjá viðmælendum að tala um Siglufjörð sem hluta af stærrri heild og var þá bæði átt við Eyjafjörð og Skagafjörð. Til dæmis væri sniðugt að hafa skipulagðar áætlaniferðir sem færu þennan hring. Raunar var áberandi að fólk hugsaði almennt um svæðið sem stærra en bara Siglufjörð og heimamenn myndu ekki hika við að benda fólki á staði í kring, til dæmis sundlaugina á Hofsósi eða eitthvað þess háttar.

Viðmælendurnir höfðu einnig skoðanir á því hvernig ferðaþjónustufyrirtæki ættu að koma sér á framfæri og að lykilatriði væri að fyrirtækin verði duglegri við það. Þrátt fyrir að Siglufjörður væri ekki stórt þorp þá væri þrátt fyrir allt mjög margt áhugavert að sjá og að staðurinn hefði mikinn sjarma. Ekki væri nóg að koma með góða hugmynd ef enginn vissi af henni. Einnig var nefnt að upplýsingaflæðið mætti vera betra; það

gangi til dæmis ekki fyrir fyrirtæki að auglýsa „venjulegan opnunartíma“, þar sem slíkt væru gagnslausar upplýsingar fyrir ferðamenn. Einnig var nefnt að bæta mætti við upplýsingaskiltum svo ferðamenn gerðu sér betur grein fyrir gönguleiðum. Þá voru sumir þeirrar skoðunar að heimamenn ættu að vera duglegir að dreifa jákvæðum fréttum og tala upp bæinn sinn, til dæmis í gegnum samfélagsmiðla.

Viðmælendur tengdu ekki uppbyggingu innviða mikið við ferðapjónustu, það væri frekar á hinn veginn; ferðamenn kæmu til Siglufjarðar af því að þar væri búið að byggja upp innviði. Það var þó tekið fram að auðveldara væri að halda úti þeirri þjónustu sem nú þegar væri til staðar og hefði verið um langa hríð vegna ferðamannanna.

Framtíðarsýn

Spurt var hverju það myndi breyta að fá tvöfalt fleiri ferðamenn. Almennt voru viðmælendurnir frekar brattir og töldu að það myndi leysast. Ekkert vandamál yrði að taka við fleiri ferðamönnum á veturna enda mikið gistiþláss og margir veitingastaðir á Siglufirði. Viðmælendur töldu að þetta myndi líka alveg ganga á sumrin en töldu þó að það yrði fara mjög varlega til að sérstaða bæjarins myndi ekki glatast.

Tvöfalt fleiri? Já ég held við ráðum alveg við það. Bærinn myndi örugglega alveg anna því (S3).

Það myndi örugglega ganga upp því 1948, 49 og 50 var þetta fimmti stærsti bær á landinu. Hér voru 3100 manns búsettir og 10-15.000 manns á sumrin og það tókst. Bærinn hefur ekkert minnkað eða fjörðurinn (S5).

Viðmælendur vörðu við því að sérstaða bæjarins gæti tapast ef of margir ferðamenn kæmu og því verði að vanda til verka. Ferðamenn séu að leita eftir ákveðinni upplifun sem felist meðal annars í fámenninu og rólegheitunum.

Sérstaðan er þetta litla rólega, fólk er að sækjast eftir því. [...] Ég vil ekki hrúga endalaust inn, ég vil að ferðamennirnir fái upplifunina af því hvað þetta er eiginlega mikil rólegheit og kósí (S3).

Einn viðmælandi var á báðum áttum varðandi hugmyndina um tvöföldun á fjölda ferðamanna, einkum þegar mjög fjölmennar bæjarhátíðir standa yfir. Á slíkum stundum væri því ekki eftirsóknarvert að taka við fleiri ferðamönnum en bærinn beri og mikilvægt sé að sinna ferðamönnum vel og bjóða góða þjónustu.

Ég veit svo sem ekki hvað getur komið hérna á góðum degi en við getum ekki tekið við mikið meir. Og ég held að enginn kæri sig um það af því að það getur enginn sinnt þessu fólki. Eflaust er hægt að bæta aðeins við en ég held að fólk kæri sig ekki um að hafa bæinn stútfullan af fólki. En jú, við gætum örugglega tekið við fleirum dagsdaglega en í sambandi við hátíðirnar, ég er ekki viss um að við getum ekki tekið við mikið fleirum þá. Bara upp á að geta þjónustað þetta fólk (S1).

Engum leist vel á hugmyndina um að ferðamenn myndu hætta að koma. Viðmælendur ímynduðu sér að það yrði mikil afturför og bærinn yrði líkari því sem hann var fyrir 10 árum. Störfum myndi fækka og tekjur dragast saman.

Ég held að [bærinn] myndi bara drabbast niður í það sem hann var (S4).

Ég veit ekki hvort ég myndi vilja búa hérna áfram, ég verð að viðurkenna það. Ég er bara þannig að ég verð að hafa líf í kringum mig. Að þetta verði eins og þetta var, það má ekki gerast (S1).

Jafnframt myndi íbúasamsetningin breytast og færri ungt fólk yrði tilbúið að búa á slíkum stað. Einn viðmælandi taldi þessa framtíðarsýn ólíklega, þar sem Síldarminjasafnið muni t.a.m. alltaf trekkja fólk að.

Stefna sveitarfélags í ferðamálum

Aðeins einn viðmælandi vissi til þess að sveitarfélagið hefði markað ákveðna ferðamálastefnu. Allir héldu því þó fram að áframhaldandi uppbygging væri stefnan, sama hvort það væri skjalfest eða ekki og að áfram ætti að taka vel á móti ferðamönnum.

Þeir eru ábyggilega með einhverja stefnu en ég held að hér sé allt gert bara einka... þú veist, ef einhver ætlar að gera eitthvað þá bara gerir hann það. En eflaust er einhver stefna (S3).

Já, mér finnst það [að áframhaldandi uppbygging sé stefnan]. Ég upplifi allavega ekki að fólk nenni ekki að hafa þetta fólk. Frekar bara að fólk vilji fá sem flesta og bara gera vel (S1).

Umræða viðmælenda um stefnu sveitarfélags í ferðamálum leiddist út í skipulagsmál á Siglufirði. Viðmælendur vissu um nokkra staði sem áttu von á andlitslyftingu á næstunni s.s. golfvöllurinn og skíðasvæðið.

Það er einhver stefna um að það á að gera þennan fína golfvöll og eitthvað svona. Og það er eitthvað uppi á borðinu um að betrumbæta skíðasvæðið. Maður veit svo sem að þessi golfvöllur á að vera eitthvað flott. Einu hugmyndirnar sem ég veit er að

það á að laga einhver svona ljót svæði eins og svæði sem þú sérð þegar þú ert að koma í bæinn, það á að gera þau að grænum svæðum og meira aðlaðandi (S1).

Margir viðmælendur höfðu skoðanir á því hvernig stefnan ætti að vera og hvaða úrbætur þyrfti að gera í bænum. Í því samhengi nefndu viðmælendur að búa ætti til fleiri viðburði eða afþreyingu sem draga til sín virðisaukandi gesti, þar sem nú þegar væri í boði fjölbreytt úrval þjónustu sem nýta mætti betur. Ekki voru þó allir þeirrar skoðunar að það væri endilega hlutverk sveitarfélagsins að standa í slíkri stefnuvinnu, þar sem það sé einnig á ábyrgð atvinnurekenda að koma hreyfingu á hlutina, finna tækifæri sem fær fólk til að dvelja í bænum og skapa tekjur.

Af máli viðmælenda mátti greina að þeir hafi metnað fyrir því að bærin taki vel á móti ferðamönnum og að ennþá sé talsvert svigrúm til staðar til þess að fá fleiri ferðamenn. Það var mat spyrils að heimamenn upplifðu ekki Siglufjörð þannig að hann væri ofsetinn af ferðamönnum. Einn aðilinn lýsti stöðunni ágætlega þegar hann sagði að ferðapjónustan væri mikilvæg atvinnugrein og bætti síðan við að:

...ef rétt er haldið á spilunum getur [ferðapjónustan] orðið mjög blómleg (S1).

Samantekt

Í viðtölunum kom fram talsverð jákvæðni í garð ferðamanna á Siglufirði og virtust heimamenn á Siglufirði sýna ferðamönnum mikinn áhuga. Viðmælendur áttu þó ekki mikil samskipti við þá. Lýsingar heimamanna báru vott af umhyggju í garð ferðamanna. Þeir vildu að ferðamenn upplifðu sig velkomna á Siglufirði og var annt um að þeir fengju gott viðmót og fengju að njóta þess besta sem hægt væri að bjóða í bænum.

Allir viðmælendur álitu ferðapjónustuna vera mikilvæga atvinnugrein á Siglufirði sem skapaði tekjur bæði fyrir sveitarfélagið og íbúa. Töldu þeir einnig að ferðapjónustan hafi jákvæð áhrif á samfélagið og að hún hafi átt sinn þátt í þeim umbótum sem hafi orðið á bænum á undanförunum árum. Bærin væri bæði snyrtilegri og líflegri og heimamenn væru stoltir af því. Opnun Héðinsfjarðargangna tengdi Siglufjörð við umheiminn. Töldu viðmælendur ferðamenn koma til Siglufjarðar einmitt vegna uppbyggingar innviða á borð við göngin. Almennt töldu viðmælendur að vel væri hægt að taka á móti fleiri ferðamönnum á Siglufjörð. Aftur á móti leist þeim illa á að þeir myndu hætta að koma og óttuðust afleiðingarnar fyrir samfélagið ef svo færi.

MÝVATNSSVEIT – VIÐTÖL

Rætt var við fimm þátttakendur í Mývatnssveit, tvær konur og þrjú karla sem allir höfðu búið lengi í Mývatnssveit. Þrír höfðu engar tengingar við ferðaþjónustu. Einn starfaði í verslun og hafði í starfi sínu töluverð samskipti við ferðamenn. Sá síðasti átti maka sem starfaði í ferðaþjónustu allan ársins hring. Viðmælendur voru ýmist búsettir í þorpinu eða í dreifbýlinu kringum vatnið.

Samskipti

Viðmælendur kváðust hitta ferðafólk fyrir hér og þar á svæðinu. Dæmigerð samskipti væru að vísa fólki til vegar t.d. í versluninni á staðnum eða svara spurningum varðandi ákveðin matvæli. Þessi samskipti gengju oftast snurðulaust fyrir sig.

Ég hef náttúrulega ekkert mikil samskipti. Þetta snýst aðallega um það að þau spyrji eitthvað. Þau eru oft að vesenast með mat og spyrja, þá svarar maður (M5).

Einn viðmælandi bar fyrir sig lélegri enskukunnáttu en þó var ekki að skilja á honum annað en að samskiptin gengu vel fyrir sig og hann veigri sér ekki við þeim. Þeir sem bjuggu við vatnið sögðu allir að ferðafólk kæmi upp að íbúðarhúsunum, færi út úr bílnum, tæki myndir og spókaði sig aðeins. Þá væri alltaf eitthvað um að bankað væri upp á í leit að upplýsingum, oftast til að spyrja til vegar. Þeir viðmælendur sem í þessu lentu gerðu ekki mikið úr þessu áreiti og fannst þetta ekki vera stórt vandamál. Þessi samskipti voru nokkrum sinnum á ári hjá sumum en oft á dag hjá öðrum. Dæmi voru um að rútur legðu leið sína að bæjum, stoppuðu á afleggjaranum og hleyptu fólki út til þess að taka myndir. Stöku sinnum hefðu rútur eða einkabílar keyrt upp á hlað. Oftast nær snúa þeir við þar en sumir stoppa til að fara út, oft að leita að einhverju sérstöku.

Ferðamenn koma talsvert mikið, hvítleitt fyrir þá og stundum fyrir okkur. Þeir eru þá að villast. Þeir koma stundum hérna og banka, þetta er nú bara leiðinlegt fyrir þá (M1).

Annar viðmælandi nefndi einnig að oftast væru menn eitthvað að villast þegar þeir væru komnir upp á hlað, gjarnan að leita að gistiheimili eða einhverju slíku. Stundum koma þeir og hringja dyrabjöllunni og eru jafnvel komnir upp að húsinu með ferðatöskur. Einnig nefndi hann að talsvert væri um ljósmyndara sem væru að athafna

sig en hann þyrfti ekki að skipta sér mikið af þeim og þeir trufluðu sig ekki. Hann sagði þó að ýmislegt gæti gerst og tók tveggja daga gamalt dæmi.

Konan mín var nú hérna, ég held að það séu tveir dagar síðan og ekkert sérstakt veður, alls ekki svona gott. Þá tekur hún eftir því að það eru einhverjir þrír túristar hérna við vatnið, undir hraunkambinum og einhverjir þeirra voru komnir út í allsberir að baða sig. Við höfum ekki séð það oft hérna. Þannig að maður getur átt von á öllu mögulegu (M2).

Þeir sem bjuggu í þorpinu urðu ekki mikið varir við ferðafólk þar. Það væri þó ein gata, þar sem væru margir gistingualeikar í boði. Töldu þeir að þar væri áreið trúlega meira og samskiptin við fólk mun meiri. Þar væri meiri umferð erlends ferðafólks og meiri samskipti við íbúa s.s. þegar villst væri á húsum eða bankað upp á til þess að spyrja til vegar. Viðmælendur þekktu til dæma um að bankað hefði verið upp á hjá íbúum í von um að fá þveginn þvott eða eitthvað slíkt.

Einn viðmælandi nefndi að hann tæki ferðafólk stundum upp í bílinn ef það hentaði og annar nefndi að hann þyrfti stundum að aðstoða fólk sem væri að ferðast um á eigin vegum, oftast á bílaleigubílum. Það væri þá jafnvel að fara slóða sem ekki væri búið að moka eða á bílum sem hentuðu ekki aðstæðum. Athyglisvert var að þrír nefndu asíska ferðamenn sérstaklega. Tveir þeirra töldu að þeir hefðu ef til vill ekki mikla reynslu af því að keyra þegar þeir kæmu hingað.

Það er nú oft þannig að þetta fólk virðist ekki vera vant því að keyra bíl. Til dæmis þeir stoppa á miðjum gatnamótum og eru þá að skoða kort hvar þeir eru. Þá eru þeir ekkert að stoppa 10 metrum frá gatnamótunum eða eitthvað svoleiðis, þeir stoppa bara á miðjum gatnamótunum. Maður þarf þá bara að sveigja framhjá. Það er oft sem maður fær á tilfinninguna að þetta fólk sé ekki vant því að keyra bíl, það finnst mér ég verða var við (M2).

Asíumennirnir bera eiginlega af, það er eins og þeir hafi enga reynslu af því að keyra. En elskulegt fólk og það allt saman (M1).

Annar viðmælandi hafði samskipti við ferðafólk í sínu starfi. Hafði hann á orði að samskiptin væru góð heilt yfir en auðvitað væri það misjafnt hvort fólk gerði eitthvað með þær upplýsingar sem það fengi. Stundum væri verið að vara við ákveðnum aðstæðum eða ráðleggja þeim eitthvað og allur gangur væri á því hvort eitthvað væri gert með þær upplýsingar.

Erfiðustu ferðamennirnir ef þú ætlar að segja eitthvað, það eru Asíubúar. Þeir hlusta bara ekkert á þig þó þú sért að segja að þetta sé svona og svona (M3).

Að öðru leyti mættu viðmælendur ferðafólki út um allt án þess að hafa endilega einhver samskipti við það. Flestir nefndu að ferðafólk væri á veginum í kringum Mývatn, hjólandi, gangandi eða akandi. Nefnt var að býsna algengt væri að ferðalangar stöðvuðu bíla sína á veginum til þess að taka myndir. Einn viðmælandi tók það fram að hann hefði ákveðið fyrir tveimur árum að láta slíkt háttalag ekki fara í taugarnir á sér því þá væri hann alltaf öflugur. Í frásögnum viðmælendanna var þó merkjanlegt að þetta væri eitthvað sem angraði íbúa og töluðu þeir um það bæði út frá sjálfum sér og út frá heimamönnum almennt. Sérstaklega var haft á orði að þessu háttalagi fylgdi talsverð slyshætta þar sem hvorki er um beinan né breiðan veg að ræða.

Upplifun af ferðafólki

Þegar spurt var um nánari lýsingu á ferðafólkinu þá voru allir viðmælendur á því að þarna ægði öllu saman. Flestir voru þó sammála um að mikil fjölgun hefði orðið á bílaleigubílum og fólki sem væri að ferðast á eigin vegum. Mjög algengt væri að sjá eitt þar eða tvö t.d. að ferðast saman á litlum bíl. Einn viðmælandi nefndi að miklar breytingar hefðu orðið síðustu ár og mikil fjölgun væri meðal ungs fólks á bílum með innréttaðri svefnaðstöðu. Þetta fólk væri oftast að reyna að ferðast ódýrt, svæfi í bílunum sínum hér og þar um sveitina þar sem það þyrfti ekki að borga. Sömu sögu mætti reyndar segja um stóru húsbílanum.

Fólk er að tjalda hér og þar og það hefur ekki verið hægt að taka á því. Húsbílar á útsýnispöllum og [campers-bílar] að sofa hér og þar (M4).

Þá var einnig talað um ferðamenn sem koma af skemmtiferðaskipunum frá Akureyri. Þeir stoppi aðallega í Skjólbrekku og kaupi kaffi þar en annars séu þeir bara að skoða náttúruperlurnar og það skili ekki miklum tekjum til svæðisins. Þar fyrir utan væru líka aðrir litlir hópar að ferðast saman. Einn viðmælandi tók fram að fararstjórar sæju yfirleitt mjög vel um sína hópa í þessum ferðum.

Allir töldu að mikill meirihluti ferðafólksins væru útlendingar og að heilt yfir væru þeir kurteisari en Íslendingarnir. Flestir töldu heimamenn almennt vera jákvæða gagnvart ferðafólki.

Viðmælendurnir voru einnig spurðir út í umgengni ferðafólks og voru allir á því að flestir gengju vel um og það væri frekar vandamál hve aðstaðan væri bágborin, einkum klósett og ruslamál.

Ég held að [umgengnin] sé almennt góð, þannig. Ég held að það sé frekar upp á okkur hin að klaga, sem sagt að það vanti ruslatunnur og klósett [...] þótt það horfi til betri vegar (M1).

Það er bara ekki gert nóg til að taka á móti fjöldanum. Það er kannski ekki mikið á umgengnina að setja (M5).

Undan ferðafólkinu sjálfu væri lítið hægt að kvarta þótt stundum væri misjafn sauður í mörgu fé. Allir þekktu dæmi um slæma umgengni en viðmælendur töldu það ekki vera stórt vandamál. Einn viðmælandi sagðist t.d. eitt sinn hafa séð reyk út um eldhúsgluggann heima hjá sér, ekki langt í burtu. Þegar hann fór að kanna málið fann hann þar nokkra ferðamenn sem höfðu safnað saman sprekum, kveikt varðeld og höfðu það huggulegt yfir spjalli og bjórdrykkju. Eldurinn var bara á grasi úti í náttúrunni og skildi eftir sig talsvert sár. Hann tók fram að þetta væri einangrað tilvik og alls ekki lýsandi fyrir ferðamenn.

Salernismál voru viðmælendum hugleikin og fólk nefndi í því samhengi að fólk gengi örna sinna hér og þar vegna slæmrar aðstöðu. Því fylgdu bréf sem væru fjúkandi hingað og þangað og eyðast ekki í náttúrunni svo auðveldlega. Það var líka rætt að það væri dýrt að koma á laggirnar og halda úti salernisaðstöðu og enginn vissi hver ætti að standa að því eða borga brúsann.

Fólk er hætt að ganga hér og þar af því að það eru alls staðar skítabréf og það er auðvitað bara fyrir það að það vantar þjónustu fyrir fólknið en hver á að borga fyrir þjónustuna (M5)?

Það hefur ekkert verið frábært aðgengi að salernum (M4).

Það sem vantar hjá okkur er [...] salernisaðstaða fyrir ferðamenn. Hún er í rauninni engin þannig til þess að vera opin fyrir alla (M3).

Það er eftir því hver á landið, hver það er [sem á að sjá um salernismál]. [...] En svo á bara að kosta inn á þetta eins og annars staðar (M1).

Það var þó tekið fram að þetta stæði til bóta, að hluta til að minnsta kosti. Í Dimmuborgum greiði fólk fyrir það að nota salerni en einn viðmælandi sagði þó að

dæmi væru um að fólk hafi farið á bak við klósettin til að létta á sér. Ruslamálin voru, eins og áður var nefnt, rædd í viðtölunum. Því var t.d. velt upp hvort það væri betra að hafa ruslatunnu sem væri illa sinnt eða alls enga. Var nefnt sem dæmi að þegar ruslatunnur fyllast þá setji fólk ruslið við hliðina á með tilheyrandi foki og sóðaskap. Í viðtölunum kom fram að á vorin hafa heimamenn tekið sig saman og hreinsað til í kringum Mývatn. Mæting er iðulega góð og þegar því er lokið hittast þeir sem það vilja, borða saman og fara í jarðböðin. Þannig hefur samfélagið tekið sig saman til þess að reyna að halda svæðinu snyrtilegu.

Við heimamenn hérna förum alltaf í lok maí eða byrjun júní, þá er auglýst að heimamenn fari klukkan þetta og hreinsi í kringum vatnið. Og þá skipuleggur kvenfélagið hluta og íþróttafélagið annan hluta, landeigendur á þessu svæði með annan og maður fer í þann hóp sem maður er vanur að fara í og tínið með þeim. Þetta er kannski tveggja tíma törn. Svo ef menn vilja þá er veisla upp í Jarðböðum á eftir fyrir þá sem það vilja. Það hefur verið ágæt þátttaka í þessu (M2).

Í viðtölunum kom fram að fólk hefur áhyggjur af öryggi ferðafólks á þessum stöðum, sérstaklega að vetrarlagi. Til dæmis upp við Dettifoss þar sem fólk færi ekki mjög varlega þrátt fyrir að þar væri oft mikil hálka og erfitt að fóta sig á veturna. Dæmi voru um að aðstaða á sumum stöðum væri að ganga úr sér og sömuleiðis var rætt um ferðamenn sem fari út af stígum sem einnig getur boðið hættunni heim.

Ég vona að flestir staðir séu öruggir. Auðvitað eru einhverjir stígar orðnir lélegir og svona [...] maður hefur séð í sjónvarpinu staði eins og Leirhnjúk og svona. Það er auðvitað varasamt við Leirhnjúk og við hverina ef þú ert að fara innan við bönd og fólk fer innan við bönd. Þú getur auðvitað stigið niður og skaðbrennt þig (M3).

Eins væri oft erfitt að sjá sprungur og gjótur í hrauninu á veturna þegar snjór væri yfir og slyshættan því talsverð. Hverasvæðið var nefnt sem og vegurinn í kringum Mývatn og í raun væri ótrúlegt hve slysatíðnin væri lág í ljósi þess hve mikil umferðin væri. Aðrir nefndu Grjótagjá sem hugsanlega slysgildru vegna mögulegs hruns og að ágangurinn væri orðinn heldur mikill þar.

Sumir fara í það þó það sé mjög heitt sko, aðrir þrifa af sér föt og svona, það finnst manni hvítleitt og skilja jafnvel eftir nærbuxur eða einhvern fjandann sem þau nenna ekki að taka með sér eða gleyma og svolítið er um það að fólk er að reyna að gista á svona stöðum, sem sagt það leggur bílunum sínum þarna rétt hjá, er nóttina þarna og er að nota þetta eitthvað. Það þurrar man svolítið. Það er náttúrulega engin gæsla þar. [...] Þarna er stöðugur straumur af fólki. Þetta er hættulegur staður. Það er engin spurning (M2).

Ég held að það þurfi að loka henni. Fólk er farið að baða sig þarna, sofa þarna, vaska upp og þvott og jafnvel gengið svo langt að fólk hafi gengið örna sinna bara á steinunum þarna niðri. Það er frekar sorglegt (M4).

Nokkrir viðmælendur tóku fram að mikill sómi væri að aðstöðunni sem Landgræðslan hefði byggt upp í Dimmuborgum en þar eru komnir malbikaðir stígar. Var það mál manna að það þyrfti að gera á fleiri stöðum.

Þegar viðmælendur voru spurðir út í mögulega nýja áfangastaði fyrir ferðafólk í sveitinni þá töldu flestir að það væri nóg af stöðum. Viðmælendur undirstrikuðu að ef nýir staðir yrðu teknir í notkun þá yrði að byggja upp þjónustu, stíga, salerni, vegi, bílastæði og svo framvegis. Einn viðmælandi benti á að Mývatn sjálft væri afar lítið nýtt, það mætti t.d. sigla með ferðamenn þar í ríkari mæli.

Áhrif ferðapjónustu á samfélag

Allir sem rætt var við töldu að ferðapjónustan væri afar mikilvæg fyrir íbúa á svæðinu, sérstaklega þegar sífellt fleiri íbúar hefðu heilsársatvinnu í greininni. Einn viðmælandi taldi að það væru ekki færri heilsársstörf í boði við ferðapjónustu en hefðu verið í Kísiliðjunni sem hafði 40-50 starfsmenn áður en henni var lokað.

Að mati viðmælenda fylgir auknum ferðamannastraumi meiri atvinna og meira líf og sé það vel. Nefnt var að ungt fólk sé byrjað að flytja aftur á svæðið en það hefði verið óhugsandi ef ekki væri næga atvinnu að fá. Eins var talað um að nokkur uppbygging væri að eiga sér stað í samfélaginu. Verið sé að byggja einbýlishús og nýja heilsugæslu auk þess sem leikskólinn sé fullsetinn. Flestir sögðu að ferðapjónustan væri trúlega mikilvægasta atvinnugreinin á svæðinu. Ferðamannatímabilið væri alltaf að lengjast og sumir sögðu að það væru engir dauðir mánuðir lengur, allir voru að minnsta kosti sammála um að það hefði lengst verulega.

Þetta er orðin mikilvægasta atvinnugreinin hérna. Ég held að það sé óhætt að segja það [...] Það er mikið líf hérna og það fá allir vinnu (M4).

Mjög mikilvæg atvinnugrein. Meira en annar hver bóndi hérna í sveitinni er kominn í ferðapjónustu (M2).

Ég myndi segja að þetta væri stærsta atvinnugreinin hérna í dag. Það eru ferðamennirnir hérna (M3).

Já sérstaklega eftir að þetta varð heilsárs, þá er ekkert atvinnuleysi (M1).

Einn af þeim sem rætt var við og starfar í ferðapjónustu telur að þetta sé mikilvægasta atvinnugreinin á svæðinu og að íbúar séu almennt jákvæðir í garð ferðamanna.

Ekkert okkar sem er hérna í Mývatnssveit og vinnur við ferðapjónustu vill missa þá, ekki einn einasti held ég (M3).

Þessi viðmælandi bætti við að ferðapjónustan nýtist heimamönnum líka á ýmsan máta og betra sé að huga að því fremur en neikvæðum hliðum hennar, þó rétt sé að gefa þeim gaum og lagfæra. Annar aðili benti á að heilsársstörfin, sem verði til, séu flest þokkalega launuð og mun betur en árstíðabundnu störfin. Ekki voru þó allir sammála þessu. Annar viðmælandi benti t.d. á að störf í ferðapjónustu væru láglounastörf og vinnutími leiðinlegur. Reiknaði hann með því að fólk myndi frekar kjósa að starfa við eitthvað annað væri það í boði. Hann taldi jafnframt ólíklegt að þeir sem starfi við annað, vilji komast í ferðapjónustustörf.

Það voru þó allir sammála um að ferðapjónustan hefði jákvæð áhrif fyrir ungt fólk yfir sumarið. Mjög margir námsmenn komi og vinni á sumrin á svæðinu og geti þá unnið eins mikið og þeir vilja. Yfir vetrartímann er það aðallega heimafólk sem vinnur við ferðapjónustu en á sumrin komi skólafólkið til baka auk þess sem mjög mikið af útlendingum komi þá til þess að vinna.

Nefnt var að margir bændur hafi breytt um stefnu og farið í auknum mæli að reka ferðapjónustu frekar en að starfa við hefðbundinn landbúnað. Þannig séu nokkuð mörg ferðapjónustufyrirtæki í eigu heimamanna, til dæmis hótél. Var það mál manna að nú orðið væri reynt að halda þessari starfsemi gangandi allan ársins hring. Viðmælendur töldu þó að flest hótélín á svæðinu væru í eigu aðkomumanna. Rætt var að heimamenn hafi hægt og rólega byggt upp sína starfsemi, breytt íbúðarhúsum eða fjósum. Stóru hótélín hafi aftur á móti komið inn með meira trukki.

Misjafnt var hvort og í hve miklum mæli viðmælendur höfðu aðlagð sig breyttum aðstæðum vegna aukins fjölda ferðafólks í Mývatnssveit. Flestir nefndu verslunina á staðnum sem væri yfirfull á sumrin og biðraðir út úr búðinni auk þess sem engin bílastæði væri að fá. Þess utan gat borið á vöruskorti. Greina mátti af máli viðmælenda að það pirraði fólk að standa lengi í biðröð og fá ekki bílastæði. Viðmælendur voru

flestir farnir að stíla upp á það yfir háannatímamann að fara annað hvort ekki í búðina eða tímasetja verslunarferðina á öðrum tímum en ferðamennirnir og stýra þannig framhjá mesta erlinum.

Maður fer að átta sig á því að það er best kannski best að fara [í búðina] alveg fyrst á morgnana eða seint á kvöldin. Fara þegar fólk er komið í ró (M4).

Ég fer helst ekki í búðina á sumrin því þó þú ætlir að kaupa þér einn lítra af mjólk þá tekur það þig hálf tíma lágmark (M5).

Snemma á vorin hætti ég að fara í búðina að kaupa ís og fer ekki aftur fyrr en á haustin því ég þoli ekki biðraðir. Ástandið er þannig að verslunin er svo lítil og það er oft ekki einu sinni pláss á planinu og ekki inni í búðinni heldur. Þetta er bara hræðilegt. Þetta er svona það sem pirrar íbúana einna mest, sem sagt þetta. Ekki fólkíð endilega heldur bara þetta er svo lítið að þetta ber þetta ekki sem pirrar (M1).

Ástandið í matvörubúðinni sem og á bílplaninu fyrir utan hana bar oft á góma. Verslunin og bílplanið væru einfaldlega alltof lítil fyrir þann fjölda sem væri á svæðinu. Tekið var dæmi af ferðafólki sem leggi bílnum sínum á planinu við verslunina og fari svo í skipulagða ferð í Öskju með rútum. Það verði til þess að þeir sem komi að versla yfir daginn fá ekki bílastæði sem veldur pirringi meðal heimamanna.

Viðmælendur sögðust annars ekki sækja mikið í hefðbundna ferðamannastaði á svæðinu, sérstaklega ekki yfir sumartímamann. Ýmist var það vegna þess að þar megi búast við miklu fjölmenni, þeir hafi séð þessa staði oft áður eða einfaldlega vegna anna í þeirra daglega lífi.

Þeir [ferðamennirnir] eru alls staðar hérna á sumrin, maður fer ekki á ferðamannastaðina á sumrin. Ég fer ekki mikið í gönguferðir hérna sem að ég hef gert oft áður. Og ég forðast að fara á staði þar sem ég veit að er fullt af ferðamönnum eins og að fara í búð og veitingastaði eða eitthvað svoleiðis. [Spyrill: En náttúruperlur?] Já, ég fer ekki. Ég fer frekar á vorin og haustin. Af því að það eru svo margir að maður nennir ekki að fara (M5).

Maður kannski breytir aðeins sínu svolítið eftir þessu eins og á sumrin þegar mest er, ég fer ekki í Dimmuborgir að labba eða voðalega sjaldan. [...] Á sumrin eru það bara þeir allra hörðustu sem nenna að fara í jarðböðin, ég fór þangað einu sinni í sumar og það var alveg nóg (M4).

Það var samdóma álit viðmælenda að ferðamannatímabilið hefði lengst en þó mátti greina mun á því hvernig um það var talað. Sumir töluðu um að hótelin væru hálf tóm sjö mánuði á ári á meðan aðrir töluðu um að það núorðið væri töluverður fjöldi

ferðamanna á svæðinu allt árið um kring. Allir voru sammála um að breytingarnar undanfarin ár væru miklar.

Það hefur aldrei verið svona mikið að gera [að vetri] eins og núna. Þetta er bara meira og meira af ferðamanni. Það hefur alveg verið að aukast síðustu 10 ár. [...] Og nú eru bara fleiri menn sem eru að þjónusta fólk (M3).

Áður fyrr var eiginlega engin umferð, ein og ein rúta og einhverjir að hjóla (M4).

Einn viðmælandi nefndi að nægt framboð á gistiplássi gerði það að verkum að nú væri hægt að þjónusta stóra hópa á veturna. Í því sambandi nefndi hann að Mývatnssveit væri álitlegur kostur fyrir þá sem eru að taka upp kvikmyndir á veturna.

Viðmælendur töldu að lengra ferðamannatímabili hafi fylgt aukin þjónusta og að lengri opnunartími verslunarinnar á staðnum ásamt Jarðböðunum sé því til vitnisburðar.

Á veturna líta kannski fleiri á jákvæðu hliðarnar, við erum með opinn pitsustað og veitingastað og búðin er opin alla daga til sex og það eru náttúrulega hlutir sem voru ekki áður en ferðamennirnir komu. [...] Stærsta breytingin er Jarðböðin sem verða svo aftur til þess að sundlaugin lokar, sem er svo kannski annað mál (M4).

Ég hef ekki nokkra trú á öðru en að ef það væri ekki fyrir ferðamennina þá væri ekki opið [í versluninni] svona lengi á sumrin. En það er reyndar opið alla daga yfir veturinn líka en ferðamenn eru [einnig] mikið hér á veturna (M5).

Skiptar skoðanir voru um hvort aukinn fjöldi ferðamanna hefði áhrif á aðra þjónustu á svæðinu. Nefnt var að heilsugæslan væri t.a.m. að flytja úr óhentugu húsnæði yfir í nýtt og vildu sumir viðmælendur tengja það við aukinn fjölda ferðamanna. Einn einstaklingur nefndi sameiginlega afgreiðslu pósts og sparisjóðs og taldi að ef ekki væri fyrir ferðamennina þá væri sú þjónusta varla lengur til staðar. Aðra uppbyggingu hins opinbera tengdu viðmælendur ekki við aukinn ferðamannastraum. Þó var það reifað að Vegagerðin væri ef til vill með hærra þjónustustig en áður. Það væri samt ekki eitthvað sem nýttist heimamönnum heldur væru um að ræða vegir að ferðmannastöðum. Viðmælendur voru á þeirri skoðun að þjóðvegur 1 yrði alltaf þjónustaður, sama hvort væri fyrir ferðafólk eða ekki. Það kom þó fram að hjálparsveitin eða aðrir þyrftu oft að aðstoða ferðafólk að vetrarlagi, oftast erlent ferðafólk.

Allur gangur var á því hvort viðmælendur nýttu sér þjónustu ferðaþjónustufyrirtækjanna. Þrír sögðust nýta sér þessa staði en tveir sögðust ekki gera mikið af því. Einn viðmælandinn sagðist fara í Jarðböðin af og til og annar sagðist fara talsvert á kaffihús eða veitingastaði. Þriðji aðilinn sagði það býsna algengt að heimafólk nýtti þetta, t.d. Jarðböðin eða fá sér kaffi á einhverjum góðum stað. Annar þeirra sem nýtir sér lítið þessa þjónustu sagði þó að heimamenn nýttu þetta talsvert, sérstaklega á veturna.

Veitingastaðirnir hafa líka byggst upp hérna en þeir eru bara fullir á sumrin líka. Maður nennir ekki að panta með margra daga fyrirvara og vera í troðfullu húsi þannig að maður fer ekkert. Við förum frekar á vorin og haustin hérna á veitingastaðina. Manni dettur ekki í hug að fara yfir mitt sumarið (M5).

Framtíðarsýn

Viðmælendur voru beðnir um að ímynda sér að tvöfalt fleiri ferðamenn kæmu á næstu árum og hvaða afleiðingar það myndi hafa. Flestir voru á því að það væri komið nóg af ferðafólki í bili, að minnsta kosti þangað til að farið yrði í verulega uppbyggingu.

Við getum ekki tekið við tvöfalt fleiri ferðamönnum en eru hérna núna. Það yrði eitthvað stórkostlegt að gerast til þess að það gengi upp (M3).

Mér finnst þetta nú farið að verða nóg (M2).

Ef þú spyrð mig sem íbúa, ég sé engan hag af því að fá fleiri túrista hérna í bili. Allavega ekki fleiri hótél. Til að auka álagið enn yfir sumarið (M4).

Ég held bara að eins og staðan er þá ráðum við ekki við meira. En ég held að við höfum ekkert val. [...] Mér finnst að við þurfum að byggja meira upp og vera með meiri þjónustu. Bara þetta eins og með klósett. Þetta þarf að vera til staðar ef við ætlum að taka á móti fólki. Ég held að við höfum ekkert val. Fólk kemur þó við viljum það ekki (M5).

Einn viðmælandi nefndi að sér litist ekkert illa á frekari fjölgun ef ráðist yrði í umfangsmiklar umbætur, til dæmis malbikun stíga, lagningu hjólreiðastíga í kringum Mývatn og ýmislegt annað. Hann hefði þó áhyggjur af því hvernig upplifunin yrði fyrir ferðamanninn þegar það yrðu komnir tvöfalt fleiri. Annar viðmælandi tók í sama streng; það væri ekkert athugasvert við það að fá fleiri ferðamenn ef svæðið yrði undir það búið, nóg væri plássíð.

Fram kom að til stæði að byggja fleiri hótél og stækka annað en greinilegt var að fólk hafði áhyggjur af því hvaða áhrif það myndi hafa á ásýnd svæðisins.

Manni finnst það svolítið yfirþyrmandi. Maður er svo sem ekkert að amast yfir ferðamönnum ef það er vel af þeim búið og aðstaðan sem að ætlast er til að þeim sé [útbúin], hún sé ekki þannig að það eyðileggist landið (M2).

Skipulagsvandinn kom upp nokkuð oft í viðtölunum og töldu viðmælendur að hann stæði sveitarfélaginu fyrir þrifum. Einn viðmælandi taldi að sveitarfélagið ætti þar erfitt um vik, þar sem það eigi lítið eða ekkert land sjálft. Ef byggja þyrfti upp eða breyta þjónustu væri öll vinna háð samkomulagi við landeigendur. Viðmælandinn nefndi nokkrar tillögur til umbóta s.s. að færa mætti búðina og upplýsingamiðstöðina úr kjarnanum. Einnig þyrfti að byggja betur upp ferðamannastaðina og gera göngustíga en það sé mjög erfitt þar sem sveitarfélagið getur ekki gert mikið án þess að vera með landeigendur með sér í liði.

[Hið opinbera] er með skipulagsvaldið en þarf alltaf að berjast við landeigendur. [...] Mér finnst sveitarfélög og ríki ekki ná að fylgja eftir. Þetta eru bara peningar sem bara flæða hérna inn og það eru einkaaðilar sem reisa upp og svo þurfa hinir bara einhvern veginn að dansa með og ná ekkert að halda í við þetta (M4).

Þar að auki var nefnt að sveitarfélagið væri illa statt fjárhagslega hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að ráðast í brýna uppbyggingu, t.d. uppsetningu skólphreinsistöðvar. Annar viðmælandi hafði áhyggjur af vaxandi vanda í frárennismálum ef enn fjölgaði í hópi ferðamanna.

Flestum viðmælendum fannst hins vegar óhugsandi að ímynda sér að ferðamenn myndu hætta að koma til Mývatnssveitar.

Það myndi vera skelfilegt ef þetta myndi lognast út af, bara allt í einu. Og það er það sem maður er hræddur við. Og þess vegna finnst manni komi til á að hægja á (M4).

Það er engin smá fjárfesting sem er búið að leggja í og bara byggja upp. Það er svo mikið af smáfyrirtækjum sem eru með smá gistingu, eru með herbergi og eru alltaf að bæta smávegis við. Þetta yrði ægilegur skellur ef þetta hyrfi. Og þetta helst allt í hendur. Þó svo Jarðböðin eru ekki með gistingu þá eru Jarðböðin að taka við öllum þessum ferðamönnum. Og ef það yrðu ekki eftir nema þessir 350 manns sem eiga heima í þessu sveitarfélagi þá yrði þetta mjög dapurt (M3).

Nefnt var að þá yrði öll fjárfestingin sem búið væri að ráðast í fyrir bí. Það væri áhyggjuefni ef fólk myndi missa vinnuna, samfélagið gæti lognast út af. Einn

viðmælandi nefndi að þetta væri útilokað þar sem ferðamennirnir héldu hagkerfinu gangandi. Annar taldi að fækkun ferðamanna myndi ekki snerta hann að nokkru öðru leyti en því að fólki myndi bara fækka á svæðinu.

Stefna sveitarfélags í ferðamálum

Almennt töldu viðmælendur sig ekki vita hvort sveitarfélagið hefði markað formlega stefnu í ferðamálum. Einn aðili sagði reyndar að það væri eins og að stefnan væri að byggja allt á ferðaþjónustu, sama hvort það væri opinber stefna eða ekki.

Það má ekki virkja meira, það má ekki gera neitt nema það heiti ferðaþjónusta (M5).

Annar viðmælandi taldi sig vita að stefnumótunarvinna væri í gangi, móta ætti ramma varðandi fjölda gistiheimila og slíkt. Þá væri einnig búið að ákveða að leyfa ekki fleiri gistiheimili í þorpinu. Fram kom að rík samstaða væri meðal íbúa í þéttbýliskjarnanum að frekari gistiheimilavæðing væri ekki æskileg. Einn viðmælandinn sagði frá því að í einni götunni hafi tvö húsanna nýverið verið auglýst til gistingar til skamms tíma með tilheyrandi umferð ferðafólks í götunni. Það féll ekki vel í kramið hjá íbúum götunnar, sem stóðu saman um að þessi atvinnustarfsemi væri ekki hentug á þessum stað. Þannig hafi íbúar gripið til sinna ráða og stöðvað þessa starfsemi.

Viðmælendur voru almennt þeirrar skoðunar að kominn væri tími til þess að hægja á uppbyggingu gistirýma og mikilvægara væri að byggja á fleiri stoðum atvinnulífs til að bæta samfélagið í Mývatnssveit. Því til marks var nefnt að landbúnaður væri mjög takmarkaður í sveitarfélaginu, enda landið ekki mjög hentugt fyrir hefðbundinn landbúnað. Fram kom að sífellt fleiri og fleiri bæir í kringum vatnið væru ekki með heilsársbúsetu. Sumir nefndu að það væri mikilvægt að bjóða upp á fjölbreyttara atvinnulíf til þess að bæta búsetuskilyrði á svæðinu. Sérstaklega væri æskilegt að fjölga ungu fólki í sveitarfélaginu. Þrátt fyrir að mörg börn séu núna í leikskólanum á svæðinu sé staðan önnur í grunnskólanum og með sama áframhaldi geti orðið erfitt að halda úti grunnskólastarfi. Ferðaþjónustan sé ágæt atvinnugrein en hún hvorki geti né megi vera eina atvinnugreinin sem samfélagið byggir á.

En þetta er mengandi eins og annað...Það er ekki rétt að halda að þetta sé hið eina rétta á móti iðnaði eða stóriðju. Þetta mengar mikið, bara staðreynd sko. Það er jafn

heimskulegt og að setja öll eggin í álverskörfu. Þetta þarf að vera hvað með öðru, landbúnaður, iðnaður, ferðamennska (M1).

Allir sem rætt var við voru sammála um að sveitarfélagið þyrfti að fá meiri tekjur af ferðamönnum og töldu það talsvert sanngirnismál. Það væri eitthvað bogið við það að hálfgerð góðæri ríkti á svæðinu en sveitarfélagið stæði það illa að það gæti ekki sinnt viðhaldsverkefnum á eigin fasteignum, hvað þá byggt eitthvað upp. Þannig sagði einn að sveitarfélagið hefði örugglega einhverja stefnu en bara enga peninga og ekkert land; allt landið væri í einkaeigu, hver einasti fermetri. Hann bætti við að ef engin gjöld eru tekin þá komi heldur engar tekjur. Þá sé lítið hægt að gera enda skipti stefna engu máli þegar það sé ekki til fjármagn til þess að hrinda henni í framkvæmd.

Við höfum ekki tekjur af ferðamönnum og þar af leiðandi þá er kominn kurr í fólk út af því. Það koma ekki tekjur í sveitarfélagið fyrir þetta [ferðamenn] og sveitarfélagið er kannski frekar að leggja út fyrir ferðamenn og þetta þessar fólk orðið dálítið mikið.[...] Okkur finnst að fyrst við búum hérna, og með svona marga ferðamenn, að sveitarfélagið eigi að fá eitthvað fyrir sinn snúð. [...] Á meðan sveitarfélagið er illa sett og við fáum ekki nóg í viðhald til dæmis. Þetta er ekki sú mynd sem við viljum sjá (M5).

Nei. Því miður. Sveitarfélagið er fær ekki nægar tekjur af þessu. Það þyrfti í rauninni að fá miklu meiri tekjur (M3).

Nei það er rosalega lítið að sitja eftir hérna sko, ef þú ert í þessum business þá ertu að græða á því en ef þú ert almennur íbúi þá upplifi ég ekki neitt jákvætt við þetta, nema bara njóta einhvers sem einhverjir einkaaðilar eru að gera. Það er að komast á kaffihús eða jarðböðin en, ég meina, það hefur ekki verið gert við fasteignir sveitarfélagsins hérna í 15-20 ár... Þjónustan er bara niður á við (M4).

Ef þú getur ekki tekið nein gjöld þá geturðu ekki gert neitt. [...] Ferðþjónustan skilar ekki rass í bala. Og allt of litlu. Þannig að samfélagið hefur of lítið fyrir... bara til að gera og græja bæði fyrir túrista og fólkið. [...] Fyrir svona mikinn ferðamannastraum og annað, þá ættum við að vera með mun betri þjónustu af því að samfélagið. Manni fyndist það vera eðlilegt. Það er ekki þannig, því miður (M1).

Fólk nefndi ýmsar ástæður fyrir því að tekjur úr ferðþjónustu skiluðu sér ekki til sveitarfélagsins. Í fyrsta lagi væri litlar útsvarstekjur að fá af sumarstarfsmönnum sem ýmist væru námsmenn sem oft borguðu lítinn skatt eða fólk sem kemur í tímabundna vinnu án þess að færa lögheimilið sitt. Útsvarið færi því í önnur sveitarfélög. Að mati viðmælenda væri þannig hentugra fyrir sveitarfélagið að ráðnir yrðu útlendingar sem yrðu þá skráðir í hreppnum frekar en fólk með fasta búsetu í öðrum sveitarfélögum. Þó var það líka nefnt að í sumum tilfellum létu fyrirtækin erlent starfsfólk sitt skrá sig

annars staðar á landinu. Einn aðili taldi að um 80% vinnuafslisins væri einungis á svæðinu yfir sumarið og af því fólki væru litlar sem engar tekjur.

Yfir vetrartímann er þetta mestmegnis sveitarfólk. Yfir sumartímann er ekki til nóg af fólki í sveitinni til þess að vinna þessi störf. Þau skilja því miður ekkert eftir og okkar litla sveitarfélag þarf þessa peninga (M3).

Hvað tekjur sveitarfélagsins varðar nefndu sumir viðmælendur einnig að fasteignamat á hótelum væri lágt og fasteignaskattar væru því alltof lágir. Af frásögnum viðmælenda mátti ráða að umræða um þetta hefði þegar farið fram meðal íbúa því viðmælendur virtust vera með ýmsar upphæðir á reiðum höndum um tiltekin hótél. Eitt hótél var sérstaklega nefnt sem hefði kostað milljarð í byggingu en fasteignamatið væri 180 milljónir. Viðmælendur undirstrikuðu þó að það væri enginn áhugi á að skattþína fyrirtæki heldur væri þetta sanngirnismál svo sveitarfélagið gæti haldið uppi eðlilegri þjónustu við íbúa og ferðamenn.

En upplifun manns af svæðinu er að við höfum alla þessa ferðamenn, við erum með eina stóra virkjun hérna en það er ekki.. ekkert glæsilegur rekstur þrátt fyrir það (M4).

Nokkrir viðmælendur tóku dæmi af ferðamönnum sem koma með skemmtiferðaskipum til Akureyrar og fara þaðan í skipulagðar ferðir í Mývatnssveit. Þetta fólk þyrfti hvergi að borga sig inn og kaupir bara kaffiveitingar á lágmarksverði. Mátu viðmælendur það svo að tekjur af þessum 15 – 20 rútum, sem koma með hverju skipi, skili sér mjög lítið í sveitarsjóð og raunar líka að takmörkuðu leyti til ferðaþjónustuaðila í Mývatnssveit. Þá var það einnig nefnt að sveitarfélagið hafi séð um og rekið almenningssalerni eitt sumarið og hafi ekki fengið neitt fyrir það. Af því hafi aðeins hlotist kostnaður sem ekki sé hægt að réttlæta. Viðmælendur töldu því ekki hægt að ætlast til þess að sveitarfélagið byggði upp aðstöðu fyrir ferðafólk sem það fengi afar litlar tekjur af.

Hreppurinn á í bölvuðu basli. Bara city tax myndi redda þessu (M1).

Samantekt

Viðmælendur hafa allir einhver samskipti við ferðamenn á svæðinu. Oft mætist fólk á förnum vegi og eitthvað er um að ferðamenn ýmist villist inn á heimreiðar hjá íbúum eða fari þar um í leyfisleysi til þess eins að skoða sig um. Ekki vildu viðmælendur þó

meina að það væri truflandi heldur væri það verst fyrir ferðamennina sjálfa. Ferðamenn voru viðmælendum yfirleitt ekki til ama, töldu flesta þeirra gott og kurteist fólk og höfðu lítið út á þá að setja.

Þrátt fyrir það mátti af frásögnum viðmælenda greina að á stundum reyni ferðamennskan á þolrif íbúanna og stafar það ekki síst af því að uppbygging innviða hefur ekki verið í takt við fjölgun ferðamanna. Útskot vantar á veginn í kringum vatnið því algengt er að ferðamenn stoppi faratæki sín í vegköntum hvar sem er til að taka myndir. Eina verslun staðarins er löngu sprungin að mati viðmælenda og bílastæðið við hana yfirfullt, reyndu sumir því helst að forðast ákveðna staði og aðstæður. Dæmi var einnig um að heimamenn hafi veitt harða mótspyrnu við því að húsnæði á vissum stöðum færi undir heimagistingu og þannig reynt að verjast áreiti frá ferðamenskunni.

Viðmælendur sáu augljósan hagrænan ávinning af ferðapjónustunni þar sem hún skapi bæði tekjur og störf fyrir einstaklinga. Þetta hafi glætt sveitina lífi og laðað að nýja íbúa. Hinsvegar höfðu allir viðmælendur miklar áhyggjur af því að tekjur sveitarfélagsins endurspegluðu ekki vöxt greinarinnars og töldu brýnt að fundin yrði leið til þess að tekjustofnar sveitarfélagsins yrðu eflidir. Kallað var eftir meiri fjölbreytni í atvinnuháttum svo samfélagið geti dafnað.

Almennt voru viðmælendur ekki meðvitaðir um það hvort sveitarfélagið hefði markað sér stefnu í ferðamálum. Engu að síður höfðu þeir allir skoðanir á því hvað þyrfti að gera m.t.t. ferðapjónustu og skipulagsmála. Þeim var tíðrætt um þörf á umbótum á fjölförnum stöðum í sveitarfélaginu og höfðu þeir ýmsar hugmyndir um hvað mætti færa til betri vegar. Viðmælendur voru þó vonlitlir um að hægt væri að gera eitthvað vegna stöðu sveitarsjóðs. Viðmælendur töldu málið með tekjurnar því vera sanngirnismál svo sveitarfélagið gæti haldið uppi ásættanlegri þjónustu við íbúa og ferðamenn.

HÖFN Í HORNAFIRÐI – VIÐTÖL

Tekin voru viðtöl við fimm einstaklinga, tvær konur og þrjú karla, sem allir eru búsettir á Höfn í Hornafirði. Einn viðmælanda hafði búið á Höfn í innan við fimm ár en aðrir í áratugi. Enginn viðmælanda starfaði beint við ferðapjónustu. Tveir einstaklingar höfðu þó í gegnum atvinnu sína tengst ferðapjónustunni á svæðinu.

Samskipti

Viðmælendum bar saman um að ferðafólk væri víða að finna í sveitarfélaginu og á Höfn. Oftast nær mættu viðmælendur ferðafólki á förnum vegi svo sem úti á götu, úti á þjóðvegum, í matvöruversluninni á Höfn eða í sundi.

Bara hér um allt. Það er bara frá því ég er heima og úti á götu. [...] Svo fer ég út og geng fram á fólk eða rekst á fólk eða það stoppar mig og spyr um bankann eða hvar er tjaldstæðið [...] Svo fer ég í búðina hérna, kjörbúðina okkar, verslunina okkar hér á Hornafirði og þar hérna er útlendingur á undan mér í röðinni og annar á eftir og allt þar um kring (H1).

Viðmælendum bar saman um að samskiptin væru yfirleitt lítil og yfirborðskennd en þó kurteis, allt frá því að taka undir kveðju á förnum vegi yfir í að spyrja til vegar eða um aðrar hagnýtar upplýsingar.

Ég auðvitað býð góðan daginn þegar ég er úti að labba og þegar er verið að spyrja til vegar (H2).

Fólk er svolítið að spyrja, maður finnur það. Það svona vill fá upplýsingar um það hvert ég get farið út að borða í kvöld og hvenær kemst ég í svona eða hinsegin ferð þannig að það spyr bara hinn almenna borgara (H3).

Einn viðmælendanna var nokkuð hugsí yfir þeim áhrifum sem það hefur þegar heimamenn vísa ferðafólki til vegar og því hvort svör heimamanna gætu verið misvísandi og að hugsanlega sé verið að veita rangar upplýsingar. Oftast þótti viðmælendum samskipti þeirra við ferðafólk vera á jákvæðu nótunum og almennt virtust þeir vera jákvæðir í garð ferðafólks.

Ég hérna, hef ekkert nema gott um það að segja í sjálfu sér. Þetta er kurteist og almennilegt fólk og hefur ekki troðið mér um tær að neinu leyti en þetta er aðallega að gefa þeim einhverjar upplýsingar. Lágmarksupplýsingar (H1).

Upplifun af ferðafólki

Þegar spurt var út í upplifun viðmælenda af ferðafólki voru allir sammála um að fjöldi ferðafólks hefði aukist umtalsvert á síðustu örfáu árum. Ljóst var í samtölunum að viðmælendurnir gefa ferðafólkinu gaum og veittu því athygli. Allir viðmælendanna töldu sig taka meira eftir erlendu ferðafólki á Höfn en innlendu og frásagnir þeirra af ferðafólki á Höfn snérust langflestar um erlenda aðila. Lýsingar allra af hinum dæmigerða ferðamanni að vetri til á Höfn snérust um erlenda einstaklinga á þrítugs- til fimmtugsaldri, á eigin vegum og oftast á bílaleigubíl. Einn viðmælendanna hafði veitt því athygli hvernig ferðafólkið hafði skipulagt ferð sína á leiðinni til Hafnar og þótti það áhugavert:

Og oft á tíðum eru þau með kort sem er búið að áherslutússa vissa staði sem þeir eiga að stoppa á. Þá er það greinilega búið að ræða við einhvern sko, hugsanlega á hóteli í Reykjavík eða eitthvað og kemur bara hingað í dagsferð eða tveggja, þriggja daga ferð og þá er bara búið að feitletra sko Suðurland. Og það er Reynisfjara, Jökulsárlón, Skaftafell, stundum Þórbergssetur og svo gisting eða matur á Höfn, búið (H4).

Viðmælendurnir töldu að á sumrin væri meira um eldra fólk eða fólk á öllum aldri en auk þess væri meira um ferðafólk í skipulögðum rútuferðum.

Í viðtölunum var öllum tíðrætt um að fjöldi ferðafólks til Hafnar að vetri til hefði aukist síðustu tvö til þrjú ár. Þrír viðmælendanna töluðu um að hér áður fyrr hefði fjöldi ferðafólks á Höfn að vetri verið lítill sem enginn þó svo að fjöldinn hefði verið meiri í sveitunum fyrir utan. Fjöldinn á Höfn hefði hins vegar náð nýjum hæðum vikunnar og mánuðina fram að viðtölunum sem tekin voru í febrúar. Viðmælendurnir voru allir uggandi um þessa þróun þar sem veður eru válynd að vetri og sumir þeirra óttuðust um öryggi ferðafólksins. Einn viðmælendinn, sem taldi sig vera ýmsu vanur, hafði verið á ferðinni milli Hafnar og Reykjavíkur í lok janúar í vondu veðri. Hann taldi sig hafa verið heppinn að hafa komist klakklaust leiðar sinnar en undraðist yfir því að hafa mætt stöðugum straumi bílaleigubíla á leiðinni. Að minnsta kosti þrír þeirra höfðu runnið út af veginum í hálku. Hann reyndi að setja sig í spor þessa ferðafólks.

Mér finnst þetta alveg stórskritið. Og ég bara dáist að örygginu í þessu fólki bara að ana út í hvað sem er og vita ekkert út í hvað það er að fara. Ég held að ég myndi ekki kunna almennilega að fóta mig í slíku ef ég væri ferðamaður í öðru landi og þekkti lítið til út í hvað ég væri að fara (H1).

Umgengni ferðafólks á Höfn var af viðmælendum talin vera með góðu móti og höfðu þeir fátt við hana að athuga. Einn viðmælandinn taldi umgengni vera verri yfir sumartímenn þegar meiri fjöldi fólks er á svæðinu og þá sé meira af rusli. Annar viðmælandinn sagðist alltaf sjá eitthvað af rusli og úrgangi og taldi þörf á meiri hreinlætisaðstöðu í sveitarfélaginu.

Áhrif ferðapjónustu á samfélag

Viðmælendum bar saman um að ferðapjónusta væri mikilvæg atvinnugrein á Höfn. Allir viðmælendur töldu að ferðapjónustufyrirtækin á svæðinu væru að mestu leyti í eigu heimamanna. Einn nefndi að þar fyrir utan væru ýmiss konar hótélkeðjursumar hverjar væru einungis opnar hluta úr ári þegar mest væri að gera í ferðapjónustunni á svæðinu. Allir lögðu áherslu á að það væri mikla vinnu að fá við ferðapjónustufyrirtæki, einkum fyrirtæki í gistingu og að þessi fyrirtæki skapi tekjur fyrir bæði fólk og fyrirtæki á Höfn. Einn viðmælendanna sagðist fá mikla vinnu vegna uppbyggingar hjá ferðapjónustufyrirtækjum í sveitarfélaginu.

Ég fer ekkert ofan af því að ég fæ hellings atvinnu út á ferðapjónustuna (H4).

Sömuleiðis töldu viðmælendur að ferðapjónustunni fylgdi meiri fjölbreytni í atvinnuháttum en áður þekktist á Höfn. Einn viðmælandi benti á að vegna uppgangs ferðapjónustunnar væri fiskvinnslan ekki lengur eini stóri atvinnuvegurinn á Höfn.

Það er fólk hérna sem er í raun og veru að hætta í kannski svona sínum hefðbundnu störfum og fer yfir í það að vinna við ferðapjónustu allt árið (H3).

Á allan hátt, atvinnulega bara. Það bara skapar alveg ofboðslega mikla vinnu fyrir fólk hér og tekjur. Og náttúrulega breytir því að þetta svæði hefur upp á meira að bjóða í atvinnuháttum sko (H5).

Viðmælendurnir viðurkenndu að þeir yrðu mismikið varir við daglega starfsemi fyrirtækjanna og nokkrir urðu aldrei varir við hana. Tveir þeirra urðu í sínum störfum töluvert varir við ferðapjónustufyrirtæki þar sem þeir þjónusta m.a. slík fyrirtæki. Einn viðmælendanna taldi að íbúar á Höfn yrðu almennt lítið varir við starfsemi ferðapjónustunnar þar sem þeir sækja þá staði mjög lítið. Annar viðmælandi velti því fyrir sér hvort önnur fyrirtæki yrðu meira vör við starfsemi ferðapjónustufyrirtækjanna en íbúarnir á Höfn. Tveir viðmælendur tóku sem dæmi að þvottahúsið á Höfn hafi haft

töluverð og vaxandi umsvif af þjónustu við gistaðila í sveitarfélaginu sem bæði skapi tekjur og atvinnu.

Eins töldu nokkrir að heilsársstörfum í ferðaþjónustu fjölgaði smám saman og að eftirspurn eftir fólki til að starfa í ferðaþjónustu væri mjög mikil. Nokkrir viðmælendur töluðu um að á sumrin gæti skólafólk og aðkomufólk fengið næga vinnu í ferðaþjónustu. Allir vildu meina að þess fyrir utan væri skortur á vinnuafli í ferðaþjónustu vandmál þar sem næga aðra vinnu væri að fá á Höfn og í rauninni vantaði fólk í vinnu í öðrum greinum líka.

Það er orðið þannig núna að það er orðið erfitt að fá fólk í vinnu. Það er mikil breyting bara nú á nokkrum árum (H5).

Það eru kannski bara eigendurnir sem eru héðan og eða kannski einhverjir úr fjölskyldunni með þeim í þessu en ef þeir þurfa að leita að fólki þá þarf að fá það fólk að langmestu leyti utan að (H1).

Einn viðmælendanna taldi að heimamenn leituðu síður í störf í ferðaþjónustu þar sem það væri nóg af annarri vinnu af fá. Af þessum sökum væri nauðsynlegt að flytja inn erlent vinnuafli til starfa í ferðaþjónustu á Höfn. Almennt séð virtist það ekki trufla fólk. Einn sagði reyndar að hér áður fyrir hefði hann látið fara í taugarnar á sér að hann gat ekki farið á veitingahús og pantað á íslensku en nú hafi hann sætt sig við það og reiknar frekar með því í dag að þurfa að tala ensku. Allir voru sammála um að mikið væri um erlent starfsfólk í ferðaþjónustu á svæðinu en fæst af því væri fjölskyldufólk sem staldraði við til lengri tíma eða festi rætur á svæðinu. Viðmælendurnir höfðu ekkert út á hið erlenda starfsfólk og veru þess í samfélagi svæðisins að setja, töldu hvorki líklegt að það blandaðist mikið við samfélag íbúanna á Höfn né að það hefði tíma til þess vegna vinnunnar.

Þetta er bara vertíðarfólk. Það kemur og fer (H1).

Það er svo rosalega mikið af starfsfólki í ferðaþjónustunni sem er erlent og maður áttar sig kannski ekki alltaf á því hvort þetta eru ferðamenn eða starfsfólk. Ég held að maður verði frekar lítið var við það, ég held bara að það sé að vinna mjög mikið (H2).

Skortur á vinnuafli á Höfn í Hornafirði var öllum viðmælendunum hugleikinn en þeir tengdu það við annað vandamál sem þeir sáu ekki fyrir endann á. Allir greindu frá því að á Höfn væri mikill og alvarlegur skortur á íbúðarhúsnæði bæði til kaups og leigu,

sem gerði það að verkum að erfitt væri að fá nýtt fólk til bæjarins hvort sem var til að starfa í ferðaþjónustu eða í öðrum greinum. Flestir töldu rót vandans liggja hjá ferðaþjónustunni; ekki væri hægt að fá keypt eða leigt þar sem allt húsnæði á lausu fari undir ferðaþjónustuna.

Það er ekki atvinnuleysi hérna, það vantar fólk í vinnu en það er ekkert hægt að fá húsnæði til leigu og til að kaupa og það vantar húsnæði (H4).

Það er ekki hægt að fá húsnæði til leigu, það fer nánast allt til ferðaþjónustunnar (H2).

Ég veit ekki hvernig ég á að lýsa því. Það er flest jákvætt við þetta nema bara að það eru ruðningsáhrifin sem þeir hafa hérna á íbúðagisti... bæði verð íbúða hér um slóðir og húsnæðis fyrir almenning og leigu. Bæði til að kaupa og leigja. Það er ekki hægt, bara, að fá húsnæði hér á Höfn (H1).

Það er svolítið um þetta að fólk svona, fer eiginlega svona eins og í keppni að um leið og losnar eitthvað þá svona verður það ferðaþjónusta eða verður það venjuleg fjölskylda sem fær að kaupa það (H3).

Margir lýstu því svo að ferðaþjónustufyrirtæki, langoftast fyrirtæki í gistiþjónustu, þrengdu verulega að fjölskyldufólki sem hefur hug á að flytja til Hafnar sem og öðrum sem vilja hafa fasta búsetu á Höfn. Auk þess var bent á að ekkert væri byggt af nýju íbúðarhúsnæði á Höfn, byggingakostnaður væri einfaldlega of hár fyrir almenning og fjölskyldur ættu erfitt með að taka slaginn við ferðaþjónustufyrirtækin á sama markaði með íbúðarhúsin. Flestir voru sammála um að það skipti samfélagið á Höfn mjög miklu máli að laga þetta ástand svo að bærinn geti dafnað.

Fólk sem vill vinna hin venjulegu störf það fær ekki húsnæði. Það er mikið vandamál varðandi húsnæði hérna, já (H3).

Þetta getur haft langtímaáhrif að fá ekki inn nýtt fólk og hérna svona hæfilega fjölgun íbúa á svæðinu (H1).

Tvær meginástæður voru nefndar fyrir því að fyrirtæki í ferðaþjónustu stæðu í eins konar samkeppni við almenning um íbúðarhúsnæði á Höfn. Annars vegar skortir fyrirtækin húsnæði fyrir starfsfólk sitt. Hins vegar hefur heima- og íbúðagistingu á Höfn vaxið fiskur um hrygg á síðustu árum. Flestir viðmælendanna voru uggandi um þá þróun. Nokkrir viðmælendur töluðu um að ferðaþjónustan ætti ekki heima í íbúabyggð en öðru máli gildi mögulega um hús á atvinnusvæðum og/eða í blandaðri byggð þar sem von væri á mikilli umferð.

Nefnt var að í íbúabyggðum verði íbúar fyrir ónæði af stöðugri umferð í umrædd hús og að mikil og tíð skipti væru þreytandi. Einn viðmælandinn talaði um að allsstaðar væri heimagisting og íbúðir út um allan bæ sem stæðu ferðafólki til boða. Nærtækt dæmi var af heimagistingu sem var starfrækt skammt frá heimili hans.

Til dæmis bara í götunni þar sem ég bý þar er eitt íbúðarhús sem er sagt að þar er heimagisting en það býr enginn þar samt. [...] Og svo bara eru túristarnir að banka upp á hjá nágrönnunum og biðja um lykla og biðja um leiðbeiningar sko (H3).

Að sögn þessa viðmælanda skapaði heimagistingin nágrönnunum töluvert ónæði. Á öllum tímum sólarhrings bankaði ferðafólk frá þessari heimagistingu upp á í húsinu við hliðina ýmist til að spyrja til vegar eða í leit að upplýsingum. Nágrannarnir voru að sögn viðmælandans orðnir þreyttir á þessu stöðuga áreiti sem þeir verða fyrir heimafyrir. Hann velti því fyrir sér hvaða leyfi ferðafólkið hefði til að raska friðhelgi heimilis og einkalífs fólks sem á sér einskis ills von.

Já en ég held að þolmörkin hjá fólki sko, til dæmis nágrönnum þá minnka þolmörkin gagnvart bara hinum almenna ferðamanni. Ef það er verið að banka hjá þér á kvöldin sko til að spyrja þig um hvar sé hægt að komast í svona ferð eða hinsegin göngutúr eða eitthvað eða leigja bíl, þú veist, þá... Þú ert ekkert með það heima hjá þér. [...] Og það sprakk á bílnum mínum, hvar get ég farið til að láta laga dekkið. Þetta eru náttúrulega almennar upplýsingar sem maður sjálfur leitar eftir þegar þú ert einhvers staðar en þú bankar kannski ekki alveg upp á heimahús. Ég veit ekki hvort það er búið að kynna Ísland, að það eru allir svo vingjarnlegir að það megi bara banka hjá hverjum sem er (H3).

Annar viðmælandi reifaði þetta vandamál líka og taldi það hafa stórversnað síðustu þrjú árin. Hann var einnig á þeirri skoðun að aukning í heimagistingu í íbúabyggð hafi neikvæð áhrif á daglegt líf íbúana og samfélagið.

Það hefur verið töluverð aukning en mér líst ekki eins vel á þetta þegar það dreifist inn í grónar íbúagötur. Það er dálítið... það er ónæði og svo bara raskar þetta samfélagsmynstrinu að það skuli bara vera gestir í sumum húsunum en ekki fjölskyldur og krakkar. Bara kallar og kellingar (H1).

Nefnt var að líklega geri aðstandendur ferðaþjónustufyrirtækjanna sér ekki grein fyrir þeim áhrifum sem íbúða- og heimagisting hefur á samfélagið. Hins vegar séu augu fólks á Höfn að opnast fyrir því að þetta sé ekki þróun í rétta átt. Sem betur fer séu komnar reglur sem takmarki leyfi til íbúðagistingar í íbúabyggðum við átta vikur á ári til þess styðja bæði við íbúana og við ferðaþjónustuna um hvar hin síðarnefnda má vera og

hvar ekki. Tveir viðmælendur töldu að á meðan húsnaðisvandinn væri viðvarandi muni hann hafa alvarlegar afleiðingar fyrir samfélagið.

Þetta endar ekki vel. Fyrir samfélagið hér sem þarf einhvern veginn að vera sjálfbært í einu og öllu og má ekki eingöngu snúast um ferðamenskuna. Þó að ferðamennskan sé góð og komin til að vera þá má hún ekki ryðja hinu öllu í burtu. Hvað verður þá eftir? Þá verður bara rjúkandi rúst eftir (H3).

Þegar spurt var um aðlögun að breyttum aðstæðum sem sköpuðust vegna ferðamennsku töldu þrír viðmælendur í fyrstu sig ekki hafa breytt neitt út af vanananum. Við nánari umhugsun bar þó ýmislegt á góma. Fjórir viðmælendur nefndu að mestu breytingarnar finni þeir í matvörubúðinni Nettó á Höfn og að þeir þurfi ýmist að fara í búðina fyrir ákveðinn tíma á daginn til þess að vera öruggir um að fá sína matvöru áður en hún klárast úr búðinni eða eyða þar löngum tíma í biðröð á afgreiðslukassa.

Ef Hornfirðingur ætlar að borða eitthvað á kvöldin, þá fer hann í búðina klukkan 11 á daginn bara til að tryggja sér það sem hann ætlar að borða. Því það er bara búíð klukkan fimm (H4).

Þú getur ekki bara farið út í búð yfir sumartímann og langað til að taka kjúkling, vegna þess að hann getur verið búinn vegna þess að það kom einhver rúta bara sem keypti allan kjúklinginn. Þannig að maður fer eiginlega út í búð yfir sumartímann og hugsar bara: „ókei, ég kaupi bara það í matinn sem er til“ (H3).

Ég, héna, þarf að vera kominn í búðina ef ég ætla ekki að þurfa standa í biðröð í lengri tíma, þá þarf ég eiginlega að vera kominn í gegnum búðina svona fyrir klukkan fjögur á daginn, því eftir það þá fyllist Nettó hér á svæðinu bara af fólki og kassarnir eru bara uppteknir. Þannig að ef ég ætla að fá afgreiðslu á skikkanlegum tíma þá þarf ég helst að vera kominn fyrir fjögur á daginn. Búðin fyllist bara af fólki (H1).

Þetta ástand í matvörubúðinni myndast aðallega yfir sumartímann þegar fjöldi ferðafólks er mikill í bænum. Einn viðmælandi nefndi þó að vikurnar fyrir viðtalið hefði fjöldi ferðafólks á Höfn verið mjög mikill og ástandið í Nettó á þessum tíma hefði minnt mikið á sumarið.

Þetta er algengt yfir sumarið en nú er þetta búíð að vera viðvarandi ástand í Nettó í svona þrjár vikur. Það er svolítið erfitt fyrir þá að áætla hvað fer mikið í túrismann yfir daginn en þetta skot sem kom núna eftir áramótin er bara það stórt að menn héna eru engan veginn að höndla það (H4).

Annar viðmælandi lýsti gremju sinni yfir því að koma að tómum hillum í búðinni og hvernig hann hefur reynt að aðlaga sig til að koma í veg fyrir slíkar upplifanir.

Og þetta er, auðvitað hefur þetta áhrif á mann að þegar maður kemur svo í búðina og sér fulla körfu hjá einhverjum af brauði og hillan er tóm sko. Þá verður maður alveg „oh, þessir túristar sko, búnir að kaupa allt brauðið. Nú er ekkert brauð eftir handa mér, sko“ Þannig að, maður er búinn að finna út: „ókei ég fer á þriðjudagsmorgnum þegar það eru nýkomnar vörur og versla áður en að túristarnir koma og versla líka“. Búðin er bara hreinlega ekki að anna þessu (H3).

Þrír viðmælendur töluðu um að þeir fyndu fyrir meira álagi í sínu daglega lífi vegna aukinnar ferðamennsku en útskýrðu það ekki nánar. Einn þeirra sagði þó að hann yrði „meira var við þetta“ (H4) og annar sagði að það væri meiri umferð í bænum. Einn viðmælandi reyndi að forðast bensínstöðvarnar á morgnana vegna þess að á þeim tíma væru biðraðir við dælurnar.

Þannig að maður hefur kannski breytt þessu skipulagi að maður fer bara á kvöldin og græjar sig upp fyrir morguninn og þess háttar því að túristinn, hann er vaknaður klukkan sex á morgnana og kominn á stjá sko (H4).

Viðmælendur voru spurðir hvaða breytingar sem rekja megi til ferðapjónustu þeir teldu skipta samfélagið á Höfn. Flestir töldu að aukin fjölbreytni í atvinnu, nægt atvinnuframboð og húsnæðisvandinn væru þau atriði sem skiptu samfélagið mestu máli. Einn viðmælandinn taldi að það væri jákvætt að það er meira að gera á öllum sviðum í sveitarfélaginu s.s. í verslun og ýmiss konar þjónustu.

Það er bara, held ég, alveg sama nánast hvar er borið niður sko. Það er bara meira að gera hjá fyrirtækjum hér á Höfn út af ferðapjónustunni. Verktakar, smiðir og rafvirkjar og pípulagningarmenn eru alltaf á fullu. Það er alltaf verið að byggja og bæta við og breyta kringum ferðapjónustuna (H5).

Annar viðmælandi taldi einnig það vera mikilvægt fyrir samfélagið að það eru fleiri veitingastaðir opnir allt árið. Auk þess hefði sundlaugin lengri opnunartíma. Þetta væri þjónusta sem hefði komið til vegna ferðafólks en heimamenn hefðu einnig möguleika á að notfæra sér hana. Það hefði jákvæð áhrif og glæddi bæinn lífi.

Þannig að í rauninni af því að túristarnir eru að koma hérna þá viljum við hafa opið fyrir þá en í leiðinni er náttúrulega opið fyrir alla hina líka (H3).

Það var samdóma álit allra viðmælenda að Hornfirðingar væru almennt duglegir að fara á þau veitingahús sem hafa opnað í bænum á undanförunum árum. Flestir þeirra nefndu einnig að ein helsta breytingin varðandi veitingahúsin sé að þau séu orðin fleiri, þau eru opin lengur og mörg þeirra hafa opið allt árið.

Við getum frekar núna heldur en áður farið og gert okkur kannski daga mun og farið út að borða á stöðum sem voru ekkert opnir hérna áður nema bara yfir sumartímann (H5).

Sumir nefndu þó að á sumrin væri erfitt að komast að á veitingahúsunum biðröð eftir borði næði stundum út á götu.

Eins var bent á að fyrir tveimur árum hefði opnunartími verið lengdur í matvöruversluninni á Höfn, sem íbúar njóta góðs af. Einn nefndi þó að önnur verslun s.s. sérverslanir ætti erfitt með að þrífast á Höfn.

Slík þjónusta sem miðast við íbúana, hún hefur ekkert getað vaxið. Og ferðamennirnir eru, sækja ekkert í þessa sérþjónustu hérna (H1).

Einnig var nefnt að með aukinni umferð hefði álag aukist á vegakerfið vegna vaxandi umferðar ferðafólks og flutningabíla sem flytja kost fyrir ferðafólk og ástandið versni bara á sama tíma og fjárveitingar aukist ekki.

Framtíðarsýn

Þegar spurt var hverju það myndi breyta að fá tvöfalt fleira ferðafólk til Hafnar voru svörin nokkuð misjöfn þó svo að flestum hafi þótt það varhugavert miðað við óbreytt ástand.

Mér finnst það allt í lagi ef það eru staðir til að gista á og veitingastaðir og afþreying í boði þá er það besta mál (H2).

Ég vil eiginlega ekki hugsa þá hugsun til enda. Ég held bara að við séum komin alveg að þölmörkum og að fjöldinn sem komi nú þegar sé orðinn góður (H5).

Það væri kannski svona ýktari mynd. Kannski þyrfti ég að vera kominn ennþá fyrr í búðina til að fá mjólkina [hlær]. [...] Mér finnst orðið alveg nóg um með það eins og er núna [að vetri]. Á sumrin og í vondum veðrum þarf að grípa til ýmissa ráða til að hjálpa fólki. Hvassvirðin og sandrokið á söndunum hérna. En veturinn yrði það ennþá erfiðara. Þetta hefur ekki áhrif á mitt líf endilega en finnst þetta vera stórmál fyrir samfélagið og ekki búið að horfa á það til enda (H1).

Ég myndi hugsanlega verða dálítið pirruð. Eins og í matvörubúðinni og bara að komast leiðar minnar og bara gagnvart því að maður sjálfur geti notið þess að vera til. Ef þeir verða mikið fleiri en þeir eru núna. [...] En [fjölgun ferðamanna] myndi ekki breyta neitt rosalega miklu [að vetri], það er meira yfir sumarið þar sem þolið er komið (H3).

Ég er hræddur við að heilbrigðisþjónustan myndi leggjast á hliðina. Þessi eini læknir sem er með þetta svæði er ekkert að anna 5000 manns. Maður verður var við það

yfir sumartímann að þetta er farið að vera vandræði og menn eru alvarlega að velta því fyrir sér hvernig væri hægt að leysa það (H4).

Aukið álag á heilsugæsluna kom upp nokkrum í viðtölum, sem tengdist auknu álagi við aukinn fjölda fólks á svæðinu, einkum yfir sumartímann. Nefnt var að útköllum sjúkrabíla hafi til dæmis fjölgað umtalsvert á síðustu tveimur árum.

Það hefur orðið gífurleg aukning í notkun sjúkrabíla á síðustu árum og það segir eitthvað um fjöldann sem er hérna á svæðinu og samfélagið er kannski ekkert alveg að anna þessu. Það eru 8 manns sem vinna á sjúkrabílum til skiptis og ef þau eru endalaust í útköllum þá brenna þau upp (H3).

Einn viðmælandi benti á að ekki bætti úr skák fyrir sjúkraflutninga að sveitarfélagið er víðfeðmt og vegalengdir langar. Að hans mati var stærsta vandamálið að stærstu ferðamannastaðirnir innan sveitarfélagsins eru tiltölulega langt frá Höfn, til dæmis væri Skaftafell 130 km frá Höfn. Taldi hann því nauðsynlegt að finna lausnir í sjúkraflutningum sem væri nær fjöldanum.

Viðmælendur voru einnig beðnir um að ímynda sér að ferðafólk hætti nánast eða alveg að koma. Flestir vildu helst ekki hugsa þá hugsun til enda og þótti sorglegt ef svo færi og það myndi hafa bæði efnahagslegar og félagslegar afleiðingar. Flestir töldu að það væri slæmt fyrir þá sem reka ferðaþjónustufyrirtækin ef mikil fækkun ætti sér stað en sumir voru á því að einhver fækkun væri ekki stórmál.

Ég held að þetta sé í raun og veru nauðsynlegt fyrir samfélagið hérna að halda passlega mörgum í þessari grein (H3).

Ég myndi kannski ekki óska þess að það myndi fækka mikið en við verðum að vera undirbúin því að það myndi fækka og að þessi sveifla haldi ekki áfram upp á við. Við gætum lifað alveg þokkalega af ef það fækkaði eitthvað (H1).

Einn viðmælandi taldi að sennilega myndu einhver ferðaþjónustufyrirtæki fara á hausinn og einhverjir draga saman seglin en smám saman myndi nýtt jafnvægi myndast bæði á markaðnum og í samfélaginu.

Menn hafa mjög setið á sér með stækkanir hérna en við sjáum t.d. eins og Fosshótel er að byggja akkúrat núna 120 herbergja hótél sem á að vera fjögurra stjörnu. Þeir eru með 130 herbergja hótél í Nesjum og í endann á september er þessu skellt í lás og opnar ekki aftur fyrr en í byrjun apríl. Þannig að þetta er kannski böfferinn. Heimamaðurinn lifir á þessu af því að þessir aðilar loka bara yfir veturinn (H4).

Stefna sveitarfélags í ferðamálum

Þegar spurt var um hvort sveitarfélagið hefði markað stefnu í ferðamálum voru viðmælendur almennt ekki vissir um það. Einhverjir töldu þó að það hlyti að vera til einhver stefna.

Ég þekki það ekki svo vel en ég trúi ekki öðru en að það sé verið að ræða þessi mál á hverjum fundi [hjá sveitarfélaginu] (H1).

Allir sögðu frá því að sveitarfélagið hefði nýlega ráðið atvinnu- og ferðamálafulltrúa en mörgum þótti óljóst hvað slíkur fulltrúi ætti að gera og hvernig verkefnið skiptist milli sveitarfélags og ferðaþjónustuaðilanna.

Það getur verið dálítið limbó með hver á að gera hvað [...] Er ekki bara planið með ferðamálafulltrúanum að það verði einhver markvissari stefna um hvað við getum gert og hvernig viljum við gera það (H3)?

Ég held að þetta sé gríðarlega mikilvægur þáttur fyrir sveitarfélagið að sinna [...] En ég veit ekki hvað hann sem slíkur eða... ég veit ekki alveg hvernig sveitarfélagið beinlínis á að... Sveitarfélagið er ekki að taka á móti ferðamönnum eða annað slíkt. En auðvitað þarf að móta einhverja stefnu og herna, en fyrst og fremst eru þetta náttúrulega bara aðilarnir hér á svæðinu sem eru að sinna þessu. Og það er meira málið að þeirra samtök séu virk og kannski að fulltrúi sveitarfélagsins eigi sæti þar en ég sé ekki að ferðaþjónustan eigi að vera þannig að sveitarfélögin séu eitthvað rosalega að byggja eða reka hana nema bara gagnvart almennum lögum og reglugerðum. Það virðist ekki vera á framfæri sveitarfélagsins (H2).

Flestir tóku því engu að síður fagnandi að sveitarfélagið væri að vinna í ferðamálum og koma skikki á ýmis mál svo sem hreinlætismál og mótun harðari stefnu í heimagistingarmálum.

Samantekt

Almennt höfðu viðmælendur á Höfn lítil samskipti við ferðafólk í sínu daglega lífi. Engu að síður má af frásögnum þeirra dæma að þeir gáfu ferðafólki gaum og töldu sig vita eitt og annað um ferðafólkið; gátu lýst því og hvað það er að gera á svæðinu. Allir töluðu um aukinn fjölda ferðafólks, bæði að sumri og vetri til. Sumir höfðu áhyggjur af fjölgun ferðafólks að vetri og óttuðust um öryggi þess aðallega vegna válynds veðurfars.

Flestir voru jákvæðir í garð ferðaþjónustunnar og sáu mikinn hagrænan ávinning fyrir samfélagið bæði í formi atvinnu og tekna fyrir fólk og fyrirtæki í samfélaginu. Eins skapi ferðaþjónustan mörg fjölbreytt verkefni fyrir aðrar greinar svo sem í byggingariðnaði,

aðfangaf lutningum, þjónustu o.fl. Rætt var um skort á vinnuafli og að mikið væri um erlent vinnuafli á Höfn. Viðmælendur töldu ekki að erlent starfsfólk hafi nein teljandi áhrif á samfélagið. Það vinni mjög mikið, hafi lítil sem engin samskipti við íbúana og þekkist varla úr ferðamannafjöldanum. En blikur eru á lofti og að mati viðmælanda er ferðamennskan að vissu leyti farin að reyna á þolrif íbúanna. Sumir þeirra reyndu að stýra framhjá ferðafólki svo sem með því að taka ekki eldsneyti á morgnana eða fara helst í matvörubúðina á tilteknum tímum eða þegar vitað er að sending er nýkomin í búðina. Flestir nefndu líka ónæði vegna heima- og íbúðagistingar og töldu slíka starfsemi ekki eiga heima á íbúðasvæðum. Skortur á húsnæði til kaups eða leigu er að allra mati einn alvarlegasti vandinn sem steðjar af samfélaginu og er rakinn til umsvífa ferðaþjónustufyrirtækja á svæðinu. Töldu þeir að húsnæðisvandinn hamli samfélaginu til vaxtar. Vandinn sé m.a. orsök þess að ekki er pláss fyrir nýjar fjölskyldur til að setjast að á Höfn og/eða þær eigi á hættu að verða undir í samkeppninni við ferðaþjónustufyrirtækin um fasteignir.

NIÐURSTÖÐUR SPURNINGAKÖNNUNAR

Hér á eftir er farið ofan í saumana á niðurstöðum spurningakönnunarinnar sem var lögð fyrir á svæðunum þremur. Kaflinn skiptist í sex hluta í samræmi við efnisflokka spurningakönnunarinnar. Til þess að auðvelda samanburð eru öll svæðin tekin saman fyrir í einu. Sumar spurninganna voru einnig lagðar fyrir árið 2014 í stóru landskönnuninni sem Félagsvísindastofnun gerði fyrir Ferðamálastofu (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2014). Þær niðurstöður hafa verið teknar inn í samanburðinn eftir tilefni.

Viðhorf til fjölda ferðamanna


Í spurningum um viðhorf til fjölda ferðamanna var horft til tveggja þátta. Annars vegar var horft til þess hvort og að hve miklu leyti íbúar hefðu samskipti við ferðamenn yfir sumartímann og hins vegar til þess hvaða skoðun þeir hefðu á fjöldanum eftir árstíðum. Til útskýringar fyrir svarendur voru samskipti skilgreind sem atriði eins og að vísa fólki til vegar, svara fyrirspurnum á fönnum vegi o.s.frv. Í sama tilgangi var árstíðum skipt upp eftir mánuðum, þannig að sumar var skilgreint sem mánuðirnir júní, júlí og ágúst. Haustmánuðir voru skilgreindir sem september-október, vetrarmánuðirnir sem nóvember-mars og vormánuðir apríl-maí.

Í töflu 2 má sjá hversu oft svarendur höfðu samskipti við ferðamenn yfir sumartímann. Þar má sjá að Mývetningar hitta ferðamenn hlutfallslega oftast en þrír af hverjum fjórum svarendum sögðust eiga samskipti við ferðamenn nánast daglega yfir sumartímann. Um það bil 9 af hverjum 10 svarendum í Mývatnssveit áttu samskipti við ferðamenn í hverri viku yfir sumarið. Sjaldgæft var að svarendur hittu ferðamenn sjaldnar en í hverri viku. Rétt um 6 af hverjum 10 svarendum á Siglufirði áttu samskipti við ferðamenn í hverri viku yfir sumartímann og um sex af hverjum tíu á Höfn áttu samskipti við ferðamenn vikulega. Marktækur munur var á milli svæðanna þriggja. Ef svör þátttakenda eru skoðuð með tilliti til þess hvort þeir voru starfandi í ferðaþjónustu eða ekki (sjá neðst í töflu 2) má sjá að hin tíðu samskipti skýrast að hluta til af háu hlutfalli þeirra sem störfuðu í ferðaþjónustu. Engu að síður var hlutfall þeirra sem ekki starfaði í ferðaþjónustu og átti í vikulegum samskiptum við ferðamenn nokkuð hátt, helmingur svarenda á Siglufirði og Höfn. Hlutfall þeirra sem starfaði ekki

í ferðapjónustu en átti í vikulegum samskiptum við ferðamenn var þó hvergi hærra en í Mývatnssveit; 88%, þar af 56% á hverjum degi.

Tafla 2 Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímann?

	Nánast daglega	1-3 sinnum í viku	1-3 sinnum í mánuði	Sjaldnar en einu sinni í mánuði	Fjöldi svara	Í hverri viku
Alls	41%	27%	19%	13%	634	68%
Siglufjörður	26%	33%	23%	18%	264	59%
Mývatnssveit	75%	17%	5%	3%	128	92%
Höfn	38%	26%	23%	13%	242	64%



	Nánast daglega	1-3 sinnum í viku	1-3 sinnum í mánuði	Sjaldnar en einu sinni í mánuði	Fjöldi svara	Nánast daglega***
Alls	41%	27%	19%	13%	634	41%
Starfar við ferðapjónustu	82%	12%	3%	2%	173	82%
Starfar ekki við ferðapj.	25%	32%	26%	17%	458	25%
Siglufjörður	70%	23%	4%	4%	53	70%
Starfar við ferðapjónustu	70%	23%	4%	4%	53	70%
Starfar ekki við ferðapj.	15%	35%	29%	21%	210	15%
Mývatnssveit	94%	3%	2%	2%	65	94%
Starfar við ferðapjónustu	94%	3%	2%	2%	65	94%
Starfar ekki við ferðapj.	56%	32%	8%	5%	63	56%
Höfn	80%	13%	5%	2%	55	80%
Starfar við ferðapjónustu	80%	13%	5%	2%	55	80%
Starfar ekki við ferðapj.	26%	29%	28%	17%	185	26%

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001 ; *** = p < 0,001

0% 50% 100%


Í töflum 3-5 eru tekin saman viðhorf svarenda á hverju svæði fyrir sig á fjölda ferðamanna eftir árstíðum. Í töflu 3, sem sýnir niðurstöðurnar fyrir Siglufjörð, kemur fram að meirihluta svarenda á Siglufirði þykir fjöldi ferðamanna vera hæfilegur. Langflestir (72%) töldu fjölda ferðamanna vera hæfilegan að sumri (júní-ágúst) en 15%

svarenda töldu ferðamenn vera heldur marga. Meirihluti siglfirskra svarenda (67%) taldi fjölda ferðamanna vera hæfilegan að vori (apríl-maí). Tæplega helmingur svarenda taldi ferðamenn vera heldur fáa að vetri (nóvember-mars).

Tafla 3 Viðhorf svarenda á Siglufirði til fjölda ferðamanna eftir mánuðum

	Þeir eru allt of margir (5)	Þeir eru heldur margir (4)	Þeir eru hæfilega margir(3)	Þeir eru heldur fáir (2)	Þeir eru allt of fáir (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Siglufjörður							
Júní - ágúst	5%	15%	72%	8%	0%	264	3,17
Sept. - okt.	0%	4%	56%	37%	3%	262	2,61
Nóv. -mars	0%	2%	36%	48%	14%	260	2,26
Apríl-maí	0%	2%	67%	29%	2%	263	2,70

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001; *** = p < 0,001




Svarendur í Mývatnssveit skáru sig nokkuð frá svarendum á Siglufirði og Höfn. Tafla 4 sýnir að fjórir af hverjum fimm svarendum í Mývatnssveit töldu ferðamenn vera annað hvort allt of marga (39%) eða heldur marga (38%) á sumrin og einum af hverjum fimm þótti ferðamenn vera hæfilega margir yfir sumarið. Flestir svarendur í Mývatnssveit töldu ferðamenn vera hæfilega marga á haustmánuðum (63%) og á vormánuðum (54%) en tæplega helmingur svarenda taldi ferðamenn vera hæfilega marga að vetri.

Tafla 4 Viðhorf svarenda í Mývatnssveit til fjölda ferðamanna eftir mánuðum

Mývatnssveit	Þeir eru allt of margir (5)	Þeir eru heldur margir (4)	Þeir eru hæfilega margir(3)	Þeir eru heldur fáir (2)	Þeir eru allt of fáir (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Júní - ágúst	39%	38%	21%	2%	0%	127	4,15
Sept.-okt.	8%	17%	63%	10%	2%	126	3,17
Nóv. - mars	5%	15%	63%	15%	1%	125	2,26
Apríl - maí	5%	19%	54%	19%	2%	125	3,05

* = $p < 0,05 \geq 0,01$; ** = $p < 0,01 \geq 0,001$; *** = $p < 0,001$




Annar hver íbúi á Höfn taldi ferðamennina vera heldur eða of marga á sumrin (sjá töflu 5). Á öðrum tímum ársins töldu flestir svarendur ferðamennina vera hæfilega marga. Um það bil fjórðungur svarenda taldi ferðamenn vera heldur fáa eða allt of fáa á tímabilunum nóvember-mars og apríl-maí.

Tafla 5 Viðhorf svarenda á Höfn til fjölda ferðamanna eftir mánuðum

	Þeir eru allt of margir (5)	Þeir eru heldur margir (4)	Þeir eru hæfilega margir(3)	Þeir eru heldur fáir (2)	Þeir eru allt of fáir (1)	Fjöldi svara	Meðaltal****
Höfn							
Júní - ágúst	23%	32%	40%	4%	0%	239	3,74
Sept. - okt.	5%	15%	63%	15%	1%	235	3,08
Nóv. - mars	4%	10%	59%	24%	3%	232	2,87
Apríl - maí	5%	17%	55%	21%	3%	237	3,01

* = $p < 0,05 \geq 0,01$; **= $p < 0,01 \geq 0,001$; ***= $p < 0,001$




Ljóst er af tölflum 3-5 að margt er sameiginlegt með svæðunum þegar kemur að viðhorfum svarenda til fjölda ferðamanna. Flestir töldu til að mynda ferðamenn vera hæfilega marga á vorin og á haustin. Hið sama er uppi á teningnum hvað varðar veturinn að undanskildum Siglufirði þar sem tæplega helmingur svarenda taldi ferðamenn heldur fáa (tafla 3). Marktækur munur er á svörum milli svæðanna.

Í landskönnun 2014 var spurt um viðhorf til fjölda ferðamanna á Íslandi á sumrin (júní, júlí og ágúst) eins og sjá má í töflu 6. Flestir eða 65% töldu að fjöldinn væri hæfilegur en 21% svarenda þótti hann heldur of mikill og 8% þótti hann allt of mikill. Ekki reyndist marktækur munur á svörum eftir búsetu en ljóst er að þónokkur munur er á niðurstöðum úr landskönnun 2014 og svörum íbúa allra svæðanna þriggja. Í landskönnun 2014 kom fram að tæplega helmingi svarenda (48%) þótti fjöldinn vera hæfilegur að vetri (september-maí) en 40% þótti ferðamenn heldur of fáir eða jafnvel allt of fáir (9%).

Tafla 6 Viðhorf svarenda til fjölda ferðamanna á Íslandi á sumrin

	Þeir eru allt of margir (5)	Þeir eru heldur margir (4)	Þeir eru hæfilega margir(3)	Þeir eru heldur fáir (2)	Þeir eru allt of fáir (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	19%	26%	50%	5%	0%	630	3,59
Siglufjörður	5%	15%	72%	8%	0%	264	3,17
Mývatnssveit	39%	38%	21%	2%	0%	127	4,15
Höfn	23%	32%	40%	4%	0%	239	3,74
Landskönnun 2014	8%	21%	65%	5%	1%	1125	3,30

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001 ; *** = p < 0,001



Efnahagsleg áhrif ferðapjónustu


Sex spurningar vörðuðu efnahagsleg áhrif ferðapjónustu. Þrjár spurningar voru í landskönnun 2014 og er hægt að bera niðurstöðurnar saman. Þrjár spurningar voru nýjar.

Í fyrstu spurningunni voru svarendur beðnir um að meta efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustu í þeirra sveitarfélagi (sjá töflu 7). Meirihluti svarenda á Höfn (70%) og á Siglufirði (76%) taldi ferðapjónustu vera nokkuð mikilvæga. Ekki reyndist vera marktækur munur á svörum milli Siglufjarðar og Hafnar og voru svör þeirra sambærileg niðurstöðum landskönnunnar 2014. Svarendur í Mývatnssveit voru hins vegar marktækt líklegri en aðrir til að telja ferðapjónustu vera undirstöðuáttinnuveg.

Tafla 7 Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustu í þínu sveitarfélagi? ⁶

	Hún er undirstöðu- atvinnuvegur (4)	Hún er nokkuð mikilvæg (3)	Hún er léttvæg (2)	Hún skiptir engu máli (1)	Fjöldi svara	Meðaltal**
Alls	29%	65%	6%	1%	622	3,22
Siglufjörður	19%	76%	5%	0%	260	3,14
Mývatnssveit	53%	34%	10%	3%	125	3,36
Höfn	26%	70%	4%	0%	237	3,22
<i>Landskönnun 2014</i>	30%	68%	2%	0%	1120	3,19

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001 ; *** = p < 0,001



Svarendur á öllum svæðunum þremur voru sammála um að ferðamenn efli hagkerfið í þeirra heimabyggð, eins og sést á töflu 8. Þannig voru 95% svarenda á Höfn mjög (55%) eða frekar (40%) sammála því að ferðamenn efli hagkerfið, 86% svarenda í Mývatnssveit voru mjög (45%) eða frekar (41%) sammála og 96% svarenda á Siglufirði mjög (49%) eða frekar (47%) sammála. Einungis var marktækur munur milli Hafnar og Siglufjarðar.


Ofangreindar niðurstöður eru í ágætu samræmi við niðurstöður landskönnunnar 2014 en í henni voru þátttakendur beðnir um að meta stöðu ferðapjónustu í efnahagslífi landsins.

⁶ Árið 2014 var spurt: Hvernig metur þú stöðu ferðapjónustu í efnahagslífi landsins

Tafla 8 Ferðamenn efla hagkerfið í minni heimabyggð⁷

	Mjög sammála (5)	Frekar sammála (4)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar ósammála (2)	Mjög ósammála (1)	Fjöldi svara	Meðaltal**
Alls	50%	43%	3%	3%	1%	618	4,39
Siglufjörður	49%	47%	2%	2%	0%	256	4,42
Mývatnssveit	45%	41%	4%	7%	3%	123	4,16
Höfn	55%	40%	2%	3%	0%	239	4,46
Landskönnun 2014	53%	43%	2%	2%	0%	1130	4,47

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001 ; *** = p < 0,001



Langflestir svarendur á svæðunum þremur voru sammála fullyrðingunni „ferðamenn efla verslun í minni heimabyggð“, eins og sjá má í töflu 9. Lítinn mun er að sjá milli svæðanna en meðaltöl fullyrðinganna fyrir öll þrjú svæðin eru nokkuð há, frá 4,16 á Siglufirði upp í 4,40 á Höfn sem gefur til kynna að einhugur sé á meðal íbúa á þessum þremur svæðum hvað varðar mikilvægi ferðamanna fyrir verslun á svæðunum. Marktækur munur var á svörum íbúa á Höfn og Siglufirði.

Í landskönnun 2014 voru þátttakendur beðnir um taka afstöðu til fullyrðingarinnar „ferðamenn efla verslun í landinu“. Aftur má greina blæbrigðamun í framsetningu fullyrðingarinnar, þar sem í landskönnun var spurt um verslun á landsvísu en að þessu


⁷ Í landskönnun 2014 var spurt: Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Ferðamenn efla hagkerfið

sinni var einblínt á heimabyggð svarenda. En hvort heldur sem er, þá má sjá í töflu 9 að munur á svörum milli landskönnunar 2014 og svæðanna þriggja er afar lítil.

Tafla 9 Ferðamenn efla verslun í minni heimabyggð⁸

	Mjög sammála (5)	Frekar sammála (4)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar ósammála (2)	Mjög ósammála (1)	Fjöldi svara	Meðaltal*
Alls	52%	35%	5%	7%	1%	630	4,28
Siglufjörður	42%	43%	5%	7%	2%	261	4,16
Mývatnssveit	56%	30%	3%	9%	2%	128	4,30
Höfn	59%	29%	5%	6%	1%	241	4,40
Landskönnun 2014	49%	44%	2%	5%	1%	1133	4,38

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001; *** = p < 0,001



Skiptar skoðanir voru á því hvort þjónusta á svæðunum þremur væri frekar miðuð að ferðamönnum heldur en heimamönnum (tafla 10). Meirihluti svarenda í Mývatnssveit (54%) var þeirrar skoðunar að þjónusta væri frekar miðuð að ferðamönnum heldur en heimamönnum. Fimmtungur svarenda í Mývatnssveit var frekar ósammála þessari fullyrðingu og annar fimmtungur tók hvorki afstöðu með eða á móti. Svarendur á Siglufirði töldu síður en svarendur í Mývatnssveit þjónustuna frekar vera miðaða að ferðamönnum heldur en heimamönnum. Marktækur munur var á svörum milli svæðanna tveggja. Á Höfn skiptust svarendur í jafn stóra hópa, þar sem annar


⁸ Í landskönnun 2014 var spurt: Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Ferðamenn efla verslun í landinu

hópurinn taldi þjónustu á svæðinu vera frekar miðaða að ferðamönnum heldur en heimamönnum en hinn hópurinn var ósammála því.

Tafla 10 Þjónusta á svæðinu er frekar miðuð að ferðamönnum heldur en heimamönnum

	Mjög sammála (5)	Frekar sammála (4)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar ósammála (2)	Mjög ósammála (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	11%	23%	17%	35%	13%	627	2,86
Siglufjörður	3%	16%	16%	44%	21%	262	2,36
Mývatnssveit	18%	36%	20%	22%	3%	127	3,44
Höfn	17%	25%	17%	33%	8%	238	3,10

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001 ; *** = p < 0,001




Allir hópar voru sammála um að ferðaþjónusta auki fjölbreytni í atvinnulífinu (tafla 11) og lítil dreifing á svörum. Hæsta meðaltal fullyrðingarinnar var hjá svarendum á Siglufirði en lægst í Mývatnssveit. Einungis mældist marktækur munur á svörum milli Siglufjarðar og hinna svæðanna tveggja.

Tafla 11 Ferðapjónusta eykur fjölbreytni í atvinnulífinu hér á svæðinu

	Mjög sammála (5)	Frekar sammála (4)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar ósammála (2)	Mjög ósammála (1)	Fjöldi svara	Meðaltal**
Alls	48%	41%	4%	6%	2%	625	4,27
Siglufjörður	53%	42%	2%	3%	1%	258	4,44
Mývatnssveit	43%	42%	5%	5%	5%	128	4,13
Höfn	45%	38%	5%	9%	2%	239	4,15

* = p < 0,05 ≥ 0,01; **=p < 0,01 ≥ 0,001 ; ***=p < 0,001




Sjá má á töflu 12 að flestir svarendur voru sammála um að ferðapjónustan skapi heilsárs störf í þeirra samfélagi. Siglufirskir svarendur voru flestir mjög (44%) eða frekar (46%) sammála og svarendur á Höfn voru einnig flestir mjög (32%) eða frekar (47%) sammála fullyrðingunni. Meðaltal svara var þó lægst á Höfn eða 3,92 en það skýrist af því að 13% svarenda voru frekar ósammála fullyrðingunni. Marktækur munur reyndist vera á svörum milli Hafnar og Siglufjarðar annars vegar og Mývatnssveitar og Siglufjarðar hins vegar. Ekki var marktækur munur á svörum milli Hafnar og Mývatnssveitar.

Tafla 12 Ferðapjónustan skapar heilsárs störf hér í samfélaginu

	Mjög sammála (5)	Frekar sammála (4)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar ósammála (2)	Mjög ósammála (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	37%	48%	5%	8%	2%	625	4,10
Siglufjörður	44%	46%	5%	5%	1%	260	4,28
Mývatnssveit	32%	55%	3%	7%	2%	127	4,08
Höfn	32%	47%	5%	13%	3%	238	3,92

* = $p < 0,05 \geq 0,01$; **= $p < 0,01 \geq 0,001$; ***= $p < 0,001$




Áhrif ferðamanna á náttúru

Fjórar spurningar snéru að viðhorfum íbúa til áhrifa ferðamanna á náttúru landsins. Sömu spurningar voru einnig lagðar fyrir í landskönnun haustið 2014. Fyrsta spurningin snéri að því hvort ferðamenn kenndu okkur að meta eigið land (tafla 13).

Tafla 13 Ferðamenn kenna okkur að meta eigið land

	Mjög sammála (5)	Frekar sammála (4)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar ósammála (2)	Mjög ósammála (1)	Fjöldi svara	Meðaltal**
Alls	19%	47%	11%	17%	6%	621	3,56
Siglufjörður	25%	52%	10%	10%	3%	261	3,84
Mývatnssveit	15%	42%	11%	22%	9%	125	3,33
Höfn	15%	43%	12%	21%	9%	235	3,36
Landskönnun 2014	21%	46%	5%	21%	7%	1137	3,53

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001; *** = p < 0,001



Á töflunni hér að ofan má sjá að almennt eru langflestir svarenda frekar sammála eða mjög sammála fullyrðingunni um að ferðamenn kenni okkur að meta eigið land. Þó má greina nokkurn mun á milli svæða, einkum ef meðaltöl fullyrðinganna fyrir svæðin eru skoðuð. Þar kemur í ljós að svarendur á Siglufirði eru jákvæðastir í garð fullyrðingarinnar, með meðaltalið 3,84. Svarendur á Höfn og í Mývatnssveit virðast ekki vera eins jákvæðir og með meðaltal nær þremur. Þessi munur á milli Siglufjarðar og hinna svæðanna tveggja er marktækur. Munur á svörum íbúa í Mývatnssveit og Höfn er ekki marktækur.

Í landskönnun 2014 var sama fullyrðing sett fram og voru niðurstöðurnar svipaðar og nú, þannig var þorri svarenda mjög (21%) eða frekar sammála (46%) en um þriðjungur mjög eða frekar ósammála (28%).


Í annarri spurningu var spurt hvort fólk væri sammála fullyrðingunni um að ferðamenn spilli náttúrunni. Eins og kemur fram í töflu 14 voru skoðanir skiptar um þetta atriði. Marktækur munur var á svörum svarenda á Siglufirði og á hinum svæðunum tveimur.

Íbúar á Siglufirði eru þannig líklegri til að vera frekar eða mjög ósammála því að ferðamenn spilli náttúrunni en svarendur í Mývatnssveit og á Höfn eru líklegri til að vera mjög eða frekar sammála fullyrðingunni. Í heild er lítil munur á svörum íbúa á svæðunum þremur samanborið við svörin úr landskönnun 2014 en hlutfallslega fleiri tóku afgerandi afstöðu í landskönnuninni.

Tafla 14 Ferðamenn spilla náttúrunni

	Mjög sammála (5)	Frekar sammála (4)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar ósammála (2)	Mjög ósammála (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	9%	36%	20%	28%	8%	628	3,10
Siglufjörður	5%	31%	18%	35%	12%	260	2,84
Mývatnssveit	11%	38%	20%	25%	5%	128	3,24
Höfn	12%	40%	21%	22%	5%	240	3,31
Landskönnun 2014	10%	37%	11%	33%	9%	1118	3,06

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001; *** = p < 0,001




Í þriðju spurningunni var spurt hversu sammála svarendur væru fullyrðingunni um að ferðamenn stuðli að bættu aðgengi að náttúrunni (tafla 15).

Tafla 15 Ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúrunni

	Mjög sammála (5)	Frekar sammála (4)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar ósammála (2)	Mjög ósammála (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	11%	44%	13%	25%	7%	607	3,10
Siglufjörður	14%	49%	15%	17%	5%	254	2,84
Mývatnssveit	9%	45%	10%	27%	9%	128	3,24
Höfn	9%	39%	12%	32%	8%	225	3,31
Landskönnun 2014	14%	47%	9%	24%	6%	1097	3,39

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001 ; *** = p < 0,001



Flestir voru þeirrar skoðunar að ferðamenn stuðluðu að bættu aðgengi að náttúrunni, þá einkum íbúar á Siglufirði og í Mývatnssveit. Svarendur á Siglufirði voru marktækt líklegri til að vera mjög sammála (14%) eða frekar sammála (49%) því að ferðamenn stuðli að bættu aðgengi að náttúrunni en svarendur á hinum stöðunum tveimur. Skoðanir íbúa á Höfn virðast vera skiptari, þar sem svör þeirra skiptast nokkurn veginn til helminga sammála/ósammála en munurinn milli Mývatnssveitar og Hafnar reyndist ekki marktækur.

Í landskönnun 2014 var spurt hvort fólk teldi að ferðamenn stuðluðu að bættu aðgengi að náttúru landsins. Skoðanir reyndust nokkuð skiptar en ívíð fleiri voru á því að ferðamenn stuðli að bættu aðgengi.

Í fjórðu og síðustu spurningunni sem varðaði áhrif á náttúru, var spurt hvort ferðamenn spilli upplifun af náttúrunni. Eins og sjá má á töflu 16 eru meðaltöl fullyrðingar allra svæða undir þremur, sem þýðir að svarendur eru frekar ósammála því að ferðamenn spilli upplifun af náttúrunni. Svarendur úr Mývatnssveit virðast þó skera sig örlítið úr. Þeir hafa skiptari skoðanir á því hvort ferðamenn spilli upplifun af náttúrunni og skiptast svör þeirra nánast jafnt í þrennt; frekar sammála (28%), frekar


ósammála (33%) og hvorki/né (26%). Marktækur munur er á svörum milli Siglufjarðar og Mývatnssveitar. Íbúar á Siglufirði eru þannig líklegri til að vera frekar eða mjög ósammála því í að ferðamenn spilli upplifun af náttúrunni en íbúar í Mývatnssveit.

Í landskönnun 2014 töldu tveir þriðju hluti svarenda ferðamenn ekki spilla upplifun af náttúrunni.

Tafla 16 Ferðamenn spilla upplifun af náttúrunni

	Mjög sammála (5)	Frekar sammála (4)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar ósammála (2)	Mjög ósammála (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	5%	22%	14%	42%	16%	614	2,57
Siglufjörður	3%	16%	11%	47%	22%	255	2,30
Mývatnssveit	6%	28%	26%	33%	6%	124	2,95
Höfn	6%	26%	12%	41%	15%	235	2,67
Landskönnun 2014	6%	17%	7%	47%	23%	1106	2,36

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001; *** = p < 0,001



Áhrif ferðapjónustu og ferðamennsku á samfélagið

Átta spurningar um áhrif ferðapjónustu á samfélag voru lagðar fyrir í könnuninni. Tvær þessara spurninga voru í landskönnun 2014 en hinar sex eru nýjar. Önnur spurningin, sem var endurtekin úr landskönnun 2014, varðaði áhrif ferðamanna á lífsgæði íbúa. Hin spurningin snéri að takmörkunum á aðgengi þjónustu vegna ferðamanna.


Fyrsta fullyrðingin um áhrif ferðapjónustunnar á samfélagið snéri að því hvort ferðamenn valdi meira ónæði í daglegu lífi íbúanna en áður (tafla 17). Marktækur munur var á svörum milli svæða sem gefur til kynna að íbúar svæðanna finni misjafnlega mikið fyrir ónæði af völdum ferðamanna eftir því hvaða samfélagi þeir

tilheyr. Langflestir svarendur á Siglufirði voru mjög (46%) eða frekar (37%) ósammála því að ferðamenn valdi meira ónæði í þeirra daglega lífi en áður á meðan flestir svarendur í Mývatnssveit voru mjög (23%) eða frekar (37%) sammála. Íbúar á Höfn reyndust vera á báðum áttum. Þrír af hverjum tíu íbúum Hafnar töldu sig hafa orðið fyrir meira ónæði en sex af hverjum tíu töldu sig ekki verða fyrir meira ónæði í sínu daglega lífi en áður.

Tafla 17 Ferðamenn valda meira ónæði í mínu daglega lífi en áður

	Mjög sammála (5)	Frekar sammála (4)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar ósammála (2)	Mjög ósammála (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	10%	18%	9%	33%	30%	632	2,45
Siglufjörður	2%	8%	7%	37%	46%	265	1,83
Mývatnssveit	23%	37%	10%	23%	7%	126	3,46
Höfn	11%	20%	10%	35%	24%	241	2,60

* = $p < 0,05 \geq 0,01$; ** = $p < 0,01 \geq 0,001$; *** = $p < 0,001$




Eins og sjá má í töflu 18 voru nær allir íbúar svæðanna þriggja stoltir af því að ferðamenn vilji koma og heimsækja þeirra heimabyggð. Langflestir á Siglufirði (99%) voru sammála fullyrðingunni og var meðaltal fullyrðingarinnar fyrir Siglufjörð mjög hátt eða 4,80. Marktækur munur er á svörum Siglufirðinga í samanburði við hin tvö svæðin. Meðaltöl fullyrðingarinnar fyrir hin tvö svæðin eru einnig mjög há en enginn marktækur munur mældist á svörum íbúa á Höfn og í Mývatnssveit.

Tafla 18 Ég er stolt(ur) af því að ferðamenn vilji koma og heimsækja mína heimabyggð

	Mjög sammála (5)	Frekar sammála (4)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar ósammála (2)	Mjög ósammála (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	67%	28%	3%	2%	1%	634	4,59
Siglufjörður	82%	17%	0%	1%	0%	265	4,80
Mývatnssveit	53%	35%	6%	5%	1%	127	4,35
Höfn	57%	37%	3%	1%	1%	242	4,48

* = p < 0,05 ≥ 0,01; **=p < 0,01 ≥ 0,001 ; ***=p < 0,001




Þegar spurt var hvort það myndi engu breyta fyrir samfélagið ef ferðamenn myndu hætta að koma, kom í ljós að nær öllum svarendum þótti það breyta stöðunni (tafla 19). Heil 98% svarenda í Mývatnssveit, 96% á Siglufirði og 98% á Höfn voru ósammála (þar af 74%-77% mjög ósammála) því að það myndi engu breyta fyrir samfélagið ef ferðamenn myndu hætta að koma. Enginn marktækur munur var á svörum milli svæða.

Tafla 19 Það myndi engu breyta fyrir samfélagið þó ferðamenn myndu hætta að koma hingað

	Mjög sammála (5)	Frekar sammála (4)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar ósammála (2)	Mjög ósammála (1)	Fjöldi svara	Meðaltal
Alls	1%	1%	1%	22%	75%	632	1,35
Siglufjörður	2%	1%	1%	22%	74%	263	1,28
Mývatnssveit	0%	2%	1%	22%	76%	128	1,28
Höfn	1%	1%	0%	21%	77%	241	1,31

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001 ; *** = p < 0,001




Flestir svarendur á Siglufirði og í Mývatnssveit töldu að ferðaþjónustan hafi jákvæð áhrif á búsetuskilyrði í þeirra heimabyggð (tafla 20). Meðaltal fullyrðingarinnar fyrir Siglufjörð er mjög hátt, 4,21 enda voru 86% íbúa frekar sammála (44%) eða mjög sammála (42%) fullyrðingunni. Meðaltal fullyrðingarinnar fyrir Mývatnssveit var einnig nokkuð hátt, 3,83 og 74% voru sammála fullyrðingunni. Skoðanir meðal íbúa á Höfn voru töluvert skiptari og skiptust svörin nokkuð jafnt með (46%) og á móti (43%). Marktækur munur reyndist vera á svörum milli allra svæðanna þriggja.

Tafla 20 Ferðapjónustan hefur jákvæð áhrif á búsetuskilyrði hér á svæðinu

	Mjög sammála (5)	Frekar sammála (4)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar ósammála (2)	Mjög ósammála (1)	Fjöldi svara	Meðaltal**
Alls	31%	38%	10%	13%	9%	619	3,68
Siglufjörður	42%	44%	8%	5%	1%	257	4,21
Mývatnssveit	30%	44%	10%	10%	6%	125	3,83
Höfn	19%	27%	12%	23%	20%	237	3,02

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001; *** = p < 0,001




Nær allir (97%) aðspurðir á Höfn voru sammála því að skortur væri á íbúðarhúsnæði vegna aukinna umsvifa í ferðapjónustu (sjá töflu 21). Svipað var uppi á teningnum í Mývatnssveit, þar sem 97% svarenda töldu að skortur væri á íbúðarhúsnæði. Ekki var marktækur munur á niðurstöðum í Mývatnssveit og á Höfn. Íbúar á Siglufirði virtust ekki finna fyrir sama skorti á íbúðarhúsnæði og á hinum stöðunum en þó voru 6 af hverjum 10 sammála fullyrðingunni. Marktækur munur er á viðhorfum íbúa á Siglufirði og á hinum svæðunum tveimur. Íbúar á Höfn og í Mývatnssveit voru því líklegri en íbúar á Siglufirði til að vera sammála fullyrðingunni um að aukin umsvif ferðapjónustu valdi skorti á íbúðarhúsnæði.

Tafla 21 Vegna aukinna umsvífa í ferðapjónustu er skortur á íbúðarhúsnæði á svæðinu

	Mjög sammála (5)	Frekar sammála (4)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar ósammála (2)	Mjög ósammála (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	55%	27%	5%	10%	3%	621	4,20
Siglufjörður	24%	36%	9%	24%	7%	254	3,45
Mývatnssveit	73%	24%	2%	2%	0%	126	4,68
Höfn	78%	19%	2%	1%	0%	241	4,74

* = $p < 0,05$; $\geq 0,01$; **= $p < 0,01$; $\geq 0,001$; ***= $p < 0,001$




Þegar spurt var um það hvort það væri neikvætt að starfsfólk í ferðapjónustu væri á svæðinu tímabundið kom í ljós að 7 af hverjum 10 svarendum í Mývatnssveit voru sammála þeirri fullyrðingu (sjá töflu 22). Tæp 60% svarenda á Höfn töldu sömuleiðis að tímabundin vera starfsfólks í ferðapjónustu á svæðinu væri neikvæð. Skiptari skoðanir voru á Siglufirði. Skiptust svör þeirra nokkuð jafnt í þrjá hópa; þá sem voru frekar sammála (29%), þá sem voru frekar ósammála (28%) og þá sem tóku hvorki afstöðu með né á móti (22%). Marktækur munur var á svörum milli allra svæðanna þriggja.

Tafla 22 Það er neikvætt að starfsfólk í ferðaþjónustu er hér bara tímabundið

	Mjög sammála (5)	Frekar sammála (4)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar ósammála (2)	Mjög ósammála (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	15%	35%	18%	23%	10%	590	3,24
Siglufjörður	5%	29%	22%	28%	16%	238	2,80
Mývatnssveit	33%	38%	12%	12%	5%	125	3,82
Höfn	17%	39%	16%	22%	6%	227	3,37

* = $p < 0,05 \geq 0,01$; **= $p < 0,01 \geq 0,001$; ***= $p < 0,001$




Skiptar skoðanir voru á því hvort ferðamenn takmarki aðgengi annarra að þjónustu. Sjá má í töflu 23 að siglufirskir svarendur voru frekar (46%) eða mjög (33) ósammála því að ferðamenn takmarki aðgengi annarra að þjónustu í þeirra heimabyggð. Svarendur í Mývatnssveit voru hins vegar á öndverðum meiði en sex af hverjum 10 töldu að ferðamenn takmarki aðgengi annarra að þjónustu í þeirra heimabyggð. Annar hver íbúi á Höfn taldi ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í sinni heimabyggð. Þó voru einnig hópar fólks, bæði í Mývatnssveit (30%) og á Höfn (41%), sem voru ósammála fullyrðingunni. Marktækur munur mældist á svörum milli svæðanna þriggja.

Í landskönnun 2014 var spurt hvort ferðamenn takmarki aðgengi annarra að þjónustu, en ekki var spurt um stöðuna í heimabyggð. Orðalag spurningarinnar í landskönnun var því heldur almennara. Sjá má á töflu 23 að dreifing svaranna er tiltölulega ólík þeirri sem var fyrir svæðin þrjú. Þannig voru langflestir frekar (52%) eða mjög (20%) ósammála því að ferðamenn takmarki aðgengi annarra að þjónustu en einungis 22% voru sammála.

Tafla 23 Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í minni heimabyggð

	Mjög sammála (5)	Frekar sammála (4)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar ósammála (2)	Mjög ósammála (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	12%	25%	8%	34%	21%	628	2,74
Siglufjörður	2%	11%	8%	46%	33%	261	2,04
Mývatnssveit	28%	32%	10%	24%	6%	126	3,51
Höfn	15%	36%	7%	26%	15%	241	3,09
Landskönnun 2014	5%	17%	6%	52%	20%	1095	2,35






* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001 ; *** = p < 0,001



Áhrif ferðamanna á lífsgæði heimamanna

Þegar áhrif ferðamanna á lífsgæði heimamanna voru könnuð kom í ljós að flestir þátttakendur könnunarinnar voru þeirrar skoðunar að ferðamennirnir hefðu áhrif á lífsgæði (tafla 24). Sjö af hverjum tíu svarendum í Mývatnssveit og sex af hverjum tíu á Siglufirði og á Höfn töldu ferðamenn hafa áhrif á lífsgæði sín. Munurinn á milli svæða reyndist afar lítill. Ef þetta er borið saman við niðurstöður úr landskönnun 2014 kemur áhugaverður viðsnúningur í ljós, þar sem langflestir svarendur töldu ferðamenn ekki hafa áhrif á lífsgæði sín.

Tafla 24 Telur þú að ferðamenn í þínu sveitarfélagi hafi áhrif á lífsgæði þín?



	Já	Nei	Fjöldi svara	Já*
Alls	62%	38%	606	 62%
Siglufjörður	62%	38%	258	 62%
Mývatnssveit	70%	30%	125	 70%
Höfn	57%	43%	223	 57%
<i>Landskönnun 2014</i>	28%	72%	1114	 28%

* = $p < 0,05$; $\geq 0,01$; ** = $p < 0,01$; $\geq 0,001$; *** = $p < 0,001$

0% 50% 100%

Þeir sem svöruðu því játandi að ferðamenn hefðu áhrif á lífsgæði voru einnig spurðir hvort þeir teldu lífsgæðin batna eða versna. Sjá má á töflu 25 að í flestum tilfellum töldu svarendur lífsgæðin batna. Sama var upp á teningnum í landskönnuninni 2014 en þá töldu langflestir lífsgæði sín hafa batnað. Líkt og búast mátti við voru þeir sem störfuðu við ferðaþjónustu á svæðunum þremur líklegri til þess að telja ferðamenn bæta lífsgæði sín (94%) fremur en þeir sem ekki starfa við ferðaþjónustu (83%). Að sama skapi töldu 12% þeirra sem ekki störfuðu við ferðaþjónustu að lífsgæði þeirra versni vegna ferðamanna en aðeins þrjú prósent þeirra sem starfa við ferðaþjónustu.

Tafla 25 Hvort telur þú að lífsgæði þín batni eða versni?



Áhrif á skipulag og innviði

Fjórar fullyrðingar varðandi áhrif ferðapjónustu og ferðamennsku á skipulag og innviði voru lagðar í dóm svarenda. Þar að auki voru svarendur beðnir um að leggja mat á ástand tilgreindra innviða ferðapjónustu í þeirra heimabyggð. Ekki var spurt út í skipulag og innviði í landskönnuninni 2014 og er því hér um nýjar spurningar að ræða sem ekki er hægt að bera saman við fyrri kannanir.


Fyrsta fullyrðingin snéri að nýbyggingum í ferðapjónustu og hvort þær falli vel að umhverfinu í heimahéraði svarenda. Eins og sjá má í töflu 26 voru svarendur almennt sammála því að nýbyggingar í ferðapjónustu falli vel að umhverfinu. Dreifing svaranna er mjög lítil, einkum fyrir Siglufjörð og Höfn. Nær allir íbúar á Siglufirði (97%) voru mjög eða frekar sammála því að nýjar byggingar í ferðapjónustu á svæðinu falli vel að umhverfinu. Einnig má sjá að meðaltal fullyrðinga fyrir Siglufjörð er einstaklega hátt, 4,71. Svarendur á Höfn voru einnig mjög ánægðir en alls voru 81% svarenda mjög eða frekar sammála fullyrðingunni. Einnig var töluverð ánægja í Mývatnssveit en hún

virðist hún vera nokkuð minni en á hinum svæðunum tveimur. Marktækur munur er á svörum milli allra svæðanna þriggja.

Tafla 26 Nýjar byggingar sem byggðar hafa verið í ferðapjónustu á svæðinu falla vel að umhverfinu

	Mjög sammála (5)	Frekar sammála (4)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar ósammála (2)	Mjög ósammála (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	46%	37%	9%	6%	2%	609	4,20
Siglufjörður	75%	22%	2%	1%	0%	259	4,71
Mývatnssveit	15%	43%	18%	17%	7%	123	3,41
Höfn	30%	51%	13%	5%	1%	227	4,04

* = p < 0,05 ≥ 0,01; **=p < 0,01 ≥ 0,001 ; ***=p < 0,001




Næst voru svarendur beðnir um að leggja mat sitt á það hvort almannapjónusta (t.d. heilbrigðisþjónusta, lögregla og slökkvilið) í sveitarfélaginu réði vel við núverandi fjölda ferðamanna á svæðinu (sjá töflu 27). Svarendur í Mývatnssveit voru flestir frekar (43%) eða mjög ósammála (35%) og var meðaltal fullyrðingarinnar fyrir Mývatnssveit aðeins 2,08. Svipaða sögu var að segja frá Höfn, þar sem rúmlega helmingur svarenda taldi almannapjónustu í sveitarfélaginu ekki ráða vel við núverandi fjölda ferðamanna. Marktækur munur er á svörum milli svæðanna þriggja og voru mývetnskir svarendur líklegri til að vera ósammála fullyrðingunni en svarendur frá Siglufirði og á Höfn. Jafnari dreifingu má sjá í svörum íbúa á Siglufirði en þó voru ívið fleiri þeirra skoðunar að almannapjónusta í sveitarfélaginu ráði ekki vel við núverandi fjölda ferðamanna.

Tafla 27 Almannaþjónusta í sveitarfélaginu ræður vel við núverandi fjölda ferðamanna

	Mjög sammála (5)	Frekar sammála (4)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar ósammála (2)	Mjög ósammála (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	11%	28%	8%	32%	21%	575	2,77
Siglufjörður	19%	36%	9%	26%	11%	242	3,26
Mývatnssveit	3%	15%	5%	43%	35%	120	2,08
Höfn	8%	27%	9%	32%	24%	213	2,62

* = p < 0,05 ≥ 0,01; **=p < 0,01 ≥ 0,001 ; ***=p < 0,001




Í þriðju spurningunni voru svarendur beðnir að segja til um hvort þeir væru sammála eða ósammála því að ferðaþjónusta fylgi umferð sem trúfli aðra atvinnustarfsemi á svæðinu (sjá töflu 28). Skiptar skoðanir voru um þessa spurningu meðal svarenda í Mývatnssveit en svör þeirra skiptast nokkuð jafnt milli flokkanna sammála og ósammála. Svör íbúa á Siglufirði og Höfn voru nokkuð svipuð, þar sem svarendur á þessum svæðum voru oftast ósammála því að ferðaþjónusta fylgi umferð sem trúfli aðra atvinnustarfsemi á svæðinu.

Tafla 28 Ferðapjónustu fylgir umferð sem truflar aðra atvinnustarfsemi á svæðinu

	Mjög sammála (5)	Frekar sammála (4)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar ósammála (2)	Mjög ósammála (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	10%	21%	9%	43%	17%	609	2,64
Siglufjörður	5%	15%	8%	50%	22%	259	2,31
Mývatnssveit	18%	29%	12%	33%	7%	123	3,17
Höfn	12%	22%	8%	41%	16%	227	2,73

* = $p < 0,05$ $\geq 0,01$; ** = $p < 0,01$ $\geq 0,001$; *** = $p < 0,001$




Í fjórðu spurningunni, sem snéri að skipulagi og innviðum, var spurt hve sammála svarendur væru fullyrðingunni að þeirra heimabyggð gæti ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður (tafla 29). Skiptar skoðanir voru á þessu og má greina marktækan mun milli svæða á svörunum. Svarendur í Mývatnssveit voru marktækt líklegri en svarendur á hinum svæðunum tveimur til þess að vera mjög (46%) eða frekar (24%) sammála því að þeirra heimabyggð gæti ekki tekið á móti fleiri ferðamönnum miðað við núverandi ástæður. Meðaltal fullyrðinga fyrir Mývatnssveit var auk þess nokkuð hátt eða 3,93. Svarendur á Höfn voru einnig flestir mjög (21%) eða frekar (35%) sammála því að þeirra heimabyggð gæti ekki tekið á móti fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður en tæpur þriðjungur svarenda var frekar ósammála. Siglufirskir svarendur voru marktækt í meira mæli ósammála fullyrðingunni samanborið við svör íbúa hinna tveggja svæðanna en rúm 80% voru ósammála. Má því telja líklegt að svarendur á Siglufirði telji að þeirra heimabyggð geti tekið á móti fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður.

Tafla 29 Mín heimabyggð getur ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður

	Mjög sammála (5)	Frekar sammála (4)	Hvorki sammála né ósammála (3)	Frekar ósammála (2)	Mjög ósammála (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	19%	22%	7%	33%	20%	604	2,87
Siglufjörður	4%	9%	6%	43%	38%	254	1,96
Mývatnssveit	46%	24%	9%	17%	4%	127	3,93
Höfn	21%	35%	6%	30%	9%	223	3,30

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001 ; *** = p < 0,001



Mat á ástandi innviða ferðapjónustu


Þátttakendur spurningakönnunarinnar voru beðnir um að leggja mat sitt á ástand tiltekinna innviða í ferðapjónustu í þeirra heimabyggð. Alls sjö atriði, sem telja má til innviða, voru nefnd og voru svarendur beðnir um að meta ástand þeirra á fimm punkta kvarða frá mjög góðu yfir í mjög slæmt.

Fyrst voru þátttakendur spurðir út í ástand vegakerfis í þeirra heimabyggð. Sjá má á töflu 30 að langflestir svarendur á öllum svæðunum þremur töldu ástand vegakerfisins vera slæmt. Sjá má að meðaltöl fullyrðinga fyrir hvert svæði eru mjög lág, allt frá 0,89 á Höfn og yfir í 1,15 á Siglufirði.

Tafla 30 Ástand innviða: Vegakerfi

	Mjög gott (5)	Frekar gott (4)	Hvorki gott né slæmt (3)	Frekar slæmt (2)	Mjög slæmt (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	3%	15%	16%	39%	27%	629	1,10
Siglufjörður	6%	22%	23%	33%	16%	262	1,15
Mývatnssveit	0%	17%	17%	47%	20%	127	0,97
Höfn	1%	6%	9%	41%	44%	240	0,89

* = p < 0,05 ≥ 0,01; **=p < 0,01 ≥ 0,001 ; ***=p < 0,001




Skiptar skoðanir voru á ástandi almenningssamgangna í heimabyggðum svarenda (sjá töflu 31). Svarhlutfall milli möguleikanna „frekar gott“, „hvorki gott né slæmt“ og „frekar slæmt“ var nokkuð jafnt fyrir hvert og eitt svæði.

Tafla 31 Ástand innviða: Almenningsamgöngur

	Mjög gott (5)	Frekar gott (4)	Hvorki gott né slæmt (3)	Frekar slæmt (2)	Mjög slæmt (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	7%	34%	24%	26%	9%	594	3,04
Siglufjörður	10%	33%	25%	27%	4%	250	3,18
Mývatnssveit	3%	29%	22%	27%	19%	114	2,68
Höfn	5%	38%	24%	24%	8%	230	3,07

* = $p < 0,05$ $\geq 0,01$; **= $p < 0,01$ $\geq 0,001$; ***= $p < 0,001$




Ástand bílastæða (tafla 32) var alls staðar talið vera undir meðallagi en sýnu verst er staðan þó í Mývatnssveit þar sem 73% töldu ástand bílastæða vera frekar eða mjög slæmt. Marktækur munur á svörum mældist milli Siglufjarðar annars vegar og Hafnar og Mývatnssveitar hins vegar. Ekki reyndist marktækur munur á svörum milli Siglufjarðar og Hafnar.

Tafla 32 Ástand innviða: Bílastæði

	Mjög gott (5)	Frekar gott (4)	Hvorki gott né slæmt (3)	Frekar slæmt (2)	Mjög slæmt (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	4%	24%	18%	42%	12%	626	2,64
Siglufjörður	5%	25%	17%	42%	11%	262	2,73
Mývatnssveit	1%	8%	18%	47%	26%	127	2,10
Höfn	3%	31%	20%	40%	7%	237	2,84

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001 ; *** = p < 0,001




Þegar spurt var um ástand skilta og merkinga í heimabyggðum svarenda (tafla 33) kom í ljós að íbúar á Siglufirði og á Höfn virtust vera á báðum áttum. Þannig flokkuðust svörin nokkuð jafnt milli þriggja svarmöguleika og íbúar mátu ástandið sem frekar gott, frekar slæmt eða þeir tóku ekki afstöðu. Enginn marktækur munur mældist á svörum milli þessara tveggja staða. Rúmlega 60% svarenda í Mývatnssveit töldu ástand skilta og merkinga vera slæmt en 20% tóku ekki afstöðu. Munur á svörum íbúa í Mývatnssveit samanborið við hin tvö svæðin var marktækur. Það má því segja að íbúar í Mývatnssveit voru líklegri til að vera þeirrar skoðunar að ástand skilta og merkinga sé slæmt.

Tafla 33 Ástand innviða: Skilti og merkingar

	Mjög gott (5)	Frekar gott (4)	Hvorki gott né slæmt (3)	Frekar slæmt (2)	Mjög slæmt (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	6%	29%	23%	36%	7%	613	2,92
Siglufjörður	10%	32%	23%	30%	5%	258	3,13
Mývatnssveit	1%	17%	20%	52%	10%	122	2,48
Höfn	4%	31%	24%	33%	7%	233	2,91

* = p < 0,05 ≥ 0,01; **=p < 0,01 ≥ 0,001 ; ***=p < 0,001




Þegar spurt var út í ástand göngustíga og gönguleiða í heimabyggðum svarenda kom í ljós að svarendur á Höfn voru langánægðastir (sjá töflu 34). Alls 78% svarenda á Höfn töldu ástand göngustíga og gönguleiða vera gott. Rúmur helmingur svarenda á Siglufirði taldi ástand göngustíga og gönguleiða vera gott en 20% töldu það vera frekar slæmt. Íbúar í Mývatnssveit voru ekki eins ánægðir en tæp 60% sögðu ástandið slæmt. Marktækur munur mældist á svörum milli allra svæðanna þriggja.

Tafla 34 Ástand innviða: Göngustígar og gönguleiðir

	Mjög gott (5)	Frekar gott (4)	Hvorki gott né slæmt (3)	Frekar slæmt (2)	Mjög slæmt (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	17%	40%	17%	19%	7%	603	3,41
Siglufjörður	14%	40%	21%	20%	5%	258	3,38
Mývatnssveit	2%	23%	16%	36%	22%	121	2,47
Höfn	29%	49%	13%	8%	1%	224	3,97

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001 ; *** = p < 0,001




Að mati svarenda á öllum svæðum var ástand fjarskiptasambands (þar með talið net- og farsímasamband) mjög (32%) eða frekar (47%) gott eins og sjá má í töflu 35. Niðurstöður fyrir öll svæði eru afar líkar og var enginn marktækur munur á svörum milli svæðanna.

Tafla 35 Ástand innviða: Fjarskipti

	Mjög gott (5)	Frekar gott (4)	Hvorki gott né slæmt (3)	Frekar slæmt (2)	Mjög slæmt(1)	Fjöldi svara	Meðaltal
Alls	32%	47%	11%	8%	3%	615	3,98
Siglufjörður	36%	43%	9%	10%	2%	260	4,00
Mývatnssveit	31%	55%	7%	5%	2%	121	4,07
Höfn	28%	47%	15%	7%	3%	234	3,90

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001 ; *** = p < 0,001




Staðan á ástandi almenningssalerna var að mati svarenda almennt slæm (sjá töflu 36). Svarendur í Mývatnssveit og á Höfn töldu ástandið sýnu verra en svarendur á Siglufirði. Meðaltal fullyrðinga fyrir Mývatnssveit og Höfn er nokkuð lágt, eða um 1,5. Enginn marktækur munur mældist á svörum milli Mývatnssveitar og Hafnar en marktækur munur var á milli þessara svæða og Siglufjarðar.

Tafla 36 Ástand innviða: Almenningsalerni

	Mjög gott (5)	Frekar gott (4)	Hvorki gott né slæmt (3)	Frekar slæmt (2)	Mjög slæmt (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	2%	6%	9%	35%	48%	602	1,79
Siglufjörður	4%	11%	17%	43%	25%	248	2,25
Mývatnssveit	0%	5%	6%	27%	62%	125	1,53
Höfn	0%	2%	3%	31%	65%	229	1,43

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001 ; *** = p < 0,001



Að lokum gafst svarendum kostur á að nefna fleiri innviði ef þeir vildu. Nokkrir svarendur nýttu þetta tækifæri. Flest þeirra atriða sem voru nefnd var eitthvað sem að mati svarenda mætti bæta. Ekki var mögulegt að færa þau svör í tölfræðilegt form. Siglufirskir svarendur nefndu 27 atriði. Flest þeirra (7) snérust um tjaldsvæði sem ýmist mætti færa, stækka og/eða laga. Því næst var verslun nefnd, alls fimm sinnum. Sum svörin snéru að stærri matvöruverslun eða meira úrvali. Að auki var kallað eftir betri löggæslu, lengri opnunartímum, fleiri bílastæðum og skiltum á fleiri tungumálum en íslensku svo fátt eitt sé nefnt.

Íbúar í Mývatnssveit nefndu 23 atriði sem snéru að öðrum innviðum. Nær öll snérust þau um skort á aðstöðu fyrir ferðamenn við náttúrustaði, skort á göngu-og/eða hjólastígum við Mývatn eða skort á upplýsingagjöf til ferðamanna .

Íbúar á Höfn nefndu 16 atriði um aðra innviði og voru þau jafn mismunandi og þau voru mörg. Helst var skortur á ýmiss konar aðstöðu nefndur, s.s. skortur á hreinlætisaðstöðu, gististöðum (fleiri hótél) og áningarstöðum. Einnig voru einbreiðar brýr nefndar, að umferð væri of mikil og að skortur væri á fasteignum fyrir íbúa þar sem allt væri orðið að heimagistingum fyrir ferðamenn.

Framtíð ferðaþjónustunnar

Tvær spurningar snéru að framtíð ferðaþjónustunnar. Niðurstöður beggja spurninga er að hluta til hægt að bera saman við niðurstöður landskönnunar 2014. Í fyrri spurningunni voru svarendur beðnir um að leggja mat á hvort uppbygging ferðaþjónustu í þeirra heimabyggð væri í takt við fjölgun ferðamanna.


Eins og sjá má í töflu 37 töldu flestir svarendur á Höfn og í Mývatnssveit uppbyggingu í ferðaþjónustu vera heldur hæga. Munurinn milli þessara tveggja svæða er ekki marktækur. Ekki er að sjá að mikill munur sé á svörum íbúa í Mývatnssveit og á Höfn samanborið við landskönnun 2014⁹. Hins vegar taldi meirihluti svarenda á Siglufirði, eða 80%, uppbyggingu vera í takt við fjölgun ferðamanna. Þessi munur á svörum á Siglufirði er marktækur samanborið við hin svæðin. Þannig voru íbúar á Siglufirði líklegri en íbúar á hinum tveimur svæðunum til að telja uppbyggingu í ferðaþjónustu í takt við fjölgun ferðamanna.

⁹ Í landskönnun 2014 var einn aukavalmöguleiki, þ.e. „uppbygging er misjöfn (mishæg eða –hröð) milli landshluta“. 5% svarenda í landskönnun völdu þennan valmöguleika. Í umfjöllun um þessa spurningu hér fyrir ofan var þessum svörum sleppt fyrir samanburðar sakir.

Tafla 37 Hvað finnst þér um uppbyggingu ferðaþjónustu í þinni heimabyggð miðað við fjölgun ferðamanna?





	Hún er allt of hröð (5)	Hún er heldur hröð (4)	Uppbygging er í takt við fjölgun ferðamanna (3)	Hún er heldur hæg (2)	Hún er allt of hæg (1)	Fjöldi svara	Meðaltal***
Alls	3%	9%	49%	28%	12%	616	2,75
Siglufjörður	0%	5%	80%	15%	0%	258	2,97
Mývatnssveit	7%	10%	21%	34%	29%	122	2,52
Höfn	4%	12%	30%	39%	15%	236	2,61
<i>Landskönnun 2014</i>	4%	10%	24%	33%	30%	1036	2,26

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001 ; *** = p < 0,001



Hins vegar var spurt hvort sveitarfélagið hafi skýra framtíðarsýn fyrir ferðaþjónustu á svæðinu. Sjá má á töflu 38 að um það bil helmingur svarenda á Siglufirði taldi sitt sveitarfélag hafa skýra framtíðarsýn fyrir ferðaþjónustu en meirihluti svarenda á Höfn og í Mývatnssveit taldi sveitarfélagið skorta skýra sýn. Um það bil fimmtungur svarenda á öllum svæðunum þremur taldi framtíðarsýnina einungis vera skýra að hluta til. Í landskönnun 2014 var spurt hvort hið opinbera hefði skýra framtíðarsýn fyrir íslenska ferðaþjónustu. Þrír af hverjum fjórum svarendum í landskönnun töldu hið opinbera ekki hafa skýra framtíðarsýn fyrir íslenska ferðaþjónustu.

Tafla 38 Telur þú að sveitarfélagið hafi skýra framtíðarsýn fyrir ferðaþjónustu á svæðinu?

	Já	Að hluta til	Nei	Fjöldi svara	Já/ að hluta til***
Alls	34%	20%	46%	560	 54%
Siglufjörður	48%	20%	32%	229	 68%
Mývatnssveit	19%	21%	60%	119	 40%
Höfn	27%	19%	54%	212	 46%

* = p < 0,05 ≥ 0,01; **=p < 0,01 ≥ 0,001 ; ***=p < 0,001

0% 50% 100%

NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNAR

Ljóst er að ferðamennska og ferðaþjónusta hefur ýmiss konar áhrif á samfélög. Á grundvelli niðurstaðna liggur skýrt fyrir að ferðamennska og ferðaþjónusta hefur sett mark sitt á samfélögin þrjú, bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt. Mörg atriði eru sameiginleg með svæðunum þremur og einnig í takti við fyrri rannsóknir. En í öðrum tilvikum sýna niðurstöður rannsóknarinnar töluverðan mun á milli svæðanna.

Það sem samfélögin eiga sammerkt

Heilt yfir telja íbúar svæðanna þriggja að ferðamenn séu upp til hópa gott og kurteist fólk. Þeir urðu oft varir við ferðamenn á förnum vegi, einkum yfir sumartímann. Ef orðaskipti áttu sér stað var það yfirleitt ef fólk skiptist á kveðjum á förnum vegi eða þegar íbúar veittu upplýsingar ef ferðamenn báru sig eftir þeim. Heimamönnum var annt um öryggi ferðamanna og vildu ekki að þeir færu sér að voða. Þessar niðurstöður stemma vel við rannsókn ferðamáladeildar Háskólans á Hólum, sem gerð var í fjórum sveitarfélögum árið 2015 (Guðrún Helgadóttir o.fl., 2016).

Það kom skýrt fram að fólk var ekki í neinum vafa um efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir samfélagið. Samstaða var um að ferðaþjónustan og ferðamennirnir hafi glætt samfélögin lífi og að ferðamenn efli bæði verslun og hagkerfi. Mikil eining var um að ferðaþjónustan skapi störf í samfélaginu og að það myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir samfélagið ef ferðamenn myndu hætta að koma.

Flestir telja að ferðamenn kenni okkur að meta eigið land og að ferðamenn stuðli að bættu aðgengi að náttúrunni. Þetta rímar ágætlega við niðurstöður úr landskönnunni 2014. Engu að síður var fólk á því að ferðamenn spilli náttúrunni þó svo þeir væru þeirrar skoðunar að ferðamenn spilli ekki upplifun af náttúrunni.

Samfélögin áttu einnig það sameiginlegt að íbúarnir voru mjög stoltir yfir því að ferðamenn vildu koma og heimsækja þeirra heimabyggð. Þar að auki voru flestir þeirrar skoðunar að ferðamennirnir hefðu bætandi áhrif á lífsgæði þeirra í viðkomandi sveitarfélagi. Þetta er einkar athyglisvert í ljósi þess að í könnun á viðhorfum Íslendinga haustið 2014 leiddi í ljós að meirihluti landsmanna taldi ferðamenn ekki hafa áhrif á

lífsgæði sín (Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2015). Ekkert í gögnunum skýrir þennan mikla mun milli þessara tveggja kannana og er því þörf á að skoða betur þátt lífsgæða íbúa og þýðingu þeirra í áhrifum ferðaþjónustu og ferðamanna innan samfélags. Vel má vera að aukinn fjöldi ferðamanna spili hér inn í, þar sem ferðamönnum á landsvísu hefur fjölgað ört síðan landskönnunin var gerð árið 2014. Hugsanlega má þó einnig álykta á grundvelli annarra niðurstaðna úr símakönnuninni sem og viðtölum að smærri samfélög, sem eru áfangastaðir ferðamanna og íbúar því í mikilli návist við ferðamenskunna, finni meira á eigin skinni fyrir ferðamenskunni heldur en þýðið „landsmenn allir“.

Mat á ástandi innviða í ferðaþjónustu í heimabyggð var svipað í öllum samfélögum þremur. Ástand almenningssalerna og vegakerfis fengu falleinkunn í öllum samfélögum sem kemur ef til vill ekki mikið á óvart í ljósi umræðunnar hér á landi. Bílastæðamálum var einnig ábótavant en ástand fjarskiptasambands var hins vegar alls staðar í góðum málum.

Lengra ná sameiginlegar niðurstöður milli þessara þriggja samfélaga ekki en þegar rýnt er í þau atriði sem greina svæðin að teiknast upp áhugaverð mynd af samspili ferðaþjónustu og samfélags á svæðunum þremur.

Siglufjörður – samfélagsleg sátt

Á Siglufirði virðist ríkja góð sátt milli íbúa og ferðaþjónustunnar og engin augljós hættumerki í sjónmáli. Töluverð ánægja skein þar í gegn bæði með heimsóknir ferðamanna þangað sem og ferðaþjónustuna sem er í boði bænum. Íbúar höfðu mikinn áhuga á ferðamönnum í bænum og voru ánægðir með þann áhuga sem ferðamenn hafa sýnt þeim. Íbúar sögðust ekki finna fyrir auknu ónæði í daglegu lífi af völdum ferðamanna svæðinu og töldu þeir að almennt væru íbúar á Siglufirði samtaka í því að bjóða góða þjónustu og gott viðmót.

Menn töldu fjölda ferðamanna vera hæfilegan á sumrin en heldur fáa á öðrum árstímum. Niðurstöður símakönnunar leiddu í ljós að íbúar á Siglufirði voru líklegri til að þykja fjöldi ferðamanna á sumrin vera hæfilegur samanborið við hin svæðin tvö. Þá

voru svarendur á Siglufirði einnig líklegri til að telja ferðamenn heldur fáa á öðrum árstímum en aðrir svarendur.

Aukinn straumur ferðamanna til bæjarins virtist hafa blásið nýju lífi í samfélagið, bætt búsetuskilyrðin á svæðinu og aukið almenna bjartsýni meðal íbúanna. Þá kom fram í viðtölunum að fjölgun ferðamanna á Siglufirði hefði haft í för með sér aukið framboð á ýmiss konar þjónustu sem bætti bæði lífsgæði íbúanna og bæjarbraginn. Símakönnun leiddi í ljós að heimamenn töldu ekki að þessi þjónusta væri aðeins miðuð að ferðamönnum heldur nytu heimamenn góðs af henni líka. Áhrifin af lengri opnunartíma bakarísins á bæjarlífið var nefnt sem gott dæmi um þetta.

Niðurstöður gáfu til kynna að íbúar væru almennt sáttir við þær umbætur sem hafa orðið á bænum undanfarin ár. Ljóst er að vel hefur tekist til varðandi nýbyggingar í ferðaþjónustu í augum íbúa Siglufjarðar og telja þeir að þær falli vel að umhverfinu. Opnun Héðinsfjarðargangna var lýst sem vítamínsprautu á samfélagið og að henni hefðu fylgt aukin tækifæri í ferðaþjónustu. Einnig hafi almenn bjartsýni íbúanna aukist. Það kom skýrt fram í viðtölunum að íbúum var enn í fersku minni deyfðin í samfélaginu áður en göngin komu til og hafði enginn áhuga á því að hverfa aftur til fortíðar.

Það virðist ríkja jafnvægi milli uppbyggingar ferðaþjónustu og fjölgunar ferðamanna á Siglufirði. Íbúarnir töldu uppbyggingu í ferðaþjónustu vera í takti við fjölgun ferðamanna á svæðinu. Svör Siglufirðinga um þetta skáru sig verulega úr samanborið við svör annarra sem og við landskönnun 2014 þar sem viðhorfin voru á annan veg. Einnig töldu Siglufirðingar framtíðarsýn sveitarfélagsins í ferðaþjónustu vera nokkuð skýra. Skiptar skoðanir voru hins vegar á því hvort almannaðjónusta í sveitarfélaginu réði vel við núverandi fjölda ferðamanna en þó voru ívið fleiri þeirrar skoðunar að svo væri. Ólíkt svarendum af hinum svæðunum tveimur töldu Siglufirðingar að vel væri hægt að taka á móti fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður. Í viðtölunum slógu heimamenn engu að síður varnagla; ganga þyrfti varlega til verks svo að sérstaða bæjarins, sem meðal annars fælist í fámenni og rólegheitum samfélagsins, glataðist ekki.

Mývatnssveit – viðvörunarljósinn loga!

Frásagnir íbúa í Mývatnssveit benda til þess að ferðamennskan sé farin að reyna á þolrif íbúanna, þó svo þeir væru almennt velviljaðir í garð ferðamannanna sjálfra. Í viðtölunum greindu heimamenn frá því að þeir hittu og mættu ferðamönnum út um allt. Símakönnunin staðfesti þetta en þar kom fram að heimamenn í Mývatnssveit hittu ferðamenn töluvert oft – mun oftar en heimamenn á hinum tveimur svæðunum. Þrátt fyrir það voru samskipti almennt í lágmarki. Símakönnunin staðfesti að ferðamenn valdi þó meiru ónæði í daglegu lífi heimamanna en áður. Það er því nokkuð ljóst að heimamenn finna fyrir meira álagi sem fylgir auknum fjölda ferðamanna. Fjöldi ferðamanna er talsvert mikill í Mývatnssveit á sumrin og nú er svo komið að flestir íbúa telja þá vera of marga. Álagið virtist vera minna á öðrum árstímum, þar sem heimamönnum þótti fjöldi ferðamanna vera hæfilegri.

En þrátt fyrir þetta töldu Mývetningar ferðaþjónustuna vera undirstöðuáttvinnuveg á svæðinu. Fram kom í viðtölum að æ fleiri íbúar hafi heilsársatvinnu í ferðaþjónustu; heilsársstörfin væru líklega ekki færri en hafi verið í Kísiliðjunni hér á árum áður. Niðurstöður símakönnunarinnar staðfesta þetta mat heimamanna á að ferðaþjónustan skapi heilsárs störf í samfélaginu. Samhliða þessu töldu íbúar Mývatnssveitar ferðaþjónustu hafa jákvæð áhrif á búsetuskilyrði á svæðinu og að lífsgæði hefðu batnað. Nefnt var að ungt fólk væri aftur farið að flytja til Mývatnssveitar sem hefði þótt óhugsandi fyrir stuttu síðan. Dæmi voru tekin af uppbyggingu og grósku innan samfélagsins svo sem byggingu nýrra einbýlishúsa, nýrrar heilsugæslu auk þess sem leikskólinn væri fullsetinn. Skiptar skoðanir voru um hvort aukinn fjöldi ferðamanna hefði áhrif á aðra þjónustu á svæðinu. Símakönnun benti til þess að íbúar í Mývatnssveit væru marktækt líklegri en íbúar á Höfn og Siglufirði að telja þjónustu á svæðinu frekar vera miðaða að ferðamönnum heldur en heimamönnum. Önnur viðhorf komu hins vegar fram í viðtölunum þar sem nefnt var að enn væri í boði þjónusta (svo sem sameiginleg afgreiðsla pósts og sparisjóðs) í sveitinni sem líklega væri löngu farin úr samfélaginu ef ekki væri fyrir ferðamennina.

Á grunni niðurstaðna er með engu móti hægt að halda því fram að heimamönnum sé uppsigað við ferðamenn eða dvöl þeirra í Mývatnssveit. Þvert á móti héldu viðmælendur því fram í viðtölunum að íbúar væru almennt jákvæðir í garð ferðamanna

og að þeir vilji ekki missa þá. Engu að síður er ljóst að íbúarnir eru margir hverjir orðnir þreyttir. Ástand innviða ferðaþjónustu, vanhirða þeirra, skortur á uppbyggingu og í sumum tilfellum úrræðaleysi ollu heimamönnum áhyggjum. Sama máli gegndi um vaxandi álag á almannþjónustu í sveitarfélaginu sem réði ekki við núverandi fjölda ferðamanna. Niðurstöður benda til þess að íbúar hafa áhyggjur af ferðamönnunum, öryggi þeirra og í sumum tilfellum upplýsingagjöf. Einnig höfðu þeir áhyggjur af álagi á náttúru og umhverfi miðað við þann fjölda sem sækir svæðið heim. Ástand vegakerfis, bílastæðamála, almenningssalerna, skilta og merkinga var slæmt að mati heimamanna. Allir aðrir innviðir sem Mývetningar nefndu í símakönnun snérust um skort á aðstöðu fyrir ferðamenn við náttúrustaði, skort á stígum við Mývatn og skort á upplýsingagjöf til ferðamenn. Það kom einnig á daginn að íbúar í Mývatnssveit voru marktækt líklegri en íbúar á hinum tveimur svæðunum til að telja að þeirra heimabyggð geti ekki tekið á móti fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður.

Þessi sömu viðhorf kristölluðust einnig í viðtölunum. Þar ræddu viðmælendur meðal annars um verslunina á staðnum, biðraðir, yfirfull bílastæði og skort á stæðum sem verður meðal annars til þess að ekki er alltaf pláss fyrir heimamenn. Hafa þeir reynt með ýmsum ráðum að aðlagast breyttum aðstæðum og í sumum tilfellum að forðast þá staði þar sem búast má við miklu fjölmenni. En einn alvarlegasti vandinn sem viðmælendum var tíðrætt um var þó úrræðaleysið. Í mörgum tilfellum var vandinn tengdur þeim þröngu skorðum sem sveitarfélaginu eru settar til að afla tekna af ferðaþjónustunni. Þrátt fyrir að fólk væri þeirrar skoðunar að ferðamenn efli hagkerfi þá hafði það verulegar áhyggjur af því að sveitarfélagið fái ekki tekjur í samræmi við ferðaþjónustuna sem er á svæðinu og fjöldann sem kemur. Vegna þessa var kurr í fólki sem birtist í viðtölunum þar sem fólk taldi að ákveðinn fjöldi/hópur ferðamanna komi á svæðið í dagsferðir og kaupir litla sem enga þjónustu. Þar fyrir utan höfðu viðmælendur áhyggjur af því að sveitarfélagið fengi ekki sitt útsvar eða fasteignaskatta úr ferðaþjónustu í samræmi við það sem er í boði á svæðinu. Það stæði sveitarfélaginu fyrir þrifum. Sumum íbúum þótti sveitarfélagið ekki hafa bolmagn til að standa eitt í uppbyggingu og viðhaldi innviða ferðaþjónustu og fyrri tilraunir hafi verið vanmáttugar. Þótti heimamönnum það vera sanngirnismál að sveitarfélagið fengi eitthvað fyrir sinn snúð til að byggja upp ekki aðeins innviði í ferðaþjónustu heldur einnig til þess að styrkja samfélag heimamanna.

Niðurstöðurnar benda til þess að íbúar í Mývatnssveit séu uggandi yfir framtíðinni ef ferðamönnum heldur áfram að fjölga þar sem ástand innviða sé þegar sprungið. Flestir töldu sveitafélagið skorta skýra framtíðarsýn fyrir ferðaþjónustu á svæðinu. Í viðtölunum kom fram að brýnt er að ráðast í umfangsmiklar umbætur svo sem malbikun og lagningu stíga, umbætur í frárennslismálum, sorphirðu og svona mætti telja áfram.

Höfn í Hornafirði – Heimamönnum úthýst!

Fjölgun ferðamanna, einkum erlendra, á undanförnum misserum hefur ekki farið framhjá íbúum á Höfn og það liggur ljóst fyrir að íbúarnir verða töluvert varir við þá. Sumarið 2015 höfðu flestir svarendur á Höfn átt í einhverjum samskiptum við ferðamenn í hverri viku. Viðtölin leiddu í ljós að þó svo samskiptin væru bæði á jákvæða og kurteisa vísu væru þau nær alltaf á yfirborðinu. Heimamenn gefa ferðamönnum gaum og þeir telja sig vita eitt og annað um þá síðarnefndu og hvað þeir taki sér fyrir hendur á svæðinu. Það var samdóma álit allra viðmælenda að ferðamenn væru gott og kurteist fólk sem fátt væri út á að setja.

Í viðtölunum kom fram að fólki fannst að ferðamönnum hefði hefði fjölgað hratt bæði að vetri og að sumri og því þætti jafnvel nóg um. Þetta staðfesti símakönnunin en þar kom fram að heimamenn telja fjöldann yfir sumartímann vera orðinn of mikinn en meiri sátt var um fjöldann á öðrum árstímum. Í viðtölunum komu þó fram áhyggjur um aukinn fjölda ferðamanna yfir veturinn. Niðurstöðurnar benda til þess, að líkt og í Mývatnssveit, sýni íbúarnir umhyggju í garð ferðamanna en að áhyggjur þeirra beinist frekar að innviðum og ferðaþjónustunni. Þessi umhyggja kom vel fram í viðtölunum til dæmis í umræðum um öryggi ferðamanna í vályndum veðrum á veturna og um það hvort ferðamenn fái misvísandi eða hugsanlega rangar upplýsingar þegar þeir beri sig eftir þeim. Flestir íbúanna voru þeirrar skoðunar að uppbygging í ferðaþjónustu væri heldur eða of hæg en einnig var nokkuð stór hópur þeirrar skoðunar að uppbyggingin væri í takti við fjölgun ferðamanna. Sumir innviðir fá falleinkunn en mesta óánægjan var með ástand vegakerfisins. Einnig var talið að almannaðjónusta ráði ekki vel við núverandi fjölda ferðamanna. Ástand bílastæða, almenningsgangna, skilta og merkinga var metin í eða rétt undir meðallagi. Best þótti íbúum ástandið á

gönguleiðum og stígum á svæðinu og voru íbúar á Höfn langánægðasti hópurinn í símakönnuninni með þann þátt.

Íbúar á Höfn voru almennt sammála um mikinn hagrænan ávinning af ferðaþjónustu fyrir samfélagið. Ferðaþjónustan þykir þannig bæði atvinnuskapandi og til þess fallin að auka fjölbreytni í atvinnulífinu. Ekki var einungis staldrað við beinan hagrænan ávinning af þjónustu við ferðamenn heldur bentu viðmælendur á Höfn einnig á áhrif aukinnar ferðaþjónustu á grósku í öðrum atvinnugreinum s.s. byggingariðnaði, aðfangaflutningum, annarri þjónustu og fleira. Viðtölin bentu til þess að samhliða mikilli grósku í atvinnulífi og ferðaþjónustu væri töluverður skortur á vinnuafli á svæðinu. Til að mæta þessum skorti ráði atvinnurekendur til sín erlent vinnuafli sem sjaldan ílengist á svæðinu. Ekki var talið að erlent starfsfólk hafi áhrif á samfélagið; það vinni mjög mikið, hafi lítil sem engin samskipti við íbúana og þekkist varla úr ferðamannafjöldanum.

Sumar niðurstöður símakönnunarinnar voru ekki afgerandi þar sem svör íbúanna spönnuðu nokkra breidd. Má leiða að því líkur að afstaða íbúa sé nokkuð blendin með tilliti til þess hvaða áhrif ferðaþjónustan og ferðamennskan hefur á samfélagið. Í vissum atriðum skiptust íbúar í tvær nánast jafnstórar fylkingar með og á móti án þess þó að augljósar skýringar á því mætti finna í bakgrunnsbreytum svarenda. Sem dæmi voru skiptar skoðanir meðal íbúa um það hvort þeir yrðu fyrir meira ónæði af völdum ferðamanna dagsdaglega en áður. Sömuleiðis voru íbúar á báðum áttum með það hvort ferðaþjónustan hafi jákvæð áhrif á búsetuskilyrði á svæðinu. Þá voru skoðanir einnig skiptar meðal íbúa um það hvort þjónusta á svæðinu væri frekar miðuð að ferðamönnum en heimamönnum og eins um það hvort ferðamenn takmarki aðgengi annarra í heimabyggðinni. Einnig voru deildar meiningar meðal íbúa um það hvort heimabyggð þeirra geti tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður, hvort uppbygging í ferðaþjónustu væri í takt við fjölgun ferðamanna og hvort sveitarfélagið hafi skýra framtíðarsýn fyrir ferðaþjónustu.

Ferðamennskan virðist á sumum sviðum vera farin að reyna á þolrif íbúanna á Höfn. Í viðtölunum komu fram mörg dæmi um það hvernig íbúar hefðu reynt að aðlaga sig breyttum aðstæðum í samfélaginu. Vöruþurrð og langar biðraðir í matvöruversluninni

á svæðinu var eitt þeirra vandamála sem kom upp í mörgum viðtölum og vakti nokkra gremju en því var einnig lýst hvernig íbúar höfðu reynt að koma sínum venjum í breyttan farveg til að koma í veg fyrir slíkar upplifanir. Annað vandamál sem kom upp í viðtölunum var að á sama tíma og næga atvinnu er að fá virðist erfitt að fá nýtt fólk og nýjar fjölskyldur til að flytja til Hafnar. Nær allir íbúar á Höfn voru sammála því að skortur væri á íbúðarhúsnæði vegna aukinna umsvifa í ferðaþjónustu. Viðtölin leiddu í ljós að ferðaþjónustufyrirtæki, einkum í gistiþjónustu, þrengdu að fjölskyldufólki sem vilji flytja til Hafnar eða hafa þar fasta búsetu. Stendur þessi húsnæðisvandi samfélaginu á Höfn fyrir þrifum. Heimamenn höfðu verulegar áhyggjur af húsnæðismálum og að skortur á húsnæði í bænum til kaups eða leigu væri stórt vandamál fyrir samfélagið. Greindu viðmælendur frá því að á Höfn þurfi venjulegar fjölskyldur að keppast við fyrirtæki um þær fáu fasteignir sem koma á markað. Þessi samkeppni væri ósanngjörn þar sem fyrirtækin hefðu fjárhagslegri yfirburði til fasteignakaupa. Þar að auki væri byggingakostnaður of hár fyrir almenning og fjölskyldur ættu erfitt með að taka slaginn við ferðaþjónustufyrirtækin á sama markaði með íbúðarhúsin. Viðtölin leiddu í ljós þá skoðun heimamanna að gistiþjónusta á borð við heimagistingu ætti ekki heima í íbúðahverfum. Flestir viðmælendur á Höfn höfðu á einhverjum tímapunkti fundið fyrir þreytu hjá sjálfum sér og í samfélaginu á ónæði vegna heima- og íbúðagistingar. Slík starfsemi raski samfélagsmynstrinu þegar stöðugt er nýtt fólk að koma og fara í ákveðin hús með tilheyrandi ónæði í stað þess að þar fái fólk að festa þar rætur.

UMRÆÐUR OG LOKAORÐ

Þessi rannsókn gefur vísbendingar um að þegar kemur að samfélagslegum áhrifum ferðamennsku og ferðaþjónustu geta mismunandi þættir skipt samfélög máli. Tiltekinn þáttur getur haft ólík áhrif frá einu samfélagi til annars og þar spila inn í aðstæður, saga og menning á hverjum stað fyrir sig. Áhrif af völdum ferðaþjónustu og ferðamennsku á samfélag heimamanna eru ekki alltaf augljós og þau geta verið fljót að breytast. Áhrifin geta virst einstaklingsbundin, birst í tilvísunum í einhvern sérstakan áhrifaþátt – eitthvað sem skiptir viðkomandi einstakling máli. Það getur svo endurspeglast í hugsunum, hegðun eða orðfari til dæmis gagnvart ferðamönnum eða ferðaþjónustu.

Með rannsókninni hefur verið svarað ýmsum spurningum um hvernig sakir stóðu í viðkomandi samfélögum á þeim tíma sem rannsóknin var gerð. En niðurstöðurnar vöktu einnig ýmsar spurningar. Í niðurstöðunum má finna svör sem gætu virst í mótsögn við niðurstöður annarra spurninga. Dæmi um það eru að á sama tíma og heimamenn í Mývatnssveit og á Höfn finna fyrir batnandi lífsgæðum og stolti yfir heimsóknum ferðamanna á svæðið eru einnig ákveðnar vísbendingar um undirliggjandi óánægju. Nauðsynlegt er að rannsaka betur þessi tengsl lífsgæða og stolts á viðhorf heimamanna. Annað dæmi um slíka mótsögn er að finna á Höfn. Í viðtölunum kom fram að viðmælendur töldu erlent starfsfólk ekki hafa nein teljandi áhrif á samfélagið þar sem það fólk sé í rauninni varla hluti af samfélagi heimamanna en meirihluti svarenda í símakönnuninni taldi það neikvætt að starfsfólk í ferðaþjónustu væri tímabundið á svæðinu. Þetta bendir til þess að mikilvægt sé að skoða betur viðhorf íbúa til erlends vinnuafis í ferðaþjónustunni og hvaða þættir móta þau viðhorf. Þessi tvö dæmi undirstrika þá staðreynd að viðhorf eru flókin og áhrifin geta verið djúpstæð.

Þrátt fyrir að rannsóknin hafi vakið margar spurningar er hún einnig ákveðinn hitamælir á stöðu mála á þessum þremur svæðum. Þetta er mikilvægt í ljósi þess að til skamms tíma hefur innsýn inn í viðhorf heimamanna gagnvart ferðamennsku og ferðaþjónustu verið afar takmörkuð hér á landi. Það er því brýnt að halda áfram reglubundnum rannsóknum bæði á landsvísu og svæðisbundið svo betur verði tryggt að uppbygging ferðaþjónustu á Íslandi verði samfélagslega samþykkt; vöruþróun og

stefna er ekki einkamál atvinnugreinarinnar. Með öðrum orðum, félagsleg sjálfbærni ferðapjónustu til lengri tíma byggir á ríkri meðvitund um það með hvaða hætti ferðapjónusta geti eflt og styrkt byggð og samfélag.

HEIMILDIR

Aníta Elefsen (2016). Skemmtiferðaskip á Norðurlandi. Erindi á Samgönguþingi Markaðsstofu Norðurlands. Menningarhúsið Hof, Akureyri, 17. febrúar.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (2015). Vegvísir í ferðapjónustu. Reykjavík: Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðapjónustunnar.

Edward H. Huijbens og Eyrún Jenný Bjarnadóttir (2015). Viðhorf Íslendinga til ferðafólks og ferðapjónustu. Greining könnunar meðal Íslendinga í október 2014. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Edward H. Huijbens og Kristinn Berg Gunnarsson (2014). Skemmtiferðaskip við Ísland. Úttekt á áhrifum. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Arnar Þór Jóhannesson (2016). Áhrif ferðapjónustu og ferðamennsku á einstök samfélög. Niðurstöður símakönnunar á Höfn, Mývatnssveit og Siglufirði 2016. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Ferðamálastofa (2011) Ferðalög Íslendinga 2010 og ferðaáform þeirra 2011. Reykjavík: MMR.

Ferðamálastofa (2012) Ferðalög Íslendinga 2011 og ferðaáform þeirra 2012. Reykjavík: MMR.

Ferðamálastofa (2013) Ferðalög Íslendinga 2012 og ferðaáform þeirra 2013. Reykjavík: MMR.

Ferðamálastofa (2014) Ferðalög Íslendinga 2013 og ferðaáform þeirra 2014. Reykjavík: MMR.

Ferðamálastofa (2015) Ferðalög Íslendinga 2014 og ferðaáform þeirra 2015. Reykjavík: MMR.

Ferðamálastofa (2016) Ferðalög Íslendinga 2015 og ferðaáform þeirra 2016. Reykjavík: MMR.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands (2014). Viðhorf Íslendinga til ferðapjónustu. Unnið fyrir Ferðamálastofu. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Guðrún Helgadóttir, Anna Vilborg Einarsdóttir, Jóhanna María Elena Matthíasdóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Georgette Leah Burns (2016). Félagsleg áhrif ferðamennsku og ferðapjónustu. Reykjavík: Ferðamálastofa.

Hagstofa Íslands (2016). Mannfjöldi eftir póstnúmerum, kyni og aldri 1998-2016. http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdakjarnarhverfi/MAN03200.px/. Síðast skoðað 15. desember 2016.

Kristján Ólafsson og Oddný Þóra Óladóttir (2013). Þörfin fyrir rannsóknir í íslenskrri ferðapjónustu. Greining hagsmunaaðila. Reykjavík: Ferðamálastofa.

Lilja Rögnvaldsdóttir (2016a). Umfang og áhrif erlendra ferðamanna á Höfn í Hornafirði 2015: Niðurstöður spurningakönnunar meðal erlendra gesta á Höfn í Hornafirði sumarið 2015. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Lilja Rögnvaldsdóttir (2016b). Umfang og áhrif erlendra ferðamanna á Siglufirði 2015: Niðurstöður spurningakönnunar meðal erlendra gesta á Siglufirði sumarið 2015. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

- Lilja Rögnvaldsdóttir (2016c). Umfang og áhrif erlendra ferðamanna í Mývatnssveit 2015: Niðurstöður spurningakönnunar meðal erlendra gesta í Mývatnssveit sumarið 2015. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Markaðsstofa Suðurlands (án árs). Höfn/Hornafirði. <http://www.south.is/is/south/town/hofn>. Síðast skoðað 15. desember 2016.
- Mývatnssstofa (án árs). Um Mývatnssstofu. <http://www.visitmyvatn.is/is/um-myvatnssveit/um-mytvatnssstofu>. Síðast skoðað 5. janúar 2017.
- Rögnvaldur Guðmundsson (2014). Ferðamenn í Fjallabyggð 2004-2013. Hafnarfjörður: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf.
- Rögnvaldur Guðmundsson (2015). Erlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslum 2005-2014. Hafnarfjörður: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf.
- Rögnvaldur Guðmundsson (2016). Erlendir ferðamenn í Austur-Skaftafellssýslu og að stöðum þar 2004-2015. Hafnarfjörður: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf.
- Siglo.is (án árs). Siglufjörður. <http://www.siglo.is/is/moya/page/siglufjordur>. Síðast skoðað 5. janúar 2017.
- Sigríður K. Þorgrímsdóttir og Halldór V. Kristjánsson (2008). Byggðarlög með viðvarandi fólksfækkun. Sauðárkrókur: Byggðastofnun.
- Síldarminjasafn Íslands (2017). Gestir hafa aldrei verið fleiri. <http://www.sild.is/frettir/nr/293>. Síðast skoðað 5. janúar 2017.
- Síldarminjasafn Íslands (án árs). Síldarsagan - stutt. <http://www.sild.is/sildarsagan/sildarsagan/>. Síðast skoðað 5. janúar 2017.
- Skútustaðahreppur (án árs-a). Ferðaupplýsingar. <http://www.myv.is/ferdaupplýsingar/>. Síðast skoðað 15. desember 2016.
- Skútustaðahreppur (án árs-b). Um Skútustaðahrepp. <http://www.myv.is/um-skutustadahrepp/>. Síðast skoðað 15. desember 2016.
- Sveitarfélagið Hornafjörður (án árs). Saga Sveitarfélagsins Hornafjarðar. <http://www.hornafjordur.is/mannlif/baerinn/saga-hornafjardar/>. Síðast skoðað 15. desember 2016.
- Umhverfisráðuneytið (2006). Opnun Mývatnssstofu. https://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/Ymislegt_forsida/nr/837. Síðast skoðað 5. janúar 2017.
- Vatnajökulsþjóðgarður (2013). Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs opnar á Höfn í Hornafirði. <http://www.vatnajokulsthjodgardur.is/starfsemi/a-dofinni/nr/744>. Síðast skoðað 15. desember 2016.
- Veðurstofa Íslands (2015). Tíðarfar í ágúst 2015. Stutt yfirlit. Sumarið (júní-ágúst). <http://www.vedur.is/um-vi/frettir/nr/3183#sumarid>. Síðast skoðað 9. september 2016.

Yngvi Ragnar Kristjánsson (2016). Farþegar á skemmtiferðaskipum. Erindi á Samgönguþingi Markaðsstofu Norðurlands. Menningarhúsið Hof, Akureyri, 17. febrúar.

Póroddur Bjarnason og Edward H. Huijbens (2014). Stefna íslenskra stjórnvalda og vöxtur ferðaþjónustu á jaðarsvæðum: Áhrif Héðinsfjarðarganga í Fjallabyggð. Stjórnmal og stjórnsýsla, 10(2), 565-586.

VIÐAUKI 1: VIÐTALSRAMMI

1. Mig langar í upphafi að biðja þig um að segja lauslega frá sjálfri/sjálfum þér (þarna fáum við fram t.d. upplýsingar um atvinnu, kannski þarf samt að spyrja nánar út í það, t.d. hvort aðrir fjölskyldumeðlimir hafi atvinnu af ferðapjónustu, hvar fólk býr o.fl.).
2. Hvar og hvenær mætir þú helst ferðafólki í þínu daglega lífi? Hvað er þetta ferðafólk aðallega að gera?
3. Átt þú einhver samskipti við ferðafólkið? Getur þú sagt mér frá dæmigerðum samskiptum sem þú átt við ferðafólk?
4. Tekur þú eftir því hvort ferðafólkið er hér á eigin vegum eða með skipulögðum ferðum? Hvort verður þú meira var við innlent ferðafólk eða erlent? Á hvaða aldri er þetta fólk? Hvernig ferðast það í þínu umhverfi? (Hvað finnst þér um fjölda ferðafólks hérna á svæðinu?)
5. Hvernig finnst þér umgengni ferðafólks vera hér á svæðinu? Er einhver munur á hvort um er að ræða innlent eða erlent ferðafólk? Eru einhverjir staðir (e.t.v. hér í kring) sem ferðamenn eiga kannski ekki heima á? Eru kannski einhverjir staðir sem þeir ættu kannski heima á en eru ekki núna?
6. Finnst þér ferðapjónustan vera mikilvæg atvinnugrein á svæðinu? Á hvaða hátt?
7. Hvað með starfsemi ferðapjónustunnar, verður þú mikið var/vör við hana? (starfsfólkið, reksturinn)
8. Hverjir vinna helst í ferðapjónustu? Hverjir reka þessi fyrirtæki? (Hérna þarf að gera greinamun eftir háönn/utan háannar)
9. Finnur þú fyrir einhverjum breytingum í þínu daglega lífi út af ferðapjónustunni (eða ferðafólki) t.d. miðað við síðustu 5-10 ár? (Breyta viðmælendur eitthvað út af vananum? fiska hér eftir þessu bæði fyrir háönn og utan háannar) (er eitthvað sem þú gerir öðruvísi?)
10. Getur þú sagt mér frá mestu breytingunum sem ferðapjónustan hefur (mögulega) haft á samfélagið – þ.e. að það sé hérna aukin ferðapjónusta? (Það mætti hjálpa til að nefna t.d. 5-10 ár aftur í tímann sem viðmið). Hvaða þætti geturðu nefnt? Hvað heldur þú að skipti samfélagið þitt mestu máli í þessu samhengi?
11. En fyrir þjónustustigið/innviði?
12. Heldur þú að heimamenn nýti sér þjónustu þessara fyrirtækja, gistingu, veitingahús, afþreyingu? (kemur fyrir að þú nýtir þessi fyrirtæki eða einhverjir í þinni fjölskyldu t.d. gestir sem koma til þín?) – hvað er það þá helst?
13. Svona að lokum, segjum svo að það yrðu breytingar á ferðamannastraumnum; hvaða áhrif myndi það hafa í þínu lífi og daglega umhverfi ef það kæmu tvisvar sinnum fleira ferðafólk hérna á sumrin? En á veturna, hvað áhrif hefði það á þig og þitt daglega umhverfi?
14. En ef dæmið snerist við; segjum að ferðafólk hætti að koma hingað?

VIÐAUKI 2: SPURNINGALISTI

1. Spýrill:

2. Nr. þátttakanda

3. Aldur:

4. Kyn

- Karl
 Kona

5. Póstnúmer

6. Þátttaka

- Já
 Nei

7. Hversu oft átt þú samskipti við ferðamenn yfir sumartímann þ.e. á tímabilinu júní, júlí og ágúst? *(Þú samskiptum er átt við atriði eins og að vísa ferðafólki til vegar, svara fyrirspurnum á förnun vegi o.s.frv.)*

- Nánast daglega
 1-3 sinnum í viku
 1-3 sinnum í mánuði
 Sjaldnar en einu sinni í mánuði
 Vil ekki svara

8. Vinsamlega tilgreindu þá fullyrðingu sem lýsir best viðhorfi þínu til fjölda ferðafólks í þinni heimabyggð eftir tímabilum. Svarmöguleikarnir eru:
þeir eru allt of fáir, þeir eru heldur fáir, þeir eru hæfilega margir, þeir eru heldur margir, þeir eru alltof margir.

	þeir eru allt of fáir	þeir eru heldur fáir	þeir eru hæfilega margir	þeir eru heldur margir	þeir eru allt of margir	Veit ekki/ vil ekki svara
Júní, júlí, ágúst	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Sept – okt	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Nóv – mars	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Apríl - maí	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

9. Hvað finnst þér um uppbyggingu ferðapjónustu í þinni heimabyggð miðað við fjölgun ferðamanna?

- Uppbygging er alltof hæg
- Uppbygging er heldur of hæg
- Uppbygging er í takt við fjölgun ferðamanna
- Uppbygging er heldur of hröð
- Uppbygging er alltof hröð
- Veit ekki
- Vil ekki svara

10. Telur þú að sveitarfélagið hafi skýra framtíðarsýn fyrir ferðapjónustu á svæðinu?

- 1. Já
- 2. Að hluta til
- 3. Nei
- 4. Veit ekki
- 5. Vil ekki svara

11. Hvernig metur þú efnahagslegt mikilvægi ferðapjónustu í þínu sveitarfélagi?

- Hún skiptir engu máli
- Hún er léttvæg
- Hún er nokkuð mikilvæg
- Hún er undirstöðuþátturinn
- Veit ekki
- Vil ekki svara

Hér á eftir koma nokkrar fullyrðingar um áhrif ferðamanna í þinni heimabyggð eða almennt á Íslandi. Athugið að ef talað er um þína heimabyggð í spurningunni að þá er átt við Höfn/Mývatnssveit/Siglufjörð. Valmöguleikarnir eru:

Mjög sammála

Frekar sammála

Hvorki sammála né ósammála

Frekar ósammála (eða)

Mjög ósammála

12. Ferðamenn kenna okkur að meta eigið land

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki né
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála
- Veit ekki
- Vil ekki svara

13. Ferðamenn spilla náttúrunni

- Mjög sammála
 - Frekar sammála
 - Hvorki sammála né ósammála
 - Frekar ósammála
 - Mjög ósammála
 - Veit ekki
 - Vil ekki svara
-

14. Ferðamenn stuðla að bættu aðgengi að náttúrunni

- Mjög sammála
 - Frekar sammála
 - Hvorki sammála né ósammála
 - Frekar ósammála
 - Mjög ósammála
 - Veit ekki
 - Vil ekki svara
-

15. Ferðamenn spilla upplifun af náttúrunni

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála
- Veit ekki
- Vil ekki svara

16. Ferðamenn efla hagkerfið í minni heimabyggð

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála
- Veit ekki
- Vil ekki svara

17. Ferðamenn efla verslun í minni heimabyggð

- Mjög sammála
 - Frekar sammála
 - Hvorki sammála né ósammála
 - Frekar ósammála
 - Mjög ósammála
 - Veit ekki
 - Vil ekki svara
-

18. Ferðamenn takmarka aðgengi annarra að þjónustu í minni heimabyggð

- Mjög sammála
 - Frekar sammála
 - Hvorki sammála né ósammála
 - Frekar ósammála
 - Mjög ósammála
 - Veit ekki
 - Vil ekki svara
-

19. Þjónusta á svæðinu er frekar miðuð að ferðamönnum heldur en heimamönnum

- Mjög sammála
 - Frekar sammála
 - Hvorki sammála né ósammála
 - Frekar ósammála
 - Mjög ósammála
 - Veit ekki
 - Vil ekki svara
-

20. Ferðamenn valda meira ónæði í mínu daglega lífi en áður

- Mjög sammála
 - Frekar sammála
 - Hvorki sammála né ósammála
 - Frekar ósammála
 - Mjög ósammála
 - Veit ekki
 - Vil ekki svara
-

21. Ég er stolt(ur) af því að ferðamenn vilja koma og heimsækja mína heimabyggð

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála
- Veit ekki
- Vil ekki svara

22. Það myndi engu breyta fyrir samfélagið þó ferðamenn myndu hætta að koma hingað

- Mjög sammála
 - Frekar sammála
 - Hvorki sammála né ósammála
 - Frekar ósammála
 - Mjög ósammála
 - Veit ekki
 - Vil ekki svara
-

23. Ferðaðþjónustan eykur fjölbreytni í atvinnulífinu hér á svæðin

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála
- Veit ekki
- Vil ekki svara

24. Ferðaðþjónustan hefur jákvæð áhrif á búsetuskilyrði hér á svæðinu

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála
- Veit ekki
- Vil ekki svara

25. Vegna aukinna umsvifa í ferðaðþjónustu er skortur á íbúðarhúsnæði á svæðinu

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála
- Veit ekki
- Vil ekki svara

26. Það er neikvætt að starfsfólk í ferðaþjónustu er hér bara tímabundið

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála
- Veit ekki
- Vil ekki svara

27. Nýjar byggingar sem byggðar hafa verið í ferðaþjónustu á svæðinu falla vel að umhverfinu

- Mjög sammála
 - Frekar sammála
 - Hvorki sammála né ósammála
 - Frekar ósammála
 - Mjög ósammála
 - Veit ekki
 - Vil ekki svara
-

28. Ferðabjónustan skapar heilsárs störf hér í samfélaginu

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála
- Veit ekki
- Vil ekki svara

29. Almannaþjónusta, t.d. heilbrigðisþjónusta, lögregla og slökkvilið, í sveitarfélaginu ræður vel við núverandi fjölda ferðafólks

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála
- Veit ekki
- Vil ekki svara

30. Ferðabjónustu fylgir umferð sem truflar aðra atvinnustarfsemi á svæðinu

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála
- Veit ekki
- Vil ekki svara

31. Mín heimabyggð getur ekki tekið við fleiri ferðamönnum miðað við núverandi aðstæður

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála
- Veit ekki
- Vil ekki svara

32. Telur þú að ferðafólk í þínu sveitarfélagi hafa áhrif á lífsgæði þín?

- Já
- Nei
- Veit ekki
- Vil ekki svara

33. Hvernig þá? Telurðu að lífsgæðin batni eða versni?

- Þau batna
 - Þau versna
 - Veit ekki
 - Vil ekki svara
-

34. Hvernig myndir þú meta ástand eftirfarandi innviða ferðapjónustu í þinni heimabyggð. Heimilt er að bæta við atriðum ef þörf þykir?

	Hvorki gott né						
	Mjög gott	Frekar gott	slæmt	Frekar slæmt	Mjög slæmt	Veit ekki	Vil ekki svara
Vegakerfi	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Almenningssamgöngur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Bílastæði	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Skilti og merkingar	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Göngustígar og gönguleiðir	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Fjarskipti (ef þarf: við meinum net- og farsímasamband oþh)	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Almenningssalerni	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Annað, þá hvað?:	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

Annað (vinsamlegast tilgreinið)

Núna í lokin koma nokkrar bakgrunnsspurningar.

35. Hversu lengi hefur þú búið hér á svæðinu?

- 5 ár eða skemur
- 6-10 ár
- 11-20
- 21-30 ár
- Lengur en 30 ár
- Vil ekki svara

36. Starfar þú við ferðapjónustu?

- Já
- Nei

37. Hvaða hluta ársins starfar þú við ferðaþjónustu? (allt árið eða hluta úr ári? - merktu við allt sem við á)

- Allt árið
- Júní, júlí, ágúst
- September til október
- Nóvember til mars
- Apríl og maí
- Vil ekki svara
- Annað (vinsamlegast tilgreinið)

38. Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu?

- Já
 - Nei
 - Veit ekki
 - Vil ekki svara
-

39. Hefur einhver annar á heimilinu tekjur af ferðamönnum? (allt árið eða hluta úr ári? - merktu við allt sem við á)

- Já, allt árið
- Já, hluta úr ári (vinsamlegast merktu við það sem við á)
- Júní, júlí, ágúst
- September til október
- Nóvember til mars
- Apríl og maí
- Nei
- Vil ekki svara

40. Hvaða menntun hefur þú?

- Grunnskólapróf
- Stúdentspróf eða iðnnám
- Annað starfsnám
- Háskólapróf
- Vil ekki svara
- Annað (vinsamlegast tilgreinið)

41. Hver er staða þín á vinnumarkaði?

- Í launuðu starfi
- Sjálfstætt starfandi
- Í námi
- Vil ekki svara
- Annað (vinsamlegast tilgreinið)

42. Ef haldinn yrði opinn íbúafundur um málefni ferðaþjónustunnar, finnst þér þá líklegt að þú myndir mæta?

- Já
- Nei
- Veit ekki
- Vil ekki svara

43. Er eitthvað að lokum sem þú vilt taka fram sem ekki var spurt um eða þú vilt gera frekari grein fyrir?

Þakka fyrir þáttökuna

44. Nr. þátttakanda



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

Desember 2016